

22 Niðurskurður svína í Kína samsvarar ársframleiðslu á svínakjöti í Evrópu



26–27 Madagaskar – áttunda heimsálfan



28 Sótti ekki um stöðu bæjarstjóra en varð samt bæjarstjóri

# Bændablaðið

11. tölublað 2019 • Fimmtudagur 13. júní • Blað nr. 540 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is

## Fimmtíu og fjórir brautskráðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands



Útskriftarhópur Landbúnaðarháskóla Íslands 2019, en alls voru brautskráðir frá skólanum 54 nemendur að þessu sinni, þar af þrír frá garðyrkjudeildum skólans á Reykjum í Hveragerði. – *Sjá nánar bls. 2* Mynd / Rósa Björk Jónsdóttir

### Aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum, sem byggir á fullyrðingum um losun mýra, virðist í uppnámi:

# Framræst land nú áætlað 70 þúsund hekturum minna en áður var talið

### – miðað við nýja hnitun á skurðakerfi landsins – ítrekað hefur verið bent á skort á rannsóknum og miklar tölfræðiskekkjur

**Framræst land og mýrar, sem hafa verið talin stærsti þátturinn í losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, eru ekki eins umfangsmikil og talið hefur verið. Því standast forsendur og fullyrðingar væntanlega ekki sem gefnar hafa verið út m.a. af ríkisstjórn Íslands um losun mýra. Þær forsendur gera ráð fyrir að framræst land losi um 72% gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.**

Á ráðunautafundi Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) á Hvanneyri síðasta föstudag greindi Jón Guðmundsson, lektor við LbhÍ, frá nýrri hnitun á skurðakerfi landsins, sem ætlað er að meta upp viðbætur á framræstu landi frá fyrri hnitun. Einnig greindi hann frá innleiðingu Vistgerðarkorts Náttúrufræðistofnunar Íslands við mat á framræstu landi. Nú er áætlað að það land sé rúmlega 70 þúsund hektara minna en áður var talið.

Þegar lagt er mat á það hversu mikið tiltekið framræst land losar af kolefni þarf að taka mið bæði af flatarmáli og losun á flatareiningu – áður en það er hægt að reikna það út. Þegar verið var að ræsa fram land voru ekki samhliða gerð nein kort af því landi sem var ræst fram. Hér á landi vantaði því mat á umfangi framræslu sem hægt væri að leggja fram í alþjóðlegu samstarfi um loftslagsmál. Á það ekki bara við um stærð þeirra svæða sem hafa




Jón flytur erindi sitt á ráðunautafundinum á föstudaginn. Mynd / smh

verið framræst, heldur einnig gögn um flokkun jarðvegsgerða þeirra sem Þóroddur Sveinsson, lektor við LbhÍ, fjallaði um á fundinum.

Jón sagði að viðfangsefnið sitt og hans teymis hafi verið að meta sem best heildarflatarmál þeirra svæða sem eru að jafnaði nægilega framræst til að breyta gasbúskap svæðisins miðað við náttúrulegt ástand. Samkvæmt þeim tölum sem nú liggja fyrir er nú áætlað að flatarmál þessa framræsta lands sem um ræðir sé um 71 þúsund hektara minna en áður var talið. Breytingin er annars vegar vegna nýja Vistgerðarkortsins og hins vegar nákvæmara hæðarlíkans. Hann segir að ekki hafi enn verið tekið tillit til nýrrar kortlagningar á skurðakerfinu.

Miðað við það sem þegar hefur verið kortlagt hafa bæst við að minnsta kosti 1.100 km af skurðum á síðustu 10 árum. Þá er eftir að taka með Vesturlandið en kortlagningu þar er ekki lokið að fullu.

#### *Ný gögn til grundvallar aðgerðaráætlun*

„Forsagan fyrir því að það er ráðist í þetta endurmat á flatarmáli framræsta landsins er í rauninni sú að gögnin sem eldra mat byggðist á höfðu ekki verið uppfærð. Til þess að geta metið umfang þess lands sem losar kolefni – og geta þar með staðið við loftslagssamninginn sem við gerðum í París – var nauðsynlegt að fara í vinnuna við endurmatið, sem felst meðal annars í nýju skurðakorti," segir Jón í samtali við blaðamann.

„Við vinnuna hefur verið notast við nýjar loftmyndir frá Loftmyndum ehf. og samanburð við eldri loftmyndir. Við yfirborðsflokkun á landi hefur verið notast við nýja vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands, auk nýs og mun betra hæðarlíkans," segir Jón.

#### *Alvarlegar skekkjur líklega víða*

Fleiri gögn og greinar sérfræðinga benda til að víða geti verið skekkjur varðandi fullyrðingar um losun íslenskra mýra á gróðurhúsalofttegundum. Þannig hafa bæði dr. Þorsteinn Guðmundsson, þá prófessor í jarðvegsfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands, og dr. Guðni Þorvaldsson, prófessor í jarðrækt við LbhÍ, bent á mikla óvissu varðandi fullyrðingar um stærð mýra og losun.

Í grein í Bændablaðinu í febrúar 2018 bentu þeir á að ekki sé tekið nægt tillit til breytileika mýra og efnainnihalds.

„Íslenskar mýrar eru yfirleitt steinefnaríkari en mýrar í nágrannalöndunum, m.a. vegna áfoks, öskufalls, mýrarrauða og vatnsrennslis í hlíðum, og lífrænt efni er að sama skapi minna."

Þá benda þeir á að samkvæmt jarðvegskortum LbhÍ og Rala sé lítill hluti af íslensku votlendi með meira en 20% kolefni, en nær allar rannsóknir á losun sem studdst hafi verið við séu af mýrlendi með yfir 20% kolefni.

„Það þarf að taka tillit til þessa mikla breytileika í magni lífræns efnis þegar losun er áætluð úr þurrkuðu votlendi," segir m.a. í greininni.

Þeir telja líka að mat á stærð lands sem skurðir þurrki ekki standast. Í stað 4.200 ferkílómetra lands sé nær að áætla að þeir þurrki 1.600 ferkílómetra. Þá sé nokkuð um að skurðir hafi verið grafnir á þurrlendi til að losna við yfirborðsvatn þannig að ekki sé allt grafið land votlendi.

#### *Losun stendur aðeins yfir í 50 ár*

Í meistararitgerð Gunnhildar Evu Gunnarsdóttur við Háskóla Íslands frá 2017 var reynt að meta losun kolefnis í þurrkuðum mýrum. Niðurstöður hennar benda til að losun sé mest fyrstu árin en sé síðan hlutlaus að 50 árum liðnum. Það er ekki í samræmi við þær viðmiðunartölur sem yfirvöld á Íslandi styðjast við í sínum aðgerðaráætlunum. Það þýðir væntanlega að losunartölur geti verið stórlega ýktar og mokstur í stærstan hluta skurða á Íslandi kunni því að þjóna litlum sem engum tilgangi. Jarðraskið sem af því hlýst gæti hinsvegar allt eins leitt til aukinnar losunar. /smh/HKr.

FRÉTTIR

# Fimmtíu og fjórir brautskráðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands

**Brautskráning kandídata og búfræðinga frá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri fór fram 1. júní síðastliðinn í blíðskaparveðri í Hjálmakletti í Borgarnesi. Brautskráðir voru 51 kandídat að þessu sinni en áður höfðu 3 brautskráðst úr garðyrkjudeildum Landbúnaðarháskólans á Reykjum, svo alls útskrifuðust 54 nemendur.**

Snorri Baldursson, deildarforseti auðlinda- og umhverfisdeildar, setti samkomuna og bauð í pontu Ragnheiði I. Þórarinsdóttur rektor. Rektor fór yfir árið og það sem er fram undan hjá skólanum og nýja stefnu skólans til framtíðar. Hún óskaði kandídötum og búfræðingum heilla með áfangann og veitti þeim góð ráð út í framtíðina.

Milli brautskráninga voru tónlistaratriði frá Ragnheiði Huldu Jónsdóttur og Steinþórs Loga Arnarsonar, sem útskrifuðust bæði úr búfræði þennan dag, og kór Neskirkju tók lagið undir lok athafnar en þar er meðlimur Hermann G. Gunnlaugsson, nýmeistari í skipulagsfræðum. Veitt voru brautskráningaskírteini, gjafir og verðlaun ásamt úthlutun úr styrkjasjóðum.



Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Lbhí, veitti styrk úr Blikastaðasjóði til Katrínar Björnsdóttur til að hefja doktorsnám við Landbúnaðarháskóla Íslands. Myndir / Rósa Björk Jónsdóttir




Geirlaug Þorvaldsdóttir, fulltrúi stofnenda Framfarasjóðs Ingibjargar Guðmundsdóttur og Þorvaldar Guðmundssonar, afhenti styrk til Karenar Bjargar Gestsdóttur en hún stefnir á MS nám í búvísindum Landbúnaðarháskóla Íslands.

### *Brautskráning*

Ólöf Ósk Guðmundsdóttir námsbrautarstjóri tók við og brautskráði 25 nemendur úr búfræði. Verðlaun fyrir góðan árangur í námi voru veitt eftirfarandi nemendum:

Fyrir góðan árangur í sauðfjárrækt með einkunnina: 9,6. Elíza Lífdís Óskarsdóttir.

Góður árangur í nautgriparækt með einkunnina: 9,3. Elíza Lífdís Óskarsdóttir.

Góður árangur í bútæknigreinum, einkunnina: 9,1. Ármann Pétursson. Góður árangur í hagfræðigreinum, (allar greinar) einkunn: 9,81. Elíza Lífdís Óskarsdóttir. Góður árangur í námsdvöl, Gabríela María Reginsdóttir.

Landbúnaðarháskóli Íslands veitti viðurkenningu fyrir bestan árangur fyrir lokaverkefni, og hlutu tveir nemendur það með einkunnina 9,6, þær Eydís Anna Kristófersdóttir og Gabríela María Reginsdóttir.

Með bestan árangur á búfræðiprófi með einkunnina 9,33 var Elíza Lífdís Óskarsdóttir.

Birna Kristín Baldursdóttir, brautarstjóri búvísindabrautar, brautskráði 13 nemendur. Ingunn Sandra Arnþórsdóttir fékk verðlaun fyrir góðan árangur á B.S. prófi.

Ragnhildur Helga Jónsdóttir, brautarstjóri náttúru- og umhverfisfræðibrautar og Bjarni Diðrik Sigurðsson, brautarstjóri skógfræðibrautar, brautskráði fjóra nemendur. Viðurkenningu fyrir góðan árangur á B.S. prófi í náttúru- og umhverfisfræði hlaut Eyrún Gyða Gunnlaugsdóttir og fyrir góðan árangur á B.S. prófi í skógfræði hlaut Þórhildur Ísberg verðlaun.

Af umhverfisskipulagsbraut brautskráði Helena Guttormsdóttir brautarstjóri sex nemendur.

Þóra Margrét Júlíusdóttir hlaut verðlaun frá Skipulagsfræðingafélagi Íslands fyrir góðan árangur í skipulagsfögum með einkunnina 9,23. Hún hlaut einnig viðurkenningu fyrir góðan árangur á B.S. prófi á umhverfisskipulagsbraut.

Landbúnaðarháskólinn veitti viðurkenningu fyrir góðan árangur á B.S. prófi. Fyrir frábæran árangur fyrir lokaverkefni á B.S. prófi með einkunnina 9,5 hlaut Þorbjörg Helga Sigurðardóttir og fyrir góðan árangur á B.S. prófi með einkunnina 8,96 hlaut Þóra Margrét Júlíusdóttir.

Bjarni Diðrik Sigurðsson og Sigríður Kristjánsdóttir brautskráðu fimm nemendur og fékk Helga Stefánsdóttir viðurkenningu fyrir M.S. próf í skipulagsfræðum.

Fyrir góðan árangur í rannsóknamiðuðu M.S. prófi við Landbúnaðarháskóla Íslands hlaut Naomi D. Bos með einkunnina 9,32.

### *Styrkveitingar*

Geirlaug Þorvaldsdóttir, fulltrúi stofnenda Framfarasjóðs Ingibjargar Guðmundsdóttur og Þorvaldar Guðmundssonar, afhenti styrk til Karenar Bjargar Gestsdóttur en hún stefnir á M.S. nám í búvísindum Landbúnaðarháskóla Íslands.

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir rektor veitti styrk úr Blikastaðasjóði til Katrínar Björnsdóttur til að hefja doktorsnám við Landbúnaðarháskóla Íslands. /VH

# Verslanakeðjan Whole Foods í Bandaríkjunum hættir að kaupa íslenskt lambakjöt

**Verslanakeðjan Whole Foods í Bandaríkjunum er að öllu óbreyttu að hætta sölu á íslensku lambakjöti í verslunum sínum. Ástæðan er m.a. auknar kröfur verslunarinnar sem ekki er talið raunhæft að mæta og valda íslenskum bændum miklum kostnaðarauka.**

Whole Foods gerir þá kröfu að íslenskt lambakjöt gangist undir vottun Global Animal Partnership. Fyrirtækið sem sér um vottunina er dótturfélag Whole Foods og því tæpast um þriðja aðila að ræða. Vottun þess mun auka kostnað sauðfjárbænda verulega.

### *Sérkennileg ákvörðun*

Hafliði Halldórsson hjá Icelandic Lamb segir að vegna þessa sé vafi á að viðskipti við Whole Foods muni halda áfram eftir næstu sláturvertíð.

„Ákvörðun Whole Foods er einkennileg í ljósi þess að sú vottun sem íslenskt lambakjöt hefur, bæði íslensk og evrópsk, í dag geri í flestu meiri kröfu um aðbúnað en vottun Global Animal Partnership.

Það sem er ólíkt í núverandi vottun á íslensku lambakjöti og Global Animal Partnership er helst tvennt. Annars vegar reglur um aukið rými fyrir hverja fullorðna á yfir veturinn og undirlag. Vottun Global Animal Partnership gerir sömu kröfur um rými og gerðar eru um rými gripa við lífræna ræktun og svo að dýrin standi ekki á grindargólfi heldur á taði. Reyndar voru fulltrúar Whole Foods tilbúnir að falla frá seinni kröfunni eftir að hafa skoðað aðstæður í nokkrum fjárhúsum.




Að sögn Hafliða mun aukakostnaður á hvert kíló af lambakjöti aukast verulega undirgangist íslenskir sauðfjárbændur vottunina og það er ekki kostnaður sem hægt er að bæta ofan á núverandi kostnað bænda.

### *Harðari krafa Whole Foods*

„Whole Foods hefur í mörg ár verið að ýta því að íslenskum afurðastöðvum og sauðfjárbændum að gangast undir Global Animal Partnership og íslenskt lambakjöt hefur til þessa verið undanþegið þeirri vottun.




Íslenska lambakjötið virðist vera á útleið úr matvörukeðju Whole Foods í Bandaríkjunum. Ýmislegt virðist benda til að fleiri íslenskar vörur geti fylgt í kjölfarið.




Í vor kom svo harðari krafa frá Whole Foods um að gangast undir vottunina. Icelandic Lamb og fulltrúar Kaupfélags Skagfirðinga, Sláturhússins á Hvammstanga og Landssambands sauðfjárbænda tók á móti sendinefnd frá Whole Foods í mars síðastliðinn þar sem farið var yfir málið.

„Við reynum að ná samkomulagi um einhvers konar útfærslu á vottuninni en svar Whole Foods var nei og að þeir mundu hætta að selja íslenskt lambakjöt nema að vottunin væri samþykkt að fullu.

Að okkar mati var kostnaðurinn við vottunina allt of hár til þess að hægt væri að gangast undir hana."

Hafliði segir að kostnaðurinn við vottun hvers býlis á 14 til 16 mánaða fresti sé sá sami, hvort sem um er að ræða íslensk sauðfjárbú með 200 kindum eða kjúklingabú í Bandaríkjunum með 300.000 hænur í eldi.

### *Kaup Whole Foods breytileg milli ára*

Undanfarin 20 ár hefur magnið af íslensku kindakjöti sem Whole Foods hefur keypt verið misjafnt milli ára.

„Á síðasta ári voru það um 200 tonn en árið þar á undan voru það 130 tonn. Salan hefur því verið mjög rokkandi milli ára og aldrei náð þeirri hæð sem til stóð og ekki fest í sessi. Þrátt fyrir það hefur okkur fundist Whole Foods vilja halda viðskiptunum áfram þar til núna.

Fyrir vikið hafa aðrar dreifileiðir setið á hakanum og við ekki lagt nógu mikla áherslu á að skoða þær. Það er því ekki um annað að ræða en að leita nýrra leiða detti Whole Foods út og galopið að skoða allar leiðir," segir Hafliði. /VH

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

**Gerður er stórt og glæsilegt, 107 m² heilsárshús.**
**Húsið er mjög rúmgott og fallegt.**

Allar einingar afhendast samsettar með hurðum og gluggum. Þakstál, flasningar, þakkantaefni og festingar fylgja. Vandaður frágangur og hús sem hentar vel íslenskum aðstæðum.

Sjá verð, teikningar og skilalýsingu á husa.is

Fleiri útfærslur væntanlegar. Sjá nánar á **husa.is**

**Gerður - 107 m²**



Verð frá: 13.950.000 kr. m.vsk

# Einingahús

## Vönduð heilsárshús á ótrúlega góðu verði



### Frigg 27m²

Frigg er fallegt 27 m² heilsárshús með einu svefnherbergi. Mjög hagkvæmur kostur og einfalt í uppsetningu.



Verð frá: 3.250.000 kr. m.vsk



### Freyja - 40m²

Freyja er fallegt 40 m² heilsárshús með einu svefnherbergi. Fallegt einingahús, fullklárað að utan. Mjög hagkvæmur kostur og einfalt í uppsetningu.



Verð frá: 4.250.000 kr. m.vsk



### Sif - 60m²

Sif er rúmgott og fallegt 60 m² heilsárshús með tveimur svefnherbergjum. Fallegt einingahús, fullklárað að utan. Mjög hagkvæmur kostur og einfalt í uppsetningu.



Verð frá: 5.950.000 kr. m.vsk



### Gígja - 80m²

Gígja er mjög rúmgott og fallegt 80 m² heilsárshús með þremur svefnherbergjum. Fallegt einingahús, fullklárað að utan. Mjög hagkvæmur kostur og einfalt í uppsetningu.



Verð frá: 8.150.000 kr. m.vsk

**Húsasmiðjan hefur áratuga reynslu af sölu einingahúsa og byggingarefna á Íslandi og býður til sölu falleg, vönduð heilsárshús. Húsin eru hönnuð af íslenskum arkitektum og byggingatæknifræðingum fyrir íslenskar aðstæður og að sjálfsögðu í samræmi við íslenska byggingareglugerð.**

Nánari upplýsingar veitir Guðbjartur Halldórsson, söluráðgjafi í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar á netfangið gh@husa.is eða í síma 525 3000. Einnig má finna verð, teikningar og fleira á husa.is

**ÍSKRAFT**

**iskraft.is I iskraft@iskraft.is**

# EO HLEÐSLUSTÖÐVAR

fyrir heimili, húsfélög og fyrirtæki, hagstætt verð, gæði og falleg hönnun



| | | |
|---|---|---|
| Smiðjuvegur 5 | Kópavogi | sími 535-1200 |
| Hjalteyrargata 4 | Akureyri | sími 455-1200 |
| Eyrarvegur 42 | Selfoss | sími 483-5200 |
| Fitjum 2 | Reykjanesbæ | sími 421-6526 |



**EO Mini** – **Hleðslustöð fyrir heimili og fyrirtæki**
verð frá 98.900 kr. með/vsk.



**EO Basic hleðslustöð**
verð frá 119.900 kr. með/vsk.

**EO hleðslustöðvarnar eru frábær lausn fyrir rafbílaeigendur. Þessar hleðslustöðvar eru breskar og sameina gæði og hagstætt verð í fallegri hönnun sem vakið hefur verðskuldaða athygli í Evrópu.** Nánari upplýsingar á **iskraft.is** og ráðgjöf veitir sérfræðingur okkar Sigurður Gunnar Ragnarsson, **siggig@iskraft.is** og í síma **535-1209**.

FRÉTTIR

## Langvarandi kuldatíð á norðan- og austanverðu landinu fram að hvítasunnu:

# Allur vöxtur í gróðri stöðvaðist

## – Sunnanlands og vestan kvarta bændur hins vegar yfir sviðnum túnum og lítilli sprettu vegna langvarandi sólskins og þurrka

**„Þetta kostar okkur einkum og sér í lagi mikla vinnu, meira umstang og eftirlit og er almennt bara til ama og leiðinda,“ segir Guðrún S. Tryggvadóttir, formaður Bændasamtaka Íslands og sauðfjárbóndi í Svartárkoti, um þráláta kuldatíð á norðan- og austanverðu landinu.**

Það fór að kólna hressilega í kringum 20. maí síðastliðinn en um nýliðna hvítasunnuhelgi má segja að hægt hafi farið hlýnandi. Í það minnsta sást aðeins til sólar og hitastig hækkaði örlítið frá því sem var. Í þessari viku gerðu veðurfræðingar svo ráð fyrir verulegum umskiptum í veðri norðanlands.

Á sunnanverðu landinu hefur langvarandi sólskin og þurrkar hins vegar angrað bændur. Hefur grasspretta því verið mjög lítil á Suðvestur- og Vesturlandi.

*Féð hýst yfir nætur*

Guðrún segir að vissulega geti íslenskir bændur alltaf átt von á að tíð síðla vors og í byrjun sumars sé ekki eins og best verði á kosið og eru viðbúnir því. Svartárkot er í um 400 metra hæð yfir sjávarmáli og töluvert kalt hefur verið þar, einkum að næturlagi. „Við höfum hleypt fé út yfir daginn en hýst yfir nætur, það er of kalt á þeim tíma til að hafa fé úti við,“ segir hún.



Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, formaður Bændasamtaka Íslands. Mynd / HKr.

Guðrún segir að allur vöxtur hafi stöðvast í kuldatíðinni og þá nefnir hún að á leið sinni yfir Víkurskarð á dögunum hafi allar berjabrekkur þar um slóðir verið brúnar. „Það verður ekki til að bæta það ef engin ber sjást síðsumars,“ segir hún.

*Erfitt fyrir menn og skepnur*

Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda og sauðfjárbóndi í Straumi í Hróarstungu á Fljótsdalshéraði, segir ástandið langt í frá gott, langvarandi kuldakafli sem staðið hafi yfir í meira en þrjár vikur hafi til að mynda stoppað allan gróður.



Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda. Mynd / HKr.

„Það hefur verið kalt hér fyrir austan og oft blautt þannig að ekki hefur í neinum mæli verið hægt að setja fé út og það er auðvitað ekki gott þegar komið er fram á sumarið að hafa fé á gjöf inni. Það er erfitt fyrir allt, skepnur og menn,“ segir hún. Í þeim tilvikum þar sem fé er hleypt út í það veður sem í boði er megi búast við að lömb hangi í mæðrum sínum og sjúgi mikið sem aftur getur leitt til júgúrbólgu.

*Gæti seinkað slætti*

Guðfinna tekur undir með Guðrúnu varðandi það að vinnan verði umtalsvert meiri þegar tíð er slæm og umstangið mun meira en á góðviðrisdögum. Hún nefnir að gróður hafi verið kominn vel af stað í apríl en veðrið lék við Austfirðinga þann mánuð og ágætis hitakafli fyrri hluta maímánaðar einnig. „Það var allt komið vel af stað og útlitið gott þegar kuldakaflinn hófst upp úr miðjum mánuði. Hann hefur staðið býsna lengi, en við þessu má alltaf búast hér á Íslandi og ekki lengra síðan en 2015 þegar síðast var hér mjög kalt að sumarlagi,“ segir Guðfinna.

Þær Guðrún og Guðfinna segja óvíst hvort kuldakaflinn hafi áhrif á slátt í sumar, það fari alveg eftir því hvernig veður verði næstu daga. Guðfinna segir ekki ólíklegt að slætti seinki um 10 daga og upp í hálfan mánuð frá því sem vant er. „Það er reyndar alltof snemmt að segja fyrir um hvernig mál fara, við verðum bara að bíða og sjá.“ */MÞÞ*



Þessi mynd af héluðum grösum var tekin 7. júní í Hrafnagilshverfinu í Eyjafirði. Mynd / Jóhann Ólafur Halldórsson




Innflutningur á sumum kjötvörum það sem af er ári er í sumum tilfellum orðinn mun meiri en tollkvótar segja til um.

# Innflutningur á landbúnaðarafurðum heldur áfram að aukast

**Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands um utanríkisverslun fyrstu 4 mánuði ársins heldur innflutningur á landbúnaðarvörum áfram að aukast.**

Í lok apríl var búið að flytja inn magn sem svarar til tollkvóta frá ESB fyrstu sex mánuði ársins af nautakjöti (120%), svínakjöti (96%), söltuðu, reyktu og þurrkuðu kjöti (153%), osti (99%) og unnum kjötvörum (99%).

Meðfylgjandi tafla sýnir innflutning á nokkrum afurðum fyrstu 4 mánuði ársins samanborið við innflutning allt árið 2018. */eb*

### Innflutning á nokkrum landbúnaðarafurðum

*fyrstu 4 mánuðina 2018 og 2019 - Allar tölur eru í kílógrömmum*

| Afurð | Innflutningur, janúar-mars | Innflutningur janúar til apríl | Innflutningur, allt árið 2018 | Innflutningur % af tollkvóta |
|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2019 | 2018 | jan.- apríl 2019 |
| Nautakjöt | 173.787 | 239.396 | 829.940 | 120% |
| Svínakjöt | 285.736 | 334.479 | 904.579 | 96% |
| Kindakjöt | 491 | 491 | | |
| Kjúklingar | 314.972 | 408.959 | 971.688 | 77% |
| Kalkúnakjöt | 5.410 | 10.410 | 92.559 | |
| Saltað, reykt og þurrkað kjöt | 67.954 | 76.689 | 100.489 | 153% |
| Mjólk, rjómi, þurrmjólk ofl. | 27.390 | 35.606 | 136.560 | |
| Jógúrt | 35.115 | 54.650 | | |
| Smjör og önnur feiti úr mjólk | 4.582 | 4.678 | 2.578 | |
| Ostur | 128.959 | 178.696 | 511.511 | 99% |
| Bökunarkartöflur | 326.730 | 565.845 | 1.891.274 | |
| kartöflur | 152.009 | 164.135 | 1.179.385 | |
| Tómatar | 377.334 | 515.907 | 1.548.633 | |
| Gulrætur og næpur | 241.739 | 388.770 | 982.531 | |
| Gulrófur | 55.545 | 100.525 | 77.421 | |
| Gúrkur | 19.116 | 20.138 | 21.529 | |
| Paprika | 409.717 | 582.205 | 1.542.304 | |
| Sveppir | 58.607 | 91.212 | 301.049 | |
| Pylsur | 36.537 | 46.864 | 145.688 | 37% |
| Unnar kjötvörur | 102.302 | 142.995 | 476.433 | 99% |

*Heimild Hagstofa Íslands. Tölur fyrir maí liggja ekki fyrir.*



Í áratugi hafa menn glímt við sumarexem í íslenskum hrossum sem flutt hafa verið utan. Hefur það verið misjafnt eftir svæðum. Þessi mynd af íslenskum hrossum var reyndar tekin á jörð Vestur-Íslendingsins Sylvíu D. Schonberg (Thorsteinsson) í Point Roberts sem er smá tota sem tilheyrir Bandaríkjunum á skaga suður af Vancouver í Kanada. Þar hafði sumarexem ekki verið til vandræða. Mynd / HKr.

## Sumarexem í hrossum:

# Þróun bóluefnis á lokametrunum

**Sumarexem í hrossum sem seld eru til útlanda er viðvarandi vandamál hjá íslenskum hestum. Exemið er þekkt víða en verst er það þar sem mikið er um mý.**

Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda, segir að vinna við að þróa bóluefnið hafi staðið vel á annan áratug.

„Í dag fær um það bil annað hvert hross sem flutt er út sumarexem og getur það bæði verið vægt eða þá mjög slæmt. Exemið er misjafnt eftir svæðum og mest þar sem mikið er af mýi.“

*Ofnæmisviðbrögð hrossa skoðuð*

„Þróun bóluefnisins hefur meðal annars falist í því að skoða hvernig ofnæmisviðbrögð hrossa eru og koma fram og hvernig er hægt að láta þau svara áreitinu rétt og framkalla ekki áreiti í húð sem veldur kláða.

Sveinn segir að alveg eins og menn geti hross haft ofnæmi en önnur verið laus við það eða sýnt lítils háttar viðbrögð og unnið svo á þeim. „Í slæmum tilfellum klóra hrossin sig til blóðs og það myndast sár.“



Sveinn Steinarsson.

*Efnið prófað við raunverulegar aðstæður*

„Bóluefnið sem nú á að prófa virðist draga úr kláðanum en endanleg niðurstaða færst ekki fyrr en búið er að prófa efnið á svæði þar sem flugurnar eru algengar.“

Sveinn segir að ef bóluefnið standi undir væntingum verði hross fædd á Íslandi jafnsett íslenskum hrossum sem fædd eru erlendis. „Reyndin er sú að exem er þekkt í öllum hestakynum en í dag fær helmingur hrossa sem flutt eru út exem en einungis 15% af íslenskum hestum sem fæddir eru erlendis.“

*Aukin velferð hrossa*

„Það er okkar von að bóluefnið eigi eftir að auka vellíðan íslenskra hrossa erlendis og um leið auka möguleikann á að selja íslensk hross til útlanda. Ég tel að við séum komin á alveg nýjan stað í baráttunni við sumarexem í hrossum og nú verður að prófa bóluefnið svo það öðlist endanlega viðurkenningu,“ segir Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda, að lokum. */VH*

*– Sjá nánar á bls. 44.*




JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Selfoss // Akureyri // Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

**Bændablaðið**

*– Málgagn bænda og landsbyggðar –*

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 5.450 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** **augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## SKOÐUN

## Hvað liggur að baki?

**Það er dapurlegt til þess að hugsa að eftir meira en 100 ára baráttu íslensku þjóðarinnar fyrir sjálfstæði og 75 ára baráttu við að verja það sjálfstæði, þá virðist meirihluti alþingismanna nú ætla að vinna hörðum höndum í þágu erlends ríkjabandalags og ofurfjárfesta fyrir fordæmalausu valdaframsali vegna okkar orkumála.**

Í meira en öld hefur baráttan fyrir óskoruðum rétti Íslendinga yfir auðlindum sínum verið sem rauður þráður í gegnum pólitík allra stjórnmálaafla á Íslandi. Þar hefur landhelgisbaráttan staðið upp úr. Vissulega hafa menn staðið misfast í ístöðunum, en oftast hefur þjóðinni samt auðnast að leiða menn á rétta braut, hafi einhverjir farið út af þessu spori. Það er því hryggilegt að nú hyggist meirihluti alþingismanna samþykkja orkupakka þrjú án þess að þjóðin hafi nokkru sinni farið fram á það, frekar en orkupakka tvö og eitt. Þarna er samt um ákvarðanatöku að ræða sem varðar yfirráðum yfir orkumál Íslendinga eins og þau leggja sig.

Menn hljóta að spyrja sig hvers vegna líklega 52 af 63 þingmönnum er svo mikið í mun að koma í gegn máli sem þjóðin hefur alls ekki óskað eftir? Vissulega erum við aðilar að EES-samningnum en einhliða innsetningar á tilskipunum ESB allar götur síðan hafa verið innleiddar hér meira og minna möglunarlaust án þess að íslenska þjóðin hafi nokkuð haft um það að segja. Hvers vegna vilja þessir þingmenn ekki að þjóðin hafi síðasta orðið í þjóðaratkvæðagreiðslu í orkupakkamálinu? Hvers vegna er málið lagt fram sem þingsályktunartillaga sem vitað er að forseti getur ekki afrýjað til þjóðarinnar? Við hvað eru menn hræddir og hvaða hagsmunir eru þarna í húfi sem þeir eru að verja?

Enginn hefur getað sýnt fram á að þjóðin hafi hag af þessum gjörningi heldur þvert á móti. Á Íslandi hækkaði orkukostnaður almennings verulega við innleiðingu á orkupökkum 1 og 2 þegar uppskipti urðu milli flutnings og framleiðslu á raforku. Yfirlýstur tilgangur orkupakka þrjú er að samræma orkumarkaðinn og verðlagningu raforku í öllum ESB- og EES-ríkjunum. Samt reyna menn að halda því fram að orkupakki þrjú feli í sér svo mikla neytendavernd!

Fyrir liggur að einkafjárfestar íslenskir og erlendir sjá í þessu stóra máli gróðamöguleika sem og erlenda ríkjasamsteypan ESB sem leggur nú hart að Íslendingum að samþykkja þetta. Hvaða hagsmuni eru þessir trúlega 52 þingmenn að verja fyrst íslenska þjóðin hefur ekki óskað eftir þessu? Hvað gengur þeim eiginlega til? Hvers vegna hreyfir heldur enginn legg né lið í að koma á reglum varðandi kaup útlendinga á jörðum á Íslandi líkt og Danir hafa gert? Hefur ESB kannski eitthvert óútskýrt tangarhald á okkur sem þjóðin hefur ekki verið upplýst um?

Hvernig geta tveir flokkar á Alþingi sem sérstaklega kenna sig við alþýðuna, tekið að sér að berjast kinnroðalaust fyrir hagsmunum erlendrar valdablokkar og fjármálaburgeisa gegn íslenskri alþýðu og um leið gegn yfirlýstri stefnu Alþýðusambands Íslands í þessu máli?

Hvernig getur flokkur sem alla tíð hefur gefið sig út fyrir að vera skjöldur íslenskra bænda í landinu, leyft sér að taka upp baráttu gegn t.d. garðyrkjubændum í þessu máli og það þvert á afgerandi samþykktir sama flokks um að gera það ekki?

Hvernig getur flokkur sem alla tíð hefur kennt sig við sjálfstæði þjóðarinnar, leyft sér að berjast fyrir erlent ríkjabandalag gegn hagsmunum Íslands og sjálfsákvörðunarrétti íslensku þjóðarinnar? Ekki síst þar sem það er líka þvert á aðalfundarsamþykkt og fyrri yfirlýsingar formanns.

Er kannski einhver von til að þjóðin verði upplýst um hvað þarna liggur að baki? */HKr.*

# Landbúnaður heldur byggðarlögum í ábúð

**Guðrún S. Tryggvadóttir**
formaður Bændasamtaka Íslands
gst@bondi.is



**Samfélög í hinum dreifðu byggðum eiga sum hver undir högg að sækja þar sem fækkun íbúa leiðir til þess að erfiðara verður að halda uppi grunnþjónustu. Hefðbundinn landbúnaður hefur hingað til haldið þessum byggðarlögum í ábúð en hann á undir högg að sækja. Krafan um hagræðingu og ódýrari matvæli gerir það að verkum að bú hafa verið að stækka og þeim að fækka.**

Þar sem ekki er um þéttbýli að ræða kvarnast úr byggðinni og ljósin slokkna. Þessi þróun gerir það að verkum að erfiðara verður að halda úti samfélagi með skólum, heilbrigðisþjónustu, vegamokstri og verslun svo dæmi séu tekin. Hver fjölskylda skiptir máli og hver jörð sem er byggð skiptir máli.

### *Matarverðlaun bændasamtaka á norðurlöndunum*

Embluverðlaunahátíðin, matarverðlaun bændasamtaka á Norðurlöndunum, var haldin fyrir skemmstu í Hörpu en þetta var í annað sinn sem hátíðin er haldin. Um 320 tilnefningar komu frá löndunum í þá sjö flokka sem keppt er um en 49 aðilar koma á borð dómnefndanna á lokasprettinum. Það var verulega ánægjulegt að sjá hversu fjölbreytt verkefnin voru. Sum byggja á hefðum og menningararfi á meðan önnur byggja á nýsköpun eða nýtingu á hráefni sem ekki hefur verið notað til þessa. En Embluverðlaunin tengjast ekki bara matnum sjálfum, vinnsluaðferðum eða menningararfi. Þau koma í raun inn á mjög marga þætti sem tengjast mat eins og „að fæða marga“ og sérstakri áherslu á börn og mat. Einnig tengjast þau því að miðla mat sem er afar mikilvægur þáttur.

Við Íslendingar gerum mikið af því að tala um veðrið en gerum við nóg af því að tala um mat? Hann er vissulega ein af grunnþörfum okkar og á það vel skilið að um hann sé rætt.




**Karlsstaðir í Berufirði.** Mynd / HKr.

### *Fjölbreytt smáframleiðsla*

Smáframleiðsla á mat og matvælum á Íslandi er ótrúlega fjölbreytt. Úti um allt land eru framleiðendur að vinna úr mjólk, kjöti, innmat, þangi, grænmeti, jurtum og svo mætti áfram telja. Við eigum líka fólk sem talar um mat og er duglegt við að koma á framfæri upplýsingum tengdum matvælum. Enn fremur eigum við fólk sem hugar sérstaklega að mat fyrir börn en það að börn fái holla og góða fæðu er afar mikilvægt fyrir þau enda matur ein af grunnþörfum okkar.

### *Nýsköpun styrkir byggð í landinu*

Nýsköpun er ekki síður mikilvæg í hinum dreifðu byggðum en annars staðar en hún getur stuðlað að því að bújarðir haldist í byggð. Það að geta skapað fjölbreyttari atvinnutækifæri tengd eða ótengd hefðbundnum búskap er hluti af því að sveitirnar nái að blómstra. Það að sveitirnar nái að blómstra er síðan afar mikilvægt fyrir þéttbýlin, sama hvort um er að ræða sjávarþorp úti á landi eða höfuðborgina en afleidd störf landbúnaðar eru mörg hver í þessum kjörnum.

Við Íslendingar byggjum afkomu okkar á ferðaþjónustu, sjávarútvegi, landbúnaði, iðnaði, hugviti og fleiru. Allir þessir þættir eru mikilvægir og allir þurfa þeir að vinna saman að því að gera samfélagið okkar öflugra og betra.

Við erum öll hluti af samfélaginu Íslandi sem þarf á hverri fjölskyldu að halda og ljósi í sem flestum gluggum.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Horft af Söndum við Geitá skammt ofan við Húsafellsskóg í átt að Langjökli. Jökullinn er næststærsti jökullinn á Íslandi og er um 953 ferkílómetrar. Langjökull hét einu sinni Baldjökull en orðið böllur merkti í fornu máli hnöttur eða kúla samkvæmt Vísindavef HÍ. Á vefsíðu Wikipedia er rúmmál jökulsins talið vera 195 km³. Hæsti punktur jökulsins er þar sagður vera 1.450 metrum yfir sjó, en í Ferðaatlas Máls og menningar er hann 1.406 metrar. Víst er að stærð jökla á Íslandi er síbreytileg, ýmist vegna áhlaðnings eða bráðnunar.** Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF



Útskriftarnemendurnir af hestabrautinni vorið 2019, frá vinstri, Valborg Tryggvadóttir, Dagbjört Skúladóttir, Svanhildur Guðbrandsdóttir, dúx, Matthías Elmar Tómasson og Vilborg Hrund Jónsdóttir. Mynd / Sissel Tveten

# Svanhildur dúxaði á hestabraut Fjölbrautaskóla Suðurlands

**Fimm nemendur brautskráðust frá Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi af hestabraut skólans laugardaginn 25. maí síðastliðinn.**

Dúx brautarinnar er Svanhildur Guðbrandsdóttir frá Syðri-Fljótum við Kirkjubæjarklaustur. Svanhildur og Dagbjört Skúladóttir frá Þórustöðum í Ölfusi voru verðlaunaðar fyrir góðan árangur í hestatengdum fögum í útskriftinni. Svanhildur þreytti einnig afar gott verklegt próf í 5. stigi knapamerkjakerfisins fyrir páska. Í kjölfarið var henni boðið að sýna prófverkefnið á kynningu á knapamerkjakerfinu sem fór fram 1. maí í Samskipahöllinni í Kópavogi. /MHH

## Sumarskóli Eims:

# Spennandi hugmyndir um betri nýtingu jarðhitans

**Margar spennandi hugmyndir komu fram í Sumarskóla Eims, sem er samstarfsverkefni sem snýr að bættri nýtingu orkuauðlinda og aukinni nýsköpun í orkumálum á Norðurlandi eystra. Sumarskólinn var haldinn öðru sinni í liðnum mánuði og voru nemendur 29 talsins. Þeir komu frá Stuttgart Media University og Listaháskóla Íslands, en skólinn er haldinn í samstarfi við þá.**

Markmið sumarskólans er að draga fram tækifæri svæðisins í nýsköpun, sjálfbærum lausnum og atvinnusköpun í samræmi við markmið og tilgang Eims. Lögð var áhersla á að hugmyndir yrðu unnar í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Þátttakendur skólans eru iðn- og vöruhönnunarnemendur á meistarastigi og er skólinn hluti af þeirra námi. Nemendum var skipt niður á fyrirfram ákveðin svæði á Norðausturlandi sem þau könnuðu og í framhaldinu komu með tillögu að verkefnum, vörum eða þjónustu sem þeim fannst vanta eða myndi styrkja viðkomandi svæði. Við skólaslitin kynntu nemendur hugmyndir sínar að nýjum leiðum til að nýta auðlindir svæðisins með sjálfbærum hætti. Sérstök dómnefnd skipuð bakhjörlum Eims valdi svo bestu hugmyndina og þótti verkefnið MAGMA - Museum About Geothermal Magma Activities standa upp úr.

### *Hringstigi í átt að kvikunni*

Þeir sem að verkefninu stóðu settu fram hugmynd að safni þar sem gestum byðist að ganga niður hringstiga í átt að kviku sem kraumar undir á jarðhitasvæði við Kröflu, en það svæði laðar að sér fjölmarga ferðamenn ár hvert. Þótti nemendum skorta á meiri fræðslu og afþreyingu þar sem sérstaða svæðisins nyti sín betur. Hugmyndin fól einnig í sér að læra hvernig rafmagn verður til úr gufu sem og að hlusta á tónlist svæðisins í gegnum gufuorgel sem gengur fyrir orku svæðisins. Hugmyndin fól einnig í sér að útbúa app sem gestir geta sótt sér og notað til að læra meira um svæðið og ekki síður til að forða þeim frá hættum sem þar leynast.

Jarðhiti hefur verið nýttur að Hveravöllum í Reykjahverfi til að rækta matvæli í meira en öld. Þar eru nú ræktaðir tómatar, gúrkur og paprikur, alls um 500 tonn á ári. Á svæðinu er mikill jarðvarmi og þekking á matvælaframleiðslu og vinnslu. Fram kom hugmynd í sumarskólanum sem byggir á þessum auðlindum með því að útvíkka starfsemina með ræktun á sveppum, svömpum og hreindýramosa, en þær tegundir er hægt að nýta í framleiðslu á matvælum, snyrtivörum og heilsuvörum. Sveppi væri einnig hægt að blanda við lífrænan úrgang úr grænmetisframleiðslunni til að rækta umhverfisvænar umbúðir.

Þá má nefna hugmynd um að byggja upp og þróa athvarf fyrir heimamenn og gesti við Bjarnarflag í Mývatnssveit, „Volcanic Oasis". Þar væri blandað saman þörungarækt og slakandi upplifun þar sem jarðhitinn og svartur eldfjallasandur væru í meginhlutverkum. Gekk hugmyndin út á að nýta mannvirki sem áður hýstu Kísiliðjuna undir þá starfsemi og glæða þau nýju lífi. Þörungar geta verið mjög verðmæt afurð sem m.a. er hægt að nýta til að framleiða fæðubótarefni og í lyfjaiðnaði.

Ein hugmyndin gekk út á að byggja upp samverkandi iðnaðarferla á iðnaðarsvæðinu á Bakka, undir nafninu „Sym-bakki", þar sem úrgangur og hliðarafurðir nýtast sem hráefni. Þannig yrðu til ferlar sem skila samfélags-, efnahags- og umhverfislegum ávinningi og úr yrði grænt iðnaðarsvæði.

### *Samfélagseldhús og markaðstorg*

Á Húsavík var unnið með hugmyndir um að efla ræktun matvæla með jarðhita til að efla lýðheilsu og að bjóða fjölbreytta matvælaframleiðslu. Gekk ein hugmyndanna út á að breyta vöruskemmu við Vallholtsveg í samfélagsvettvang þar sem gróðurhús, samfélagseldhús, kaffihús og útivistarsvæði mynda eina heild undir nafninu „Greenhood". Þar hefði almenningur og aðilar í veitingaþjónustu aðstöðu til ræktunar í fyrsta flokks umhverfi. Önnur hugmynd snerist um uppbyggingu smáræktunar þar sem fiðrildi og önnur skordýr eru í aðalhlutverki ásamt gróðurræktun.

Á starfssvæði Eims stunda fjölmargir aðilar fjölbreytta matvælaframleiðslu. Til að auka aðgengi heimafólks og ferðamanna að þessu góðgæti þykir tilvalið að setja upp markaðstorg á Húsavík eða „HúsaTorg". Torgið myndi nýtast öllum þeim sem þegar stunda matvælaframleiðslu sem og þeim hugmyndum sem settar hafa verið fram í sumarskólanum og gætu orðið að veruleika í framtíðinni. Einnig kom fram hugmynd um að bjóða upp á pitsur sem bakaðar eru á upphitaðri hraunhellu undir nafninu „Lavastone Pizza". /MÞÞ

# MÆLT AF MUNNI FRAM 227

Enn berast mér gersemar frá góðvinum sem gagnast vel þessari þáttagerð. **Hafþór Hermannsson**, nú búsettur á Akureyri, færði mér einstaka úrklippubók með ferskeytlum, sem faðir hans, **Hermann Jónsson**, bóndi í Lambanesi í Fljótum, safnaði, og af einstakri natni og listilegum frágangi klippt út og innlímt í gormabók. Áður hef ég aldrei séð viðlíka vandað safn.

Hermann, sem greinilega hefur verið vísnavinur mikill, hefur úr ýmsum vísnaþáttum safnað úrvalsstökum þessum og gengið frá með þessum hætti. Hermann er nú nýlátinn, en síðustu árin bjó hann með eiginkonu sinni, **Auði Ketilsdóttur**, á Sauðárkróki. Margar þessara vísna hafa semsagt birst áður á prenti, en eins og segir, þá er góð vísa aldrei of oft kveðin. Fyrst verður fyrir vísa eftir **Guðmund Þ. Sigurgeirsson** frá Drangsnesi:

*Gengið hef ég margs á mis,*
*má þó heita ríkur,*
*áhyggjurnar eins og fis*
*af mér gleðin strýkur.*

Eftir **Guttorm J.Guttormsson** er þessi visa:

*Betra er í víti að vaða glóð*
*og vera hvítur draugur*
*en til lýta landi og þjóð*
*lifandi skítahaugur.*

**Gísli H. Erlendsson** orti svo:

*Hæpinn þróttur hjá mér býr*
*hjarað þótt ég geti.*
*Er á flótta eins og dýr*
*undan nótt og hreti.*

**Bjarni Gíslason** frá Harrastöðum kveður svo listilega:

*Ekki gengur allt í vil,*
*úti er drengja gaman,*
*það er enginn tími til*
*að tala lengur saman.*

**Sigurður J. Gíslason** frá Fjalli í Kolbeinsdal orti þessa kvenlýsingu, sem að breyttu breytanda gæti hitt fleiri en konur einar:

*Veður ekki í vitinu*
*vífið leiðigjarna.*
*Gengst hún fyrir glitinu*
*garmurinn sá arna.*

Eftir séra **Jón Þorláksson** er þessi gersemisvísa:

*Óskaplíkar eru þær,*
*Anna má- en neitar.*
*Imba vill en ekki fær*
*eftir því hún leitar.*

**Eiríkur Jónsson** járnsmiður frá Keldunúpi á Síðu orti:

*Seggjum bjóða sómir þér*
*sjóð með óðar tökum.*
*Faðir ljóða fá þú mér*
*flóð af góðum stökum.*

Eftir **Stefán G. Stefánsson** er þessi vísa:

*Dags þó hvörfin sjái ég senn*
*samt mér þykir gaman,*
*karl og drengur í mér enn*
*eiga leiki saman.*

Einhverju sinni heimsótti **Karl Kristjánsson** alþingismaður **Gunnar skáld Hafdal** í Sörlatungu. Á leið sinni upp bæjarhólinn orti Karl:

*Fjöll með linda-fiðlum sungu,*
*fossar tóku undir það.*
*En svo var skáld í Sörlatungu*
*sem að miklu hærra kvað.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

FRÉTTIR

### Mótvægisráðstafanir ríkisstjórnarinnar vegna kjötfrumvarpsins:

# Ráðgert er að Framleiðnisjóður landbúnaðarins verði lagður niður og renni inn í nýjan matvælasjóð

## – Stjórn Framleiðnisjóðs telur að skoða þurfi málið betur og að mörg verkefni sjóðsins séu mögulega í hættu

**Ein af þeim hugmyndum sem ráðgert er að grípa til sem mótvægisaðgerð ríkisstjórnarinnar við niðurfellingu frystiskyldu á kjöti til landsins er stofnun nýs matvælasjóðs á breiðum grunni. Ráðgert er að Framleiðnisjóður landbúnaðarins verði lagður niður og renni inn í þann sjóð. Búist er við frumvarpi sjávarútvegs- landbúnaðarráðherra um málið næsta haust.**

Þann 31. maí síðastliðinn sendi atvinnuveganefnd Alþingis frá sér tillögu að þingsályktun varðandi mótvægisaðgerðir vegna kjötfrumvarpsins svonefnda þar sem hætt verður að krefjast frystiskyldu við innflutningi á hráu kjöti. Er það liður í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar. Þar segir m.a. í lið 10.:

*Framleiðnisjóður og ASV sameinaðir*

Settur verði á fót sjóður með áherslu á eflingu nýsköpunar í innlendri matvælaframleiðslu. Til að efla nýsköpun og þróun í innlendri matvælaframleiðslu er lagt til að settur verði á fót sjóður með sameiningu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og AVS-rannsóknasjóðs í sjávarútvegi. Talið er að með sameiningu sjóðanna megi efla og styrkja nýsköpunar- og þróunarumhverfi atvinnugreinanna. Til að ná því markmiði verður aukið fjármagn sett í slíkan sjóð. Tryggt verði að hlutfallsleg skipting fjármagns til þessara atvinnugreina verði með sambærilegum hætti og nú er.

*Stjórn Framleiðnisjóðs telur að skoða þurfi málið betur*

Elín Aradóttir, formaður stjórnar Framleiðnisjóðs, segir að mörgum spurningum sé ósvarað varðandi umrædd áform. Hætta sé á að þar hverfi úr landbúnaðargeiranum stuðningur sjóðsins við fjölmörg verkefni sem lúta ekki endilega beint að matvælaframleiðslu en eru mikilvægur liður í að styrkja byggð í byggðum vítt og breitt um landið. Þá verði líka að hafa í huga að starfsemi Framleiðnisjóðs sé hluti af rammasamningi um landbúnaðinn sem nú er í gildi og því varla hægt að leggja hann niður með einhliða ákvörðun yfirvalda án náins samráðs við bændur sem þar eiga mikilla hagsmuna að gæta.

*Hugmyndir hafa ekki verið ræddar við BÍ*

„Í dag er úthlutað úr Framleiðnisjóð til margvíslegra verkefna sem eiga það sammerkt að stuðla að nýsköpun og þróun í landbúnaði sem og afurðavinnslu. Honum er þannig ætlað að styrkja búsetu í sveitum landsins til framtíðar,“ segir Guðrún Tryggvadóttir, formaður BÍ.

„Sjóðurinn hefur því verið mikilvægur í starfsemi landbúnaðarins. Um framlög í Framleiðnisjóð er samið í rammasamningi, því gerum við ráð fyrir að taka þátt í skipulagi og stefnumótun á þessum nýja sjóði hvað landbúnaðinn varðar, enda eru framlög til Framleiðnisjóðs hluti af rammasamningi landbúnaðarins auk þess sem sjóðurinn fer með ráðstöfun þróunarfjár í sauðfjárrækt, nautgriparækt og garðyrkju skv. þeim samningum.

Við erum opin fyrir því að vinna að leiðum landbúnaðinum til hagsældar og framfara,“ segir Guðrún Tryggvadóttir.

*Ekki endilega besta leiðin*

Elín Aradóttir segir að í grundvallaratriðum sé auðvitað mjög jákvætt og að sínu áliti í raun sjálfsagt að efla nýsköpunarumhverfi íslenskrar matvælaframleiðslu. Það verði gert til að lágmarka þau neikvæðu áhrif sem aukinn innflutningur mun óhjákvæmilega hafa á innlenda framleiðslu.

„Aukið fjármagn til þróunar er augljóslega af hinu góða. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það sé ekki endilega landbúnaði og þróunarumhverfi greinarinnar fyrir bestu að það verði gert með þessum hætti.

Ég tel mikilvægt að bændur og aðrir hagsmunaaðilar standi vörð um Framleiðnisjóð sem verið hefur nýsköpunar- og framfarasjóður landbúnaðarins í meira en hálfa öld.“ Hér er vert að nefna að stjórn Framleiðnisjóðs skilaði inn umsögn um viðkomandi lagafrumvarp í mars síðastliðnum, þar sem vakin var athygli á ýmsum atriðum sem stjórn taldi að skoða þurfi vel áður en ákvörðun um að leggja niður Framleiðnisjóð yrði tekin. Elín bætir við: „Með þessu er ég ekki að segja að Framleiðnisjóður sé yfir gagnrýni hafinn. Staðið hefur til nokkuð lengi að endurskoða löggjöf um sjóðinn og alltaf má gera betur. Það þarf að sjálfsögðu ekki að taka það fram að núverandi stjórnendur sjóðsins eru boðnir og búnir til samráðs um framtíðina.“

*Landbúnaður er meira en matvælaframleiðsla*

Að sögn Elínar sinnir Framleiðnisjóður landbúnaðarins mjög fjölbreyttum verkefnum. Starf sjóðsins markast af þeirri sýn að landbúnaður sé afar víðtækt hugtak, mun víðtækara en orðið matvælaframleiðsla gefi til kynna. Sjóðurinn hafi til að mynda mikilvægu hlutverki að gegna í byggðalegu samhengi, sér í lagi í tengslum við styrkveitingar til nýsköpunarverkefna á vegum bænda. Framleiðnisjóður styðji jafnframt við ýmis hagnýt rannsóknar- og þróunarverkefni á sviði skógræktar og landnytja, ýmis verkefni sem tengjast framþróun ráðgjafarþjónustu fyrir bændur og margvísleg fræðslutengd verkefni, svo dæmi séu tekin.

„Að mínu mati er ekki ljóst hvort þessi verkefni muni eiga heima hjá nýjum matvælasjóði og því mikilvægt að tryggja að þau verði ekki útundan,“ segir Elín.

*Hin víða sýn er nauðsynleg*

„Ég held að íslenskur landbúnaður hafi sjaldan staðið frammi fyrir jafn mörgum tækifærum og nú. Sú víðtæka skilgreining landbúnaðar sem unnið er eftir hjá Framleiðnisjóði er nauðsynleg til að við getum nýtt þessi tækifæri. Breyttar neysluvenjur Íslendinga og annarra vestrænna þjóða, sem og hlýnandi loftslag á norðlægum slóðum skapa vissulega margvísleg ný tækifæri til matvælaframleiðslu á Íslandi, sér í lagi á sviði ræktunar, en ekki má líta fram hjá öðrum tækifærum. Ég leyfi mér til að mynda að fullyrða að engin önnur atvinnugrein á Íslandi geti lagt jafn mikið af mörkum til verkefna er varða kolefnisbindingu. Því má ekki gleyma að innan stoðkerfis landbúnaðar býr umtalsverð þekking sem nýst getur í þessu samhengi og bændur búa sjálfir yfir mikill verkþekkingu og þekkingu á aðstæðum sem hér gæti nýst. Mér finnst umræðan um nýjan matvælasjóð ekki taka á því hvernig við ætlum að nálgast þessi viðfangsefni.“



Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins vill minna á að landbúnaður er fleira en matvælaframleiðsla. Framleiðnisjóður styður við afar fjölbreytt viðfangsefni frumvinnslugreinarinnar landbúnaðar. Nær helmingur árlegra styrkja frá Framleiðnisjóði fara til nýsköpunarverkefna á vegum bænda á bújörðum. Telur stjórn sjóðsins ólíklegt að þessir styrkir muni eiga heima í nýjum matvælasjóði.



Elín Aradóttir, formaður stjórnar Framleiðnisjóðs.



Guðrún Tryggvadóttir, formaður Bændasamtaka Íslands.

*Nýsköpun í sveitum*

Framleiðnisjóður hefur á undanförnum misserum staðið fyrir hvatningar- og átaksverkefnum sem hafa það að markmiði að efla nýsköpun til sveita. Nærtækt dæmi er verkefnið „Gríptu boltann“, sem unnið var í samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML). Að sögn Elínar féll verkefnið í mjög góðan jarðveg hjá bændum. Nú er jafnframt stefnt að samstarfi sjóðsins við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og RML um námskeiðahald til sveita um mótun viðskiptahugmynda og stofnun fyrirtækja. Þessi hvatningarverkefni ríma vel við þær áherslur stjórnenda sjóðsins að stór hluti styrkveitinga skuli nýtast beint í grasrótinni. Nær helmingur úthlutaðs fjármagns frá Framleiðnisjóði, á undanförnum árum, hefur runnið til nýsköpunarverkefna á vegum bænda á bújörðum. Hér er átt við atvinnuskapandi verkefni sem bændur standa fyrir í stað eða til viðbótar framleiðslu í hefðbundnum búgreinum. Ljóst er að mörg störf hafa orðið til í sveitum landsins fyrir tilstuðlan þessara styrkja. Nefna má uppbyggingu ferðaþjónustu, ýmiss konar heimavinnslu afurða, smáiðnaðar og margt fleira. „Við tókum nýverið saman upplýsingar um þennan styrkjaflokk aftur til ársins 2003. Alls hafa verið veitt 560 styrkloforð á tímabilinu 2003–2019 og um 90% þessara styrkja hafa verið sóttir. Myndræn framsetning landfræðilegrar dreifingar þessara styrkja sýnir í hnotskurn um hversu öfluga byggðaðgerð er hér að ræða,“ segir Elín

*Höldum ljósunum logandi*

*– Nú eru mörg umræddra nýsköpunarverkefna á vegum bænda ekki á sviði matvælaframleiðslu. Af hverju ættu þróunarfjármunir landbúnaðarins að renna til verkefna sem tilheyra öðrum atvinnugreinum, s.s. ferðaþjónustu?*

„Það er flestum ljóst að íslenskar sveitir þurfa á aukinni fjölbreytni í atvinnulífi að halda og sem betur fer er matvælaframleiðsla í dag aðeins ein þeirra atvinnugreina sem lifa góðu lífi í sveitinni. Allt styður þetta hvað við annað. Bjarni Guðmundsson, prófessor við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, var um árabil formaður stjórnar Framleiðnisjóðs og hann orðaði þetta eitthvað á þá leið að til að stuðla að öflugum samfélögum og atvinnulífi í íslenskum sveitum þyrftu ljósin að vera kveikt á bæjunum. Ég tel að með þeirri víðu sýn sem Framleiðnisjóður vinnur eftir í dag, séum við að auka líkur á að sveitirnar dafni til framtíðar.“

*Mikilvægt að hagsmunaaðilar haldi vöku sinni*

Elín vill vekja sérstaklega athygli á því að um fjármuni til Framleiðnisjóðs sé samið í rammasamningi Bændasamtaka Íslands og ríkisins. Núgildandi samningur gildir til loka árs 2026 og er Framleiðnisjóði þar ætlaðir fjármunir út samningstímabilið.

„Að mínum dómi er alveg ljóst að ríkið getur ekki einhliða tekið ákvörðun um að leggja niður Framleiðnisjóð, né heldur ákveðið að finna viðkomandi þróunarfjármunum nýjan farveg. Hér hlýtur að þurfa að eiga sér stað samtal beggja samningsaðila sem væntanlega fer fram í fyrirhugaðri endurskoðun rammasamnings síðar á þessu ári. Það hefur lítið farið fyrir umræðu um málið á þessum nótum og ég hvet forsvarsaðila bænda sem og aðra hagsmunaaðila að halda vöku sinni í þessum efnum. Það er mikilvægt að fjármögnun mikilvægs þróunarstarfs í greininni verði áfram tryggð. Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.“

/HKr.


4MOTION
FJÖLHÆFASTA FJÖLSKYLDA LANDSINS?
Komdu við hjá sérfræðingum okkar að Laugavegi 174 og kynntu þér úrval Volkswagen atvinnubíla í einni fjölhæfustu fjölskyldu landsins.
SÚPER VERÐ!
Glæsilegur og vel útbúinn pallbíll með 3.0 lítra, V6 dísilvél, sjálfvirkum vélarhitara, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjara að framan og aftan, regn- og birtuskynjara og 18" álfelgum.
Volkswagen Amarok
Tilboðsverð frá
7.660.000 kr.
Hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi og með átta þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Fjöldi útfærslna á hleðslurými, farþegarými og aðstoðarkerfi.
Volkswagen Crafter
Verð frá
6.220.000 kr.
SÚPER VERÐ!
Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjórhjóladrifinn og í fjölda útfærslna.
Volkswagen Caddy
Tilboðsverð frá
2.690.000 kr.
Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnuþjarki. Fulkomin stöðugleikastýring, spólvörn og sjö þrepa sjálfskipting.
Volkswagen Transporter
Verð frá
4.590.000 kr.
Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn allan sólarhringinn. Skoðaðu úrvalið!
www.hekla.is/volkswagensalur
Atvinnubílar
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

FRÉTTIR



Heildarkostnaður við framkvæmdir sauðfjárbænda samkvæmt umsóknunum er um 418 milljónir króna.

Fjárfestingarstuðningur í sauðfjárrækt:

# 55 umsóknir samþykktar

**Matvælastofnun hefur lokið yfirferð umsókna um fjárfestingarstuðning í sauðfjárrækt vegna framkvæmda á árinu 2019. Umsækjendur geta nú nálgast svarbréf við umsókn sinni inni á Bændatorginu undir Rafræn skjöl > Bréf.**

Alls bárust 56 umsóknir, af þeim voru 55 umsóknir samþykktar en einni umsókn var hafnað. Heildarkostnaður við framkvæmdir sauðfjárbænda samkvæmt umsóknunum er um 418 milljónir króna. Umsóknir vegna nýframkvæmda voru 16 en umsóknir vegna endurbóta 40.

Fjárhæð til úthlutunar að þessu sinni er 60.565.056 kr. Skerða þurfti stuðningsgreiðslur hlutfallslega á allar samþykktar umsóknir í samræmi við 27. gr. reglugerðarinnar og er styrkhlutfall til úthlutunar um 14,5% af heildarkostnaði umsókna. Í ár er hæsti styrkur áætlaður 6.056.506 kr. en lægsti styrkur 155.657 kr.

Um fjárfestingarstuðning í sauðfjárrækt er fjallað í V. kafla reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt. Markmið stuðningsins er að stuðla að bættum aðbúnaði sauðfjár og hagkvæmari búskaparháttum. Stuðningur er veittur bæði til nýframkvæmda og endurbóta á eldri byggingum og er þetta annað ár úthlutunar. */VH*

Matvælastofnun:

# Umsóknir um nýliðunarstuðning í landbúnaði

**Í samræmi við reglugerð um almennan stuðning við landbúnað nr. 1260/2018, IV. kafla skal umsóknum um nýliðunarstuðning í landbúnaði skilað inn rafrænt á Bændatorginu eigi síðar en 1. september næstkomandi.**



Úr Jökuldal. Mynd / HKr.

Markmið stuðningsins er að aðstoða nýliða við að hefja búskap og auðvelda ættliðaskipti í landbúnaði.

Til að eiga rétt á nýliðunarstuðningi þarf að uppfylla kröfur skv. 16. gr. reglugerðarinnar og eru meðal annars:

a. Umsækjandi sé á aldrinum 18-40 ára á því ári sem óskað er eftir stuðningi.
b. Er að kaupa búrekstur eða hlut í búrekstri í fyrsta skipti eða hafa leigt eða keypt búrekstur innan þriggja ára frá 1. janúar á umsóknarári.

Umsóknum er forgangsraðað með tilliti til menntunar, jafnréttissjónarmiða og heildarmats en nánari vinnureglur er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar www.mast.is.

Stuðningur getur að hámarki numið 20% af heildarfjárfestingakostnaði á ári og skulu framlög til einstakra nýliða ekki vera hærri en níu milljónir króna í heildarstuðning. */VH*

Félag skógareigenda á Suðurlandi:

# Skógarhátíð og Jónsmessuganga á Snæfoksstöðum

**Árleg Jónsmessuganga skógarbænda á Suðurlandi verður að þessu sinni á Snæfoksstöðum hjá Skógræktarfélagi Árnesinga, sunnudaginn 23. júní.**

Að þessu sinni verður haft meira við, Skógarhátíðin hefst kl. 14 og stendur til kl. 17 og þangað er öllum boðið sem vilja eiga notalega stund í fallegu umhverfi. Dansaður verður línudans, tálgað verður í tré, rennibekkurinn og sögin verða í essinu sínu. Sýnt verður margs konar handverk og Kvenfélagið Hvöt verður með kökubasar og kynnir bókina sína. Þá verða farnar stuttar skoðunarferðir út í skóg. Heitt verður á grillinu og boðið upp á pylsur og kjúklingabita. Lummur steiktar á hlóðarpönnu og ketilkaffið verður á sínum stað. Ýmislegt fleira verður á dagskránni.

Jónsmessuganga skógarbænda verður svo kl. 19, þar sem farið verður í um klukkutíma langa göngu, en síðan safnast saman við grillið, þar sem Bassi mun senda ljúfa tóna út í kyrrðina og skógarmannasöngurinn hljóma.

Snæfoksstaðir eru við Biskupstungnabraut, auðvelt er að rata og gaman að kynnast skóginum aðeins betur og afurðum hans.



Kristján vígslubiskup fékk sér síðustu mjólkurdropana í glas beint úr mjólkurtanknum áður en síðustu mjöltum lauk í Skálholti. Fjósið er fyrir 32 kýr. Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

# Bændurnir á Spóastöðum slá í Skálholti í sumar

## – Þjóðkirkjan hættir mjólkurframleiðslu á staðnum

**„Já, við höfum samið við bændurna á Spóastöðum, góða nágranna okkar, að þeir muni slá fyrir okkur í sumar og hirða heyið, þetta eru um 40 hektarar,“ segir Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti, aðspurður um heyskapinn í Skálholti í sumar en ráðsmaðurinn í Skálholti hefur slegið og hirt þar síðustu árin.**



Bændurnir á Spóastöðum hafa lokið fyrsta slætti í Skálholti en spretta hefur verið einstaklega góð á Suðurlandi það sem af er sumri.

Það eru miklar breytingar í Skálholti um þessar mundir því kirkjan hefur ákveðið að hætta mjólkurframleiðslu á staðnum og hafa allar kýrnar og kálfarnir verið seld. „Það er sjálfhætt, fjósið er orðið gamalt og lúið en ný aðbúnaðarreglugerð fyrir kýr leyfir ekki svona gamalt fjós, því miður,“ segir Kristján. Lýkur þar sögu kúabúskapar í Skálholti sem hefur verið stundaður síðan á landnámstíð og margir telja órjúfandi hluta af sögu Skálholts. Framleiðslukvóti búsins er um 80 þúsund lítrar og verður hann seldur. Ágóðinn verður notaður til uppbyggingar á Selfossi. Núverandi ráðsmaður, Gestur Einarsson, og fjölskylda hans munu hætta störfum í Skálholti og flytja af staðnum. Auglýst verður eftir nýjum ráðsmanni fljótlega sem verður húsvörður í Skálholti. */MHH*

# Tæplega 22 þúsund tonn urðuð í Stekkjarvík í fyrra

**Tæplega 22 þúsund tonn af úrgangi voru urðuð á urðunarsvæðinu við Stekkjarvík á liðnu ári. Magnið skiptist þannig að blandaður úrgangur frá fyrirtækjum nam um 9.400 tonnum, frá sveitarfélögum komu ríflega 6.100 tonn, sláturúrgangur og úrgangur frá kjöt- og fiskvinnslum var um 3.600 tonn, grófur timburúrgangur var tæplega 2000 tonn og annar úrgangur 680 tonn.**



Urðunarsvæðið í Stekkjarvík.

Aðalfundur Norðurár, sem rekur urðunarstaðinn í Stekkjarvík, var haldinn í Miðgarði nýverið. Fram kemur í skýrslu stjórnar að fyrirséð er að mikið magn úrgangs verði á næstu árum urðað þó svo að unnið sé af auknum krafti á vettvangi sveitarfélaga að draga úr úrgangi með aukinni endurvinnslu og endurnýtingu.

Gera má ráð fyrir að innan skamms verði sett bann við því að urða sjálfdauð húsdýr og að finna þurfi betri farveg fyrir lífrænan úrgang eins og dýraleifar og sláturúrgang því bann við urðun þessa úrgangsflokks er handan við hornið. Eins var á fundinum rætt um að urðunarskattur, sem getur orðið allt að 10 krónur á kíló, sé til umræðu í stjórnkerfinu og spurning hvaða áhrif slík skattlagning hafi á meðhöndlun úrgangs og gjaldskrár sveitarfélaga eða verðlag í landinu yfirleitt.

### *Gasbrennsla hafinn á svæðinu*

Gasbrennsla er hafin á svæðinu við Stekkjarvík og gengur ágætlega, en dælt er um 30 til 40 rúmmetrum af gasi á klukkustund og því brennt. Ekki liggur fyrir hvort gasið verði nýtanlegt en litið er á núverandi meðhöndlun sem reynslutíma á hve mikið magn af gasi næst úr svæðinu. Ákvörðun um nýtingu á gasinu verður ekki tekin fyrr en reynsla og upplýsingar hafa safnast um afkastagetu svæðisins.

### *Sunnlenskt sorp norður*

Þá kom fram á aðalfundi félagsins að gerður hefur verið þríhliða samningur milli Norðurár og Sorpeyðingar Vesturlands, annars vegar við Sorpstöð Suðurlands, hins vegar um tímabundna móttöku á 5 þúsund tonnum af úrgangi til urðunar á meðan leitað verður lausna á sorpeyðingu fyrir sveitarfélög á Suðurlandi. Samkvæmt samningnum hefur Sorpstöð Suðurlands heimild til að senda 2.500 tonn af úrgangi til urðunar í Stekkjarvík. Samningurinn gildir út þetta ár.

Unnið hefur verið að því að endurnýja starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn þar sem heimilað magn til urðunar verði hækkað úr 21 þúsund tonnum á ári í 30 þúsund tonn. */MÞÞ*



Kubota

# KUBOTA HEYVINNUVÉLAR BEINT Í HEYSKAPINN

| Miðjuhengdar diskasláttuvélar | |
|---|---|
| DM3028 | Diskasláttuvél - vbr. 2,80 m - 8 diskar |
| DM3036 | Diskasláttuvél - vbr. 3,60 m - 10 diskar |
| DM3040 | Diskasláttuvél - vbr. 4,00 m - 10 diskar |

| Rakstrarvélar | |
|---|---|
| RA1039 | vbr. 3,90 m; 1 stjarna, 11 armar |
| RA2072 | vbr. 6,20 - 7,20 m, 2 stjörnur, 11 armar, miðjurakstur |
| RA2580 | vbr. 7,00 - 8,00 m, 2 stjörnur, 12 armar, miðjurakstur |
| RA2071 | vbr. 7,1 m, 2 stjörnur, halarófa. |

| Heyþyrlur | |
|---|---|
| TE4555 | vbr. 5,5 m; 4 stjörnur 7 armar, lyftutengd |
| TE6576 | vbr. 7,6 m; 6 stjörnur 7 armar, lyftutengd |
| TE8590C | vbr. 9,0 m; 8 stjörnur 6 armar, dragtengd með vagni. |

| Rúllubindivélar | |
|---|---|
| BF3255 | 17 valsa rúlluvél, 14 hnífa söxun, netbinding og stíflulosun. |

Gæða vélar á hagstæðu verði. Nánari upplýsingar veita sölumenn okkar
í símum 568-1513 (Rvk.) og 568-1556 (Ak.) eða í tölvupósti, veladeild@thor.is

TIL AFGREIÐSLU STRAX

ÞÓR HF

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Baldursnes 8
Sími 568-1555

Vefsíða og
netverslun:
www.thor.is



**Hringdu til okkar í**
**S: 558 8400**
**Við erum tilbúin að hjálpa þér**

24/7
NETVERSLUN

- Slagveðursprófun
- Sésmíðað eftir þínum þörfum
- 10 ára ábyrgð



## Hannaðu þína eigin glugga og hurðir eftir þínum málum

**Sláðu auðveldlega inn málin og pantaðu á skanva.is**



Finndu okkur hér

**Sýningarsalur**
Fiskislóð 31E - 101 Reykjavík
Skanva er opinn alla mánu- og föstudaga frá kl. 9-16

Skanva.is

FRÉTTIR


Þyrlan sem verður notuð í verkefnin í Skaftafelli og Bakkaflugvelli. Mynd / Atlantsflug

# Atlantsflug hefur þyrluflug frá Skaftafelli í fyrsta sinn

**„Ég hef unnið lengi að þessu takmarki sem við erum að ná með því að fá þyrlu inn til okkar í Skaftafelli, en fyrst þurfti aðstöðuna sem nú er komin,“ segir Jón Grétar Sigurðsson, forstjóri Atlantsflugs, en fyrirtækið hefur nú hafið þyrluflug frá Skaftafelli.**

„Þetta er frábært og spennandi næsta skref hjá okkur og hvet ég aðila sem áhuga hafa á að vinna með okkur að þeirri uppbyggingu og vegferð sem við erum í til að setja sig í samband við félagið,“ segir Jón.

Fyrirtækið hefur byggt upp þjónustu í Skaftafelli, „Terminal – Tour Center“ sem eru höfuðstöðvar félagsins á staðnum. Atlantsflug er einnig að hefja þyrluflug frá Bakkaflugvelli í Landeyjunum.

Þyrlan sem verður notuð í verkefnin er af gerðinni Airbus AS350 A-Star, en hún getur tekið 5 farþega og býður upp á fyrsta flokks þægindi í útsýnisflugi þar sem hver farþegi fær óhindraða sýn. Þá hefur lögreglu, almannavörnum og Heilbrigðisstofnun Suðurlands verið kynnt starfsemin, en áhugi er fyrir því að sett verði bundið slitlag á flugvöllinn í Skaftafelli svo hægt sé að nota hann fyrir sjúkraflugvélar í neyðarflugi fyrir Öræfi og nágrenni. /MHH

# Baðlón verður opnað í Þjórsárdal 2022

**Verið er að undirbúa uppsetningu baðlóns í Þjórsárdal. Ráðgert er að það verði tilbúið árið 2022.**

Bergrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenskra heilsulinda, og Magnús Orri Schram frá fyrirtækinu Rauðakambi mættu til fundar við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 5. júní sl. og greindu frá undirbúningi uppbyggingar baðlóns við Reykholt í Þjórsárdal.

Verði ekki tafir á tímalínu verkefnisins vegna samningsmála eða kæru gera áætlanir ráð fyrir því að hefja framkvæmdir vorið 2020 og opna baðstað og veitingaþjónustu í Reykholti árið 2022. Auk þess greindu þau frá áformum um uppbyggingu í Hólaskógi. Gert er ráð fyrir því að „hostel“ verði rekið í Hólaskógi 2019 og 2020 en fjölbreyttari gistimöguleikar og veitingaþjónusta verði í boði frá og með 2021. /MHH





Aðventuprýði í Prag

5. - 12. desember Fararstjóri: Pavel Manásek

Í þessari skemmtilegu aðventuferð gistum við í þremur heillandi borgum. Í hverri þeirra kynnumst við fagurlega skreyttum jólamörkuðum með fjölbreyttum varningi og sýnishorni af því dæmigerða í mat og drykk heimamanna. Ferðin hefst í Pilsen í Tékklandi, þaðan verður farið til heimsborginnar Prag og endum við ferðina í Passau í Þýskalandi.

Verð: 209.900 kr. á mann í tvíbýli.
Mjög mikið innifalið!

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK



Heilmargt verður um að vera í Grímsey meðan á sólstöðuhátíð stendur, 20. til 23. júní. Myndir / Guðrún Inga Hannesdóttir

# Sólstöðuhátíð haldin öðru sinni í Grímsey

**„Við viljum með þessu fyrst og fremst sýna að við erum ekki af baki dottin, Grímseyingar, og viljum gera eitthvað skemmtilegt, hafa gaman,“ segir Guðrún Inga Hannesdóttir um sólstöðuhátíð sem haldin verður í Grímsey í næstu viku, dagana 20. til 23. júní.**

Hún og Unnur Ingólfsdóttir sátu sem oftar yfir kaffibolla í fyrra og ræddu um að gaman væri að gera eitthvað skemmtilegt í Grímsey og eftir nokkrar vangaveltur datt þeim í hug að blása til hátíðahalda um sólstöður.

Guðrún Inga segir að hvergi eigi betur við en í Grímsey að halda sólstöðuhátíð, það sé einstök upplifun að fylgjast með sólarganginum í eynni dagana upp úr miðjum júní þegar sólin sest aldrei. „Sólsetur er víða fallegt á landinu, en hvergi eins og hér þar sem engin fjöll eru né neitt sem skyggir á, bara hafflöturinn fram undan og sólin, sem í svona vikutíma snerti hann ekki. Þetta er ógleymanleg upplifun, algjörlega magnað,“ segir hún.

*Heimamenn geri sér glaðan dag*

Allt tiltækt gistipláss í eynni er upppantað þessa helgi, ef frá er talið tjaldstæðið þar sem áhugasamir geta komið sér fyrir. „En við eyjarskeggar erum ekkert síður að gera okkur glaðan dag með því að blása til þessarar hátíðar, það er alveg nauðsynlegt að gera eitthvað til hátíðarbrigða öðru hvoru,“ segir hún.


Hvergi á betur við en í Grímsey að halda sólstöðuhátíð, það er einstök upplifun að fylgjast með sólarganginum í eynni dagana upp úr miðjum júní þegar sólin sest aldrei.

Heilmargt verður í boði, það eru gönguferðir með leiðsögn um eyjuna og einnig sigling á bát umhverfis hana sem jafnan nýtur mikilla vinsælda. Bryggjumarkaður, „lítill og krúttlegur“ eins og Guðrún Inga orðar það, verður á bryggjunni og sú nýjung er nú í boði í Grímsey að pylsuvagn hefur verið keyptur út í eyju þar sem einnig er í boði að kaupa ís úr vél. „Eitthvað sem ekki hefur verið í boði lengi hér um slóðir,“ segir hún. Dorgveiðikeppni fyrir börnin er einnig á bryggjunni.

*Sem mest heimatilbúið*

Þá verða tónleikar þar sem Eyþór Ingi Jónsson og Elvý Hreinsdóttir koma fram. Sjávarréttarhlaðborð er í boði á laugardagskvöldinu, en rík hefð er fyrir að halda það í Grímsey og þótti íbúum tilvalið að færa það til og hafa á nýrri sólstöðuhátíð. Allir sem einn leggjast á árar og galdra fram fiskrétti og leggja á borðið í félagsheimilinu. Stemningin eru alla jafna einstök.

Listamenn munu aðstoða börn í eynni við gerð vegglistaverks, en hátíðinni lýkur á sunnudagskvöldi með varðeldi og brekkusöng. „Við reynum hvað við getum að hafa sem mest heimatilbúið og að gestir séu ekki sífellt að draga upp veskið sitt, það kostar ekkert í gönguferðir og siglingar svo dæmi sé tekið. Við viljum hafa góðan brag yfir hátíðinni og fyrst og fremst að fagna þessum björtu og góðu dögum í júní,“ segir Guðrún Inga. /MÞÞ

# Í Hrísey eru landnámshænur í lykilhlutverki

**Sjö verkefni sóttu um styrki vegna byggðaþróunarverkefnisins Hrísey – perla Eyjafjarðar. Alls var sótt um styrki að fjárhæð ríflega 14 milljónir króna en til úthlutunar voru rúmlega 8 milljónir.**

Verkefnasjórn byggðaþróunarverkefnisins hittist á fundi í Hrísey á dögunum og afgreiddi úthlutun úr frumkvæðissjóði Brothættra byggða.


Gestir skoða aðstöðuna í Landnámshænsnabúinu í Hrísey.

*1.000 landnámshænur á búinu*

Öll verkefnin styðja vel við markmið verkefnisins Hrísey – perla Eyjafjarðar, sem er hluti af Brothættum byggðum. Það verkefni sem hlaut hæstan styrk í þetta sinn, Landnámseggjum, er vistvæn eggjaframleiðsla í Hrísey sem hefur verið í undirbúningi á undanförnum árum. Verkefninu er ætlað að klára þau atriði sem út af standa til að koma Landnámseggjum í fullan rekstur, en fyrirtækið stefnir á að verða eitt af einkennisfyrirtækjum Hríseyjar. Nú er verið að klára uppsetningu á eggjabúi þar sem verða um 1.000 landnámshænur en nú þegar hefur allur tækjakostur innandyra verið settur upp ásamt því að 300 ungar voru teknir inn á búið í liðnum mánuði. Verkefnið þykir falla einstaklega vel að markmiðum byggðaþróunarverkefnisins þar sem það er bæði atvinnuskapandi, styður við sérstöðu Hríseyjar og eykur fjölbreytni í afþreyingu í eynni. Verkefnið hefur gengið vel og er stýrt af drífandi hópi fólks.

Önnur verkefni sem hlutu styrki að þessu sinni voru Wawe Guesthouse sem fékk 1,5 milljónir króna til að byggja upp snyrtingar, Háey fékk 800 þúsund vegna þróunar og markaðssetningar á matarupplifun í Hrísey og Hríseyjarbúið fékk 400 þúsund krónur. Þá fékk Gunnar Jónsson 400 þúsund vegna verkefnis sem heitir Rabarbaragarðurinn og Ingimar Ragnarsson 200 þúsund vegna verkefnis sem heitir Dans 2019.

Á fundi sem haldinn var af þessu tilefni urðu nokkrar umræður um Hríseyjarferjuna og það markmið byggðaþróunarverkefnisins að ferjan verði rafvædd eða keypt ný rafmagnsferja til þess að sigla til Hríseyjar fyrir lok árs 2022, sem íbúar samþykktu á íbúafundi í janúar síðastliðinn. Hríseyjarferjan Sævar var ekki í rekstri vegna bilunar í aðalvél og vara-aðalvél skipsins þegar verkefnisstjórn sótti Hrísey heim. Verkefnisstjórn telur mikilvægt að hlutaðeigandi aðilar hefjist handa við rafvæðingarverkefni ferjunnar fremur en að miklum fjármunum verði eytt í viðgerðir eða endurnýjun á dísilvélum. Ekki síst í ljósi þess hversu siglingaleiðin er stutt og þægileg til að láta reyna á slíkan búnað. /MÞÞ


Hefur þú tryggt þér
tæki fyrir heyskapinn?
PÖTTINGER
Notkun nefhjóla tryggir mun hreinna og verðmætara fóður.
Framúrskarandi rakstur og einstök gæði
Einstök ending og frábær fylgni við landið.
JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Selfoss // Akureyri // Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is


Herragarðssteinn
Sumarið
er komið
og verkin kalla
Við bjóðum upp á
landslagsráðgjöf
Björn Jóhannsson landslagsarkitekt gefur góð ráð um efnisval og útfærslu hugmynda sem byggja á vöruúrvali BM Vallá. Viðskiptavinur fær teikningu með hugmyndum samdægurs og um viku síðar þrívíddarúfærslu með efnislista, magntölum og verðtilboði.
Pantaðu tíma í síma 412 5050 eða á sala@bmvalla.is.
Kynntu þér úrvalið af fallegum hellum og garðeiningum á bmvalla.is og fáðu góðar hugmyndir fyrir sumarið.
Farsæl íslensk framleiðsla í yfir 60 ár - bmvalla.is
ÍST ISO 9001
BM·VALLÁ



Sigrún Ása Sturludóttir og Einar Sigfússon við opnun Norðurár.
Mynd / Maria Gunnardóttir

# Fer að veiða eftir nokkra daga

**„Ég hef ekki fengið lax ennþá í Norðurá en það kemur," sagði Sigrún Ása Sturludóttir er við hittum hana við opnun Norðurár fyrir skömmu, en Sigrún Ása á Laxfoss við Norðurá.**

„Flott að Guðrún var að landa maríulaxinum sínum hérna rétt áðan. Flottur fiskur hjá henni," sagði Sigrún og sagðist vera að fara í Norðurá að veiða eftir nokkra daga.

„Í fyrra veiddi ég bara silung í ánni en maður veit aldrei hvað maður fær í sumar," sagði Sigrún og hélt áfram að fylgjast með veiðiskapnum.

Fiskur var að vaka en vatnið var alls ekki mikið, eiginlega mjög lítið. Það verður að fara að rigna, áin er bara ræfilsleg þessa dagana.

Guðrún Sigurjónsdóttir, formaður veiðifélags Norðurár, frá Glitsstöðum, veiddi maríulaxinn sinn og annan til. Sigrún veiðir vonandi maríulaxinn sinn á allra næstu dögum. Til þess er leikurinn gerður.

# Frábært ár í vatnaveiðinni

**Það sem af er sumri hefur verið sérlega gott fyrir vatnaveiðimenn. Óvenju gott veður hefur skilað góðum skilyrðum í lífríki vatnanna og silungur betur haldinn en oft áður.**

Oft og tíðum spikfeitur. Veðurblíðan hefur einnig skilað fleiri veiðimönnum í vötnin enda veiðin búin að vera góð og því sækja fleiri veiðimenn á miðin.

*Vatnsleysi herjar á laxveiðiárnar*

Staðan er óvenjuleg við upphaf laxveiðitímabilsins, en í mörgum laxveiðiám er varla munað eftir öðrum eins vatnskorti í upphafi tímabilsins. Dæmi eru um að vatnsfall sé um 10% af því sem það var í fyrra, en þá var reyndar yfirfall í mörgum ám. Laxinn sækir þrátt fyrir það í árnar sínar til að hrygna og við verðum að vona að rigningar í sumar komi til með að hressa upp á vatnsbúskapinn.

Margir vatnaveiðimenn kaupa sér Veiðikortið og geta því veitt í 35 vötnum vítt og breitt um landið. Enn eru vötn að bætast við vatnaflóruna innan vébanda Veiðikortsins en á dögunum gerði Veiðikortið samkomulag um Hlíðarvatn í Hnappadal, fyrir landi Hraunholta. Hlíðarvatn í Hnappadal er vinsælt silungsveiðivatn í um hálftíma akstursfjarlægð frá Borgarnesi. Þar má einnig leigja sumarhús á vegum Stangaveiðifélags Borgarness, en lesa má nánar um það á heimasíðu Veiðikortsins, vilji menn taka það á leigu.


KÆLI- & FRYSTI-
BÚNAÐUR



KLEFAR
Kæli- & frystiklefar
í miklu úrvali.
Vottaðir gæðaklefar með
mikla reynslu á Íslandi.
Einfaldir í uppsetningu.



HILLUR
fyrir kæli- & frystiklefa.
Mikið úrval og auðvelt að setja saman.
Sérhannaðar fyrir matvæli.

Hafðu samband í síma 587 1300
og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI
Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is


# Verið að endurbyggja gamla veiðihúsið á Laxamýri



Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com

**Miklar endurbætur hafa verið gerðar á gamla veiðihúsinu á Laxamýri í Aðaldal seinni partinn í vetur og fram á vor. Framkvæmdir þessar byrjuðu fyrir einu og hálfu ári þegar farið var í að laga undirstöður hússins og grafa undan austurhlið þess þar sem gömul vegghleðsla hafði sigið inn í kjallarann.**

Gamla veiðihúsið á sé langa sögu en þar bjuggu stangveiðimenn sem veiddu í Laxá í Aðaldal um dúnhreinsunarhús árið 1874 og er því að hluta til eitt af elstu húsum í Suður-Þingeyjarsýslu sem enn standa. Í húsinu voru einnig hafðar miklar matargeymslur og um tíma var þar ostagerð um aldamótin 1900. Burðarbitar í húsinu eru úr rekaviði og eru að hluta til í góðu standi enn þann dag í dag. Aðrir viðir eru úr gömlum sjóbúðum sem keyptar voru á Siglufirði upp úr 1870 og kom það mjög á óvart að burðargrind hússins skuli hafa verið að mestu leyti ófúin.

Um 1920 var húsinu breytt í íbúð að hluta og þakinu lyft. Seinna varð húsið svo gestahús og veiðihús eftir að stangveiðin hófst og allt fram til 1970 þegar veiðiheimilið á Vökuholti var tekið í notkun. Síðan þá hefur húsið staðið sem geymsla og var það farið að láta mjög á sjá á margan hátt.



Verið að laga undirstöður hússins á gamla veiðihúsinu fyrir skömmu. Mynd / Atli

*Spennandi verkefni*

Það eru Atli Vigfússon og hans fjölskylda sem eiga húsið og segir hann að þetta verkefni sé mjög spennandi. Nú er búið að laga kjallarann og skipta þar um hurð og glugga. Þá er búið að klæða austurhlið hússins með bárujárni og skipta um glugga í austur- og suðurhlið. Svo er búið að skipta um burðarbita á milli hæða og til stendur að klára vesturhliðina að utan í haust.

*Áherslan fyrst lögð á ytra byrgðið*

„Við höfum lagt áherslu á að endurbæta ytra byrði hússins til að byrja með og svo þegar það er búið er hægt að snúa sér að því að laga húsið að innan. Þakið förum við í næsta ár en það er aðeins sigið og það þarf að skipta um járnið og bæta við sperrum," segir Atli, en segir að þau taki í þetta góðan tíma með öðrum verkum og efni og ástæður ráði framkvæmdahraðanum.

„Þetta er gert í samráði við Minjastofnun og hefur aðstoð þaðan komið sér vel," segir hann, en minnir á að þetta er mikill tilkostnaður og því þurfi að velta fyrir sér hvernig verkið verður klárað.

Mjög góðir iðnaðarmenn hafa unnið í húsinu og má þar nefna Hermann Sigurðsson trésmíðameistara sem hefur haft yfirumsjón með verkinu en Svandís Sverrisdóttir smiður, sem hefur mikla reynslu af endurgerð gamalla húsa, hefur smíðað alla gluggana í gömlum stíl sem hæfir húsinu. Útidyrahurðir á aðalhæð koma frá Trésmiðjunni Rein og því eru það mest heimamenn sem koma að vinnunni.

Þegar endurgerð verður lokið skapast margir möguleikar og segir Atli að ætlunin sé að hafa íbúð í húsinu, en í stofuhluta þess séu öll skilyrði til að minnast merkra stangveiðimanna með ýmsum hætti.



Þetta er staðan við Norðurá í Borgarfirði þessa dagana. Mynd / María Gunnarsdóttir

# Það verður að fara að rigna

**„Laxinn er kominn fyrir nokkru síðan í Norðurá," sagði Einar Sigfússon við opnun Norðurár í Borgarfirði og það er deginum ljósara. Og laxinn er kominn í allflestar laxveiðiár landsins og sums staðar í nokkrum mæli.**

„En það þarf að rigna hérna við Norðurá eins og víða. Ég treysti nafna mínum Einari veðurfræðingi, en hann sagði að þetta yrði rigningasumar en hlýtt, við skulum vona það," sagði Einar um leið og hann fylgist með veiðimönnum renna fyrir fiska í Norðurá á Eyrinni.

Einar fer sjálfur og kastar flugunni, fiskur stekkur en tekur ekki fluguna. Norðurá minnkar með hverjum deginum eins og fleiri veiðiár, það verður að rigna. Það er bara staðan núna.

Laxinn er mættur, það er ekki vandamálið, heldur vatnið og vatnsleysið. Það verður að breytast sem allra, allra fyrst.

**Lely Center Ísland**

# *Flott hliðgrind á lóðina þína!*

## Hliðgrindur - Ýmsar stærðir

| Númer | Lýsing | Verð án vsk. | Verð m/vsk. |
|---|---|---|---|
| F000 2140 03 | Hlið 0,92 m, 7 sláa | kr. 12.695 | kr. 15.742 |
| F000 2140 04 | Hlið 1,22 m, 7 sláa | kr. 15.878 | kr. 19.698 |
| F000 2140 05 | Hlið 1,52 m, 7 sláa | kr. 17.536 | kr. 21.745 |
| F000 2140 06 | Hlið 1.83 m, 7 sláa | kr. 19.171 | kr. 23.776 |
| F000 2140 07 | Hlið 2,13 m, 7 sláa | kr. 20.823 | kr. 25.821 |
| F000 2140 09 | Hlið 2.75 m, 7 sláa | kr. 22.982 | kr. 28.489 |
| F000 2140 10 | Hlið 3,05 m, 7 sláa | kr. 29.456 | kr. 36.525 |
| F000 2140 11 | Hlið 3,35 m, 7 sláa | kr. 31.115 | kr. 39.451 |
| F000 2140 12 | Hlið 3,66 m, 7 sláa | kr. 33.112 | kr. 41.059 |
| F000 2140 13 | Hlið 3,95 m, 7 sláa | kr. 34.877 | kr. 43.247 |
| F000 2140 14 | Hlið 4,27 m, 7 sláa | kr. 37.852 | kr. 46.936 |
| F000 2140 15 | Hlið 4,57 m, 7 sláa | kr. 39.885 | kr. 49.457 |
| F000 2140 16 | Hlið 4.88 m, 7 sláa | kr. 44.606 | kr. 55.311 |
| F017 2002 46 | Staur 2,4m m/ læsigati, 2 eyru | kr. 17.342 | kr. 21.504 |
| F017 2002 47 | Staur 2,4m 89 mm, 4 eyru | kr. 17.986 | kr. 22.303 |









## *Gerðisgrindur*

**Gerum tilboð í magn eftir teikningum**



**Reykjavík** Krókháls 5f – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600




# DEUTZ-FAHR CompacMaster skjaldbakan

CompacMaster sambyggða rúllu- og pökkunarvélin frá DEUTZ-FAHR er einstök þegar kemur að rúllun og pökkun í hæðóttu landslagi. Rúllan fer ekki úr baggahólfinu fyrr en fullpökkuð og engin hætta á að eitthvað misfarist við færslu milli rúllunar og pökkunar.

CompacMaster vélarnar eru einstaklega léttbyggðar eða ca.3,5 tonn og aldrei nema 1 rúlla í einu á vélinni. Þar með er hægt að nota aflminni vélar við rúllun og pökkun en á öðrum samstæðum.

● 2,3 m sópvinda með 14 hnífa söxun og drop-floor stíflulosunarbúnaði ● Netbinding ● 18 valsa rúlluvél með smyrjanlegum legum, miðlægir smurbakkar ● Rúllustærð (b x h) 122 x 125 cm ● Sjálfvirkt Beka Max smurkerfi á keðjum ● Stór flotdekk 500/45-22,5 ● CCI 50 stjórntölva með 5,6" litaskjá

**Verð án vsk: kr. 7.900.000,-**

TIL AFGREIÐSLU STRAX

ÞÓR HF

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Baldursnes 8
Sími 568-1555

Vefsíða og netverslun:
www.thor.is

# STEKKUR

## Ber, ber og ber

**Ber eru góð á bragðið, það er gaman að rækta þau og það er auðveldara en marga grunar. Flestar berjaplöntur gefa betur af sér séu þær ræktaðar í frjósömum og deigum jarðvegi sem blandaður hefur verið með lífrænum áburði og á sólríkum og skjólgóðum stað.**

Hæfilegur skammtur af tilbúnum áburði er ein og hálf eða tvær matskeiðar, 25 til 35 grömm á fermetra, gefið tvisvar til þrisvar yfir vaxtartímann. Gott er að vökva með daufri áburðarblöndu í þurrkatíð, sérstaklega meðan á aldinmyndun stendur. Ber úr eigin garði eru góð í munninn beint af plöntum eða í saft, sultur og til víngerðar.

**Hindber.** Planta sem vex villt í Evrópu og getur náð tveggja metra hæð. Fremur viðkvæm hér og þarf stuðning þar sem greinunum er hætt við að brotna þegar þær verða háar. Fjölgað með rótarskotum sem eiga til að verða til vandræða sé ekki haldið aftur af þeim. Henta vel í ker eða potta. Blómin hvít og smá en berin rauð eða gul og myndast á annars árs greinum. Tveggja ára greinar klipptar burt eftir uppskeru. Æskilegt bil á milli plantna um hálfur metri. Þrífast best í næringarríkum jarðvegi með pH í kringum 6,5.

**Hlíðaramall.** Uppruni á vesturströnd Norður-Ameríku og Kanada þar sem berin eru ræktuð í stórum stíl og stundum kölluð kanadísk vínber. Grannvaxinn runni eða lítið tré sem getur náð 5 metra hæð. Fjölgað með sáningu, græðlingum og rótarskotum. Harðgerð planta sem gerir litlar kröfur. Dafnar best á sólríkum stað og í kalkríkum jarðvegi. Gott að klippa gamlar greinar burt til að örva nývöxt. Berin dökkblá og með hátt sykurinnihald, enda var plantan kölluð hunangsviður áður fyrr.

**Jarðarber.** Fjölær jurt sem fjölgar sér með ofanjarðarrenglum. Blómin hvít en berin rauð og sæt. Þrífst best á sólríkum stað og í næringarríkum jarðvegi með sýrustig milli 6 og 6,5. Til að tryggja góða uppskeru er nauðsynlegt að endurnýja plönturnar á 4 til 6 ára fresti. Gott að skipta um ræktunarstað þegar plönturnar eru endurnýjaðar til að koma í veg fyrir jarðvegsþreytu. Gott er að rækta jarðarber í hengipottum.

**Rifs og sólber.** Vaxa villt í Evrópu og mjög algengar hér. Grófir runnar sem ná 2 metra hæð og geta orðið bústnir og fyrirferðarmiklir. Fjölgað með græðlingum og sveiggræðslu. Berin rauð eða svört. Góð til átu beint af runnanum eða til sultugerðar. Klippa á gamlar greinar, sem eru dekkri, af til að örva nývöxt og auka uppskeruna.

**Vínber.** Þarf skála eða kalt gróðurhús til að dafna hér á landi en ekki ólíklegt að til séu yrki sem hægt er að rækta úti. Klifurrunni sem getur orðið nokkrir metrar á hæð og þarf því gott rými til að vaxa. Fjölgað með græðlingum. Dafna best í gljúpum jarðvegi. Berin græn og rauð. Þegar vínviður er klipptur niður á haustin skal skilja eftir tvö brum á hverri grein og ekki skal rækta nema einn berjaklasa á hverri grein. Gott er að gefa plöntunum kalkríkan áburð um það leyti sem blómin fara að myndast. Yrki með grænum berjum eru harðgerðari en yrki með rauðum berjum. */VH*

## NYTJAR HAFSINS

# Bogið járn er menn kalla öngul



Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is

**Hetjur hafsins fá ekki mikið rúm í Íslendingasögunum eða öðrum fornritum. Sögurnar fjalla sem kunnugt er að mestu um þær hetjur sem vega mann og annan en ekki sjómenn sem draga björg í bú.**

Fyrstu aldir Íslandsbyggðar var sjávarútvegur ekki útflutningsgrein en það átti eftir að breytast. Líklegt er að norrænir menn hafi sótt til Íslands fyrir eiginlegt landnám til að nýta rostungstennur og tennur hvala sem voru gersemar. Heimildir eru um að rostungstennur gátu hugsanlega einnig verið uppspretta auðs á þjóðveldisöld.

Þótt fornritin séu fáorð um sjávarútveg er þó í þeim að finna stöku frásagnir þar sem vikið er að fiskveiðum og sjávarfangi. Mest er það þó í almennum orðum. Einnig má sjá báta í myndskreytingum í fornum ritum, bæði litla fiskibáta og einkum og sér í lagi báta sem voru í förum milli landa. Hins vegar eru teljandi á fingrum annarrar handar myndir og frásagnir sem lýsa því að einhverju gagni hvernig fiskveiðar fóru fram. Hér á eftir verður meðal annars staldrað við tvær skemmtilegar myndskreytingar í fornritum af handfæraveiðum og eina kostulega frásögn af því hvernig menn báru sig að við þessar veiðar. Einnig verður lítillega vikið að sögu sjávarútvegs á Íslandi á fyrstu öldum Íslandsbyggðar.



Mynd af handfæraveiðum úr Jónsbókarhandriti frá fyrri hluta 14. aldar, felld inn í upphafsstafinn Þ.
Mynd / Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík / Jóhanna Ólafsdóttir.

### *Með færin úti og fiskar undir*

Fyrri myndin sem hér um ræðir er í Jónsbókarhandriti frá öndverði 14. öld og sýnir veiðar með handfæri á opnum báti. Jónsbók var lögbók Íslendinga og myndin er skreyting í upphafsstafi í kafla sem fjallar um reka. Báturinn er með rásegl og um borð eru tveir menn með hettur. Annar heldur um ár en hinn er með tvö færi úti og tveir fiskar hafa bitið á önglana. Ekki er hægt að greina hvaða fiskar þetta eru en ekki er ólíklegt að annar fiskurinn eigi að vera þorskur.

Síðari myndin er í Íslensku teiknibókinni, sem svo er kölluð, en hún er frá þriðja áratug 14. aldar og fram á 17. öld. Í henni er að finna myndefni sem notað var sem vinnubók og safn fyrirmynda fyrir listamenn. Á myndinni ægir mörgu saman. Í forgrunni er teikning af heilögum Georg drepa drekann. Á miðri myndinni er smámynd af fiskibáti á sjó og fiskar undir. Um borð í bátnum er maður sem rennir út tveim færum.



Ekki er vitað til þess að síld hafi verið nýtt hér á landi til forna en minnst er á síldveiðar Skallagríms í Noregi í upphafi Egils sögu. Myndin hér að ofan sýnir hins vegar síldveiðar í Eyrarsundi og er tréskurðarmynd úr riti Olavus Magnus frá árinu 1555. Mynd fengin úr Sögu sjávarútvegs eftir Jón Þ. Þór.

### *Bylting í atvinnuháttum á 14. öld*

Fiskveiðar hófust hér við land strax við landnám. Alla landnáms- og þjóðveldisöld þjónuðu fiskveiðar Íslendinga fyrst og fremst þeim tilgangi að afla matar til neyslu innanlands. Væntanlega hafa fiskveiðar vegið sérstaklega þungt við öflun matvæla á fyrstu árum Íslandsbyggðar þegar menn voru að byggja upp bústofn.

Á landnáms- og þjóðveldisöld voru fiskveiðar jafnan mestar á vorin. Þannig féll sjávarútvegur best að landbúnaði. Útræði var mest stundað frá verstöðum á suðvestan- og vestanverðu landinu. Fiskurinn var þurrkaður en fyrst er getið um skreið í íslenskum heimildum um 1200. Skreiðin var lítið flutt út á fyrstu öldum Íslandsbyggðar en viðskipti með skreið voru töluverð innanlands. Útvegsbændur keyptu landvöru af sveitabændum í skiptum fyrir skreið.

Allt fram undir 1300 var sjávarútvegur ekki mikil útflutningsgrein. Vaðmál og svokallaðir vararfeldir voru aðalútflutningsvara Íslendinga fyrstu aldirnar. Á 14. og 15. öld verða miklar breytingar á atvinnulífi Íslendinga sem helst má líkja við byltingu. Þá tekur fiskveiðiöld þar sem skreið verður aðalútflutningsvara þjóðarinnar. Á 14. öld hækkaði skreið mikið í verði og fiskveiðar gátu orðið uppspretta auðs eins og síðar verður vikið að.

### *50 fisktegundir í Snorra-Eddu*

Algengustu sjófiskar voru væntanlega þorskur, ýsa, steinbítur, lúða og koli. Í fiskiþulu í Skáldskaparmálum Snorra Eddu eru taldar upp um 50 tegundir fiska en óvíst er hvort þær hafi allar verið nýttar. Ekki er vitað til þess að síld hafi verið veidd hér við land til forna en minnst er á síldveiðar í Noregi í upphafi Egils sögu þegar Skallagrímur „fór og oft um vetrum í síldfiski með lagnarskútu og með honum húskarlar margir“.

Íslendingar notuðu einungis handfæri til fiskveiða á sjó fyrstu aldirnar. Línuveiðar komu til sögunnar löngu seinna. Getið er um öngla í vísu í kafla í Bárðar sögu Snæfellsáss sem segir frá hrakningarferð Ingjalds nokkurs:

*Út reri einn á báti*
*Ingjaldr í skinnfeldi.*
*Týndi átján önglum*
*Ingjaldr í skinnfeldi*
*og fertugu færi*
*Ingjaldr í skinnfeldi.*
*Aftr komi aldrei síðan*
*Ingjaldr í skinnfeldi.*

Net þekktust vart nema þau sem voru lögð frá landi til að veiða sel, eða við vötn þar sem lax- og silungsveiðar voru stundaðar. Grettir Ásmundarson fór til dæmis upp á Arnarvatnsheiði og „fékk sér net og bát og veiddi fiska til matar sér“.

Menn virðast jafnvel hafa gert tilraun með fiskeldi á landnámsöld samanber Gull-Þóris sögu sem gerist á Vestfjörðum: „Þeir tóku fiska úr vatninu og báru í læk þann er þar er nær og fæddust þeir þar. Sá heitir nú Alifiskalækur. Þar varð í veiður mikil...“

### *Bátar og bátasmíð*

Fiskibátar Íslendinga voru flestir litlir, hinir minnstu eins manns för en stærstu bátar voru tólfæringar. Væntanlega hafa menn notað eftirbáta í fyrstu til fiskveiða, en svo hétu þeir bátar sem landnámsmenn drógu með sér. Einnig hafa bátar verið smíðaðir sérstaklega til sjósóknar. Í Íslendingasögum segir fátt af skipasmíðum og efniviði til skipa en ætla má að þau hafi að miklu leyti verið smíðuð úr rekaviði. Skallagrímur Kveldúlfsson var skipasmiður mikill og lét flytja til sín rekavið. Gísli Súrsson smíðaði skip þá er hann var í Hergilsey. Mikið er látið af leikni Króka-Refs sem skipasmiðs í sögu hans.

### *Öreigar verða fullríkir*

Í lokin verður hér tilfærð elsta lýsing á handfærum og handfæraveiðum í fornum sögum. Textinn er nokkuð spaugilegur í augum manna nú til dags. Hann er að finna í Guðmundar sögu biskups sem Arngrímur Brandsson, ábóti á Þingeyrum, skrifaði um 1350. Þar segir:

„…menn róa út á víðan sjá, og setjast þar, sem fjallasýn landsins merkir, eftir gömlum vana, að fiskurinn hafi stöðu tekið; þess háttar sjóreita kalla þeir mið; þar skal þá renna léttri línu út af borðveginum niður í djúpið ok festa stein með neðra enda að hann leiti grunns; þar með skal fylgja bogið járn; er menn kalla öngul, ok þar á skal vera agnið til blekkingar fiskinum; ok þann tíma sem hann leitar sér matfanga, ok yfir gín beituna, grefur oddhvasst og uppreitt járnið hans kjaft, síðan fiskimaðurinn kennir hans viðkomu og kippir að sér vaðinum, dregur hann svo að borði ok upp í skip; er þessi fjárafli svo guðefinn, að hans tilferð er ei greiðari en nú var greind, og þó allt eins verður svo mikið megn þessarar orku, að öreigar verða fullríkir, má og öll landsbyggð síst missa þessarar gjafar, því að þurr sjófiskur kaupist og dreifist um öll héruð.“

Margt er merkilegt við þessa frásögn, sérstaklega það að öreigar eru sagðir verða fullríkir af fiskveiðum. Það er tímanna tákn og er hún staðfesting á því hvað sjávarútvegur var orðinn mikilvægur um miðja 14. öldina.

***Heimildir:***
*Við samningu þessarar greinar hefur verið stuðst við Íslenska sjávarhætti, eftir Lúðvík Kristjánsson, Sögu Íslands IV bindi, rit Guðbjargar Kristjánsdóttur um Íslensku teiknibókina, Sögu sjávarútvegs á Íslandi eftir Jón Þ. Þór og fróðleik af vef Fjölbrautaskóla Vesturlands.*

**Bændablaðið**
**Kemur næst út**
**27. júní**

# Lely Center Ísland

## *Framúrskarandi rúlluplast og net*

**VERÐLISTI**

| Verð eru án vsk. | | Listaverð ef greitt er 15 júlí og 15 ágúst |
|---|---|---|
| **Svart Silograss** | **5 laga** | Kr. 9.900 |
| **Hvítt Supergrass** | **7 laga** | Kr. 10.400 |
| **Grænt Supergrass** | **7 laga** | Kr. 10.600 |
| **Hvítt EcoUltra** 20% meira á rúllunni | **7 laga** | Kr. 11.200 |
| **Rúllunet Protector** 123 og 130 cm x 3000m | | kr. 26.900 |




**Svart Silograss**
Lengd: 1500 m
Breidd: 75 cm
Þykkt: 25 u
Stungupróf: 250 gr
Fjöldi rúlla á bretti: 40




**Hvítt og grænt Supergrass**
Lengd: 1500 m
Breidd: 75 cm
Þykkt: 25 u
Stungupróf: 400 gr
Fjöldi rúlla á bretti: 40




**Hvítt EcoUltra**
Lengd: 1800 m
Breidd: 75 cm
Þykkt: 22 u
Stungupróf: 350 gr
Fjöldi rúlla á bretti: 40

**EcoUltra**
**20% meira á rúllunni**
**Frábært verð**




***Listaverð:*** *kr. 1.070.000 án vsk.*
***AFSLÁTTUR:*** **kr. 370.000**
***Verð:*** *kr. 700.000 án vsk.*




***Listaverð:*** *kr. 1.500.000 án vsk.*
***AFSLÁTTUR:*** **kr. 250.000**
***Verð:*** *kr. 1.250.000 án vsk.*




***Listaverð:*** *kr. 1.350.000 án vsk.*
***AFSLÁTTUR:*** **kr. 370.000.000**
***Verð:*** *kr. 980.000 án vsk.*




***Listaverð:*** *kr. 1.660.000 án vsk.*
***AFSLÁTTUR:*** **kr. 250.000**
***Verð:*** *kr. 1.410.000 án vsk.*

## *Seljum síðustu Lely heyvinnuvélarnar á frábærum verðum sem ekki bjóðast aftur*




***Listaverð:*** *kr. 1.351.000 án vsk.*
***AFSLÁTTUR:*** **kr. 301.000**
***Verð:*** *kr. 1.050.000 án vsk.*




***Listaverð:*** *kr. 1.070.000 án vsk.*
***AFSLÁTTUR:*** **kr. 170.000**
***Verð:*** *kr. 900.000 án vsk.*




***Listaverð:*** *kr. 1.474.000 án vsk.*
***AFSLÁTTUR:*** **kr. 111.000**
***Verð:*** *kr. 1.363.000 án vsk.*

***Verð miðast við staðgreiðslu án uppítöku - Samsettar og keyrðar heim á hlað***

***Eins árs verksmiðjuábyrgð***

**Reykjavík** Krókháls 5f – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



STEINSMIÐJA AKUREYRAR

# Júnítilboð

**minnismerki.is**
**sala@minnismerki.is**
**s: 466 2800 / 899 9370**



***Steinn 110 eða 101***
***svart granít - það sterkasta***
***blómarammi, hvít möl***
***2 fuglar***
***blómavasi***
***lugt með ledljósi***
***Uppsetning á N-landi***
***og höfuðborgarsvæði***
***eða frí sending***
***559.000***



***Steinn 101 - 100x57 frá sökkli - sökkul 150x30***

***Svartur demantur***
***40x40 cm frá sökkli***



***sökkull 50x30***

***Blár demantur***
***40x40 cm frá sökkli***



***sökkull 50x30***

***Paradiso demantur***
***40x40 cm frá sökkli***



***sökkull 50x30***

***Grár demantur***
***40x40 cm frá sökkli***



***sökkull 50x30***

***Demantur - lugt með ledljósi- frí sending 159.000***

## Norrænt þing matreiðslumeistara, matreiðslu- og þjónakeppni í Hörpu:

# Wiktor Pálsson varð annar í keppni yngri matreiðslumanna

**Samtök norrænna matreiðslumeistara (NKF) héldu norrænt þing matreiðslumeistara í Hörpu í Reykjavík dagana 30. maí og 1. júní. Samhliða þinginu var keppt í matreiðslu, um nafnbótina Matreiðslumaður Norðurlandanna (Nordic Chef Of The Year), auk þess sem besti ungi matreiðslumaðurinn var útnefndur. Norræna þjónakeppnin var haldin samhliða viðburðunum í Hörpu. Bestum árangri Íslendinga náði Wiktor Pálsson, matreiðslunemi á Hótel Sögu, sem varð annar í keppni yngri matreiðslumanna.**



Þrír efstu í keppni yngri matreiðslumanna; Casper Correl frá Danmörku, Aron Espeland frá Noregi og Wiktor Pálsson með silfurverðlaunin. Mynd / Odd Stefán

### *Svíinn Henric bestur*

Matreiðslumaður Norðurlanda er Henric Herbertsson frá Svíþjóð, Kjell Patrick Örmen Johnsen frá Noregi varð annar og Finninn Niko Suomalainen þriðji.

Garðar Kári Garðarsson, Kokkur ársins 2018, keppti fyrir Íslands hönd í þeirri keppni. Hilmar Örn Hafsteinsson keppti í Framreiðslumaður Norðurlanda, en náði ekki heldur á verðlaunapall. Þar bar Nikolai Martens frá Danmörku sigur úr býtum, Kristoffer Aga frá Noregi varð annar og í þriðja sæti Noora Sipilä frá Finnlandi.

Besti ungi matreiðslumaðurinn var Aron Espeland frá Noregi og Daninn Casper Correll þriðji, á eftir Wiktori.

### *Fjöldi erlendra gesta í Hörpu*

Nálægt 200 matreiðslumenn voru komnir til landsins vegna þingsins og tengdra viðburða í Hörpu. Fjölbreytt dagskrá var í gangi auk sjálfs þingsins og keppnanna, en það var Klúbbur matreiðslumeistara sem stóð að viðburðinum.

Auk viðburða á vegum Klúbbs matreiðslumeistara þessa helgi voru Norrænu Emblu-matarverðlaunin veitt laugardaginn 1. júní í Hörpu. Þeim er ætlað að hampa norrænni matarmenningu og voru 48 tilnefndir til verðlauna í sjö flokkum. /smh

---


FISKISTOFA Traust - Framsækni - Virðing

## Vilt þú hjálpa okkur að gæta hagsmuna þjóðarinnar?

*Fiskistofa óskar eftir að ráða metnaðarfulla og jákvæða starfsmenn í veiðieftirlit í Stykkishólmi og á Höfn í Hornafirði.*

*Mannauður Fiskistofu er grunnstoðin í starfsemi hennar og er lögð mikil áhersla á starfsþróun, teymisvinnu og þekkingarmiðlun.*

Starfandi veiðieftirlitsmenn eru nær eingöngu karlar og er því athygli kvenna sérstaklega vakin á starfinu í þeim tilgangi að jafna kynjahlutföll í starfsgreininni, sbr. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

**Helstu verkefni:**
- Eftirlit á sjó, en í því felst m.a. lengdarmæling á fiski og tillögugerð um lokanir veiðisvæða, eftirlit með aflasamsetningu, veiðarfærum, hlutfalli smáfisks í afla og brottkasti afla. Þá fylgjast veiðieftirlitsmenn einnig með því að afladagbækur séu rétt útfylltar og séu í samræmi við veiðar og afla um borð.
- Eftirlit í landi, en það felur m.a. í sér eftirlit með löndun, vigtun og skráningu afla, eftirlit með veiðarfærum og aflasamsetningu, lengdarmælingar á afla og eftirlit með færslu afladagbóka. Eftirlit með löndunum erlendra skipa og úttektir á afurðum vinnsluskipa, eftirlit með lax- og silungsveiði ásamt skrifstofustörfum s.s. skýrslugerð þegar vettvangsstörfum lýkur, að fylgjast með löndunum og skráningum í aflaskráningarkerfi Fiskistofu og öflun gagna vegna brotamála sem upp koma.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Haldgóð reynsla af störfum í sjávarútvegi.
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta er áskilin.
- Gott heilsufar sbr. heilsufarskröfur Fiskistofu
- Sjálfstæði, fagmennska og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Sanngirni og háttvísi.
- Mjög góð hæfni í samskiptum nauðsynleg.
- Menntun sem nýtist í starfi s.s. skipstjórnarréttindi, stúdentspróf eða iðnmenntun æskileg.

Nánari upplýsingar um störfin veitir **Sævar Guðmundsson,** deildarstjóri í veiðieftirliti eða **Hildur Ösp Gylfadóttir** sviðsstjóri mannauðs og fjármála í síma 5697900
Ferilskrá á íslensku sem hefur m.a. að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf og umsagnaraðila sem og kynningarbréf þar sem hæfni viðkomandi umsækjanda í starfið er rökstudd sendist í gegnum heimasíðu fiskistofu, www.fiskistofa.is

**Umsóknarfrestur er til og með 25. júní 2019**.

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við SFR.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

*Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun með sex starfsstöðvar um land allt og eru höfuðstöðvar á Akureyri. Stofnunin annast stjórnsýslu á sviði sjávarútvegs og lax- og silungsveiði ásamt því að safna og vinna úr upplýsingum um þá málaflokka. Nánari upplýsingar um Fiskistofu má finna á www.fiskistofa.is.*




Úthlutað hefur verið úr frumkvæðissjóði Brothættra byggða til verkefnisins Öll vötn til Dýrafjarðar fyrir árið 2019. Til úthlutunar voru 7 milljónir króna.

## Verkefnið Öll vötn til Dýrafjarðar:

# Þrettán verkefni hlutu styrk

**Úthlutað hefur verið úr frumkvæðissjóði Brothættra byggða til verkefnisins Öll vötn til Dýrafjarðar fyrir árið 2019. Til úthlutunar voru 7 milljónir króna.**



Dýrafjörður. Mynd / HKr.

Alls barst 21 umsókn um styrki en heildarumfang verkefna sem umsóknir lutu að voru um 35 milljónir króna. Fram kemur á heimasíðu Byggðastofnunar að allar umsóknir hafi fallið vel að verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar.

Þau verkefni sem hlutu brautargengi í þetta skiptið voru eftirfarandi: Blábankinn vegna áforma um að halda vinnustofur og námskeið en verkefnið hlaut 500 þúsund krónur í styrk. Einnig fékk Blábankinn styrk að upphæð 400 þúsund vegna málstofu um Snjallþorpið. Hestamannafélagið Stormur fékk tvo styrki vegna reiðvallar að Ströndum, til að endurnýja uppistöður og fyrir afmörkun á hringvelli sem og vegna dómhúss, alls 780 þúsund krónur.

Kómedíuleikhúsið fékk styrk, Koltra handverkshópur einnig vegna námskeiðs í sútun á skinnum, Óttar Freyr Gíslason fékk styrk að upphæð 500 þúsund vegna fjallaskíða í Vestfirsku ölpunum og Guðrún Dögg Guðmundsdóttir hlaut styrk að upphæð 1,3 milljónir króna vegna verkefnis sem nefnist Soð í Dýrafirði. Freysteinn Nonni Mánason og Snorri Karl Birgisson fengu 650 þúsund króna styrki vegna Fóðurverksmiðju fyrir fiskeldi á Dýrafirði.

Þá fengu Guðbjörg Lind Jónsdóttir og Janne Kristensen styrk að upphæð 325 þúsund króna vegna útgáfu bókar með listaverkum Guðbjargar. Henry Fletcher fékk einnig styrki vegna ferðaþjónustuverkefnis sem og Janne Kristensen að upphæð 1,2 milljónir króna. Loks má nefna að Jón Skúlason fékk 500 þúsund vegna vinnu við að setja upp upplýsingaskilti fyrir ferðamenn við ferjustaðinn á Gemlufalli. /MÞÞ

ORKUSTOFNUN

Hefur þú kynnt þér **Smávirkjanaverkefni** Orkustofnunar?

- Smærri virkjanir geta verið lyftistöng fyrir bæði bændur og fleiri aðila
- Þær geta stuðlað að auknu orkuöryggi í landinu
- Geta verið svar við orkuskorti víða um land
- Geta tryggt vaxtarmöguleika í dreifðari byggðum landsins

Kynntu þér málið á vef Orkustofnunar:
https://orkustofnun.is/raforka/smavirkjanir/

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík - Sími 569-6000 - www.os.is




SPECTRA PRECISION LASER
...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ BESTA
ÍSMAR
SÍÐUMÚLA 28 / 108 REYKJAVÍK
SÍMI 5105100 / ISMAR.IS

EYJALIND
GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



LSB Lífeyrissjóður bænda

**Ársfundur 2019**

Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda verður haldinn föstudaginn 28. júní 2019 kl. 14 að Stórhöfða 23, 4. hæð, Reykjavík.

Dagskrá:
- Venjuleg ársfundarstörf.
- Stjórnarkjör skv. samþykktum.
- Önnur mál.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu.

**Stjórn Lífeyrissjóðs bænda**



**Lífeyrissjóður bænda - Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík**
**Sími 563 1300 - lsb@lsb.is - www.lsb.is**

www.bbl.is

Lífræn hreinsistöð



- **Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð**
- **Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar**
- **Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð**
- **Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti**
- **Engir hreyfanlegir hlutir**
- **Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar**

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is



**Rúmföt og handklæði**
fyrir ferðaþjónustuna

**Allt lín fyrir:**
Hótelið • Gistiheimilið • Bændagistinguna • Airbnb
Veitingasalinn • Heilsulindina • Þvottahúsið • Sérverslunina

**Starfsmannafatnaður**
fyrir hótel og veitingahús

**Eigum allt fyrir:**
- Þjóninn
- Kokkinn
- Gestamóttökuna
- Þernuna
- Vikapiltinn
- Hótelstjórnandann



86 ára
EDDA HEILDVERSLUN
Höfðabakki 9
110 Reykjavík
Sími 561 9200
eddaehf@eddaehf.is
www.eddaehf.is

**FRÉTTASKÝRING**

## Draumurinn um hreina orku – Enginn skyndilausn í sjónmáli sem mætir vaxandi eftirspurn eftir orku í heiminum:

# Kjarnasamrunaorka kannski að veruleika á næstu 25–30 árum

## – Þangað til munu þjóðir heims trúlega halda áfram að nota jarðefnaeldsneyti í stórum stíl til orkuframleiðslu ásamt kjarnorku



**Hörður Kristjánsson**
hk@bondi.is

**Ein leið til að framleiða nær ótakmarkaða orku um alla fyrirsjáanlega framtíð hafa sumir talið felast í beislun á kjarnasamruna með líkum hætti og gerist á sólinni. Árangurinn mun samt varla koma í ljós fyrir en eftir 25 til 30 ár.**

Að beisla slíkan ofurhita í manngerðum ofni krefst þó tækni sem enn er á tilraunastigi. Þar er stærst sameiginlegt tilraunaverkefni 35 þjóða í Frakklandi sem kallað er ITER, en það stendur fyrir „International Thermonuclear Experimental Reactor“.

Samkvæmt umfjöllun á vef World Economic Forum eru vísindamenn bjartsýnir á að það sé hægt að framleiða nær ótakmarkaða orku með kjarnasamruna og losna þannig við orkuframleiðslu sem skilur eftir sig losun á koltvísýringi. Það sé þó allt annað en einfalt. Nýlegar rannsóknir auki þó vonir manna um að þetta geti orðið að veruleika.

Nýjustu fréttir herma að vænlegt geti verið fýsilegt að nota gervigreind [deep learning artificial intelligence – AI] til að takast á að leysa flókin dæmi við það sem gerist við kjarnasamruna. Hefur teymi vísindamanna úr orkumálaráðuneyti Bandaríkjanna og Energy Princeton Plasma Physics Laboratory (PPPL) fundið leið til að nota gervigreind í þessum tilgangi.

### *Snýst um að sameina tvö atóm í eitt án geislavirkni*

Kjarnasamruni er andstæða kjarnaklofnings sem verður í kjarnorkusprengjum og nútíma kjarnorkuverum og veldur mikilli geislun. Er kjarnasamruni útskýrður á þann hátt að tveim ólíkum atómum sé steypt eða þau sprengd saman í eitt atóm undir gríðarlegum þrýstingi og hita. Massi sameinaðs atóms verði við það minni en atómanna tveggja sem mynduðu hana. Massinn sem upp á vantar er þá orka sem leysist úr læðingi við kjarnasamrunann og Albert Einstein lýsti með jöfnunni frægu E=mc2. Með kjarnasamruna á að vera hægt að ná út margfalt meiri orku en hægt er að ná með kjarnaklofnun og án þess að það skilji eftir sig langvarandi geislavirkan úrgang.

Vísindamenn hafa kokkað upp margar uppskriftir að kjarnasamruna með mismunandi atómum. Sú uppskrift sem þykir lofa mestu í dag byggir á að nota deuterium og tritium one atóm. Til þess að sameina þessi atóm þarf fyrst að ná um 39 milljóna gráðu hita á Celsíus til að framkalla 17,6 milljóna volta orku. Væntanlega er þó ekki ráðlegt fyrir fólk að prófa þessa uppskrift í eldhúsinu heima hjá sér.

Þessa hitaorku vonast menn svo til að geta beislað til þess t.d. að hita vatn og framleiða gufu til að knýja rafal í orkuveri og framleiða þannig raforku. Sem sagt einfalt og auðskiljanlegt hugmyndafræðilega en afar flókið og erfitt í framkvæmd.

### *Gríðarleg orka sem vinna má úr vetni sem framleitt er úr sjó*

Deuterium þykir vænlegt hráefni í kjaransamruna þar sem það er vetnis ísótóp og vetni er auðvelt að framleiða úr vatni eða sjó. Úr 3,8 lítrum (einu galloni) af sjó mætti þannig fá hráefni til að framleiða jafn mikla orku og hægt er að ná út úr 1.136 lítrum af bensíni, að því er segir á vefsíðu World Economic Forum.



**Fjölþjóðlega kjarnasamrunaverkefnið ITER er sannkallað risaverkefni og hefur staðið yfir í Suðaustur-Frakklandi frá árinu 2007. Þar er verið að smíða ofn sem byggður er á rússneskri „Tokamak“ tækni og er afar flókin. Í ofninn fara meira en milljón íhlutir og aðalhluti ofnsins mun vega um 23.000 tonn og kosta að minnsta kosti 20 milljarða evra, eða sem svarar yfir 2.760 milljörðum íslenskra króna.** Myndir / ITER

Í grein í Forbes er áætlað að orka sem fengist úr 11 pundum, eða 4,95 kg, af vetni í kjarnasamruna geti samsvarað orku sem hægt er að ná við brennslu á 18.750 tonnum af kolum, eða 56.000 tunnum af olíu eða úr sólarrafhlöðum sem þekja 302 hektara.

Forbes greindi svo frá því í janúar á þessu ári að vísindamenn í vísindaakademíu Bandaríkjanna hafi komist að þeirri niðurstöðu að með 200 milljóna dollara árlegu framlagi til tæknisviðsins væri sennilega mögulegt að þróa tækni sem gæti gert kjarnasamrunaofn að raunhæfum kosti fyrir árið 2050.

### *Risaverkefnið í Frakklandi*

ITER er sannkallað risaverkefni og bygging kjarnasamrunaofns hefur staðið yfir í Suðaustur-Frakklandi frá árinu 2007. Þar er verið að smíða ofn sem byggður er á rússneskri „Tokamak“ tækni og er afar flókin. Í ofninn fara meira en milljón íhlutir og aðalhluti ofnsins mun vega 23.000 tonn og kosta að minnsta kosti 20 milljarða evra, eða sem svarar yfir 2.760 milljörðum íslenskra króna.

Upphaflega var gert ráð fyrir að tilraunir með kjarnasamruna gætu hafist í ofninum í Frakklandi 2016. Framkvæmdin hefur hins vegar undið verulega upp á sig og nú eru menn að vonast til að það geti mögulega orðið árið 2025. Þá á eftir að fara í margvíslegar tilraunir og gæla menn við að ofninn gæti verið farinn að skila frá sér raforku árið 2045, samkvæmt frétt í blaðinu The Economist.

### *Kínverjum hefur miðað vel áleiðis*

Kínverjar hafa eins og fleiri þjóðir veðjað á þessa tækni og hafa náð hvað bestum árangri í tilraunum við kjarnasamruna, en þeir eru líka þátttakendur í ITER. Þannig náðu



**ITER kjarnasamrunaofninum er ætlað að framleiða og halda í skefjum heitum plasma sem gæti verið margfalt heitari en sólin, sem er þó allt að 15–17 milljón gráðu heit, en án þess að hann snerti veggi ofnsins.**

þeir fyrstir að framkalla og viðhalda samrunaorku samfellt í meira en 100 sekúndur árið 2017. Samkvæmt frétt á vef Unicef þá hyggjast Kínverjar vera komnir með kjarnasamrunaofn í fulla starfsemi í Anhui héraði árið 2050.

### *Margir veðja á kjarnasamrunann*

Þrátt fyrir að ITER verkefnið sé það umfangsmesta sem nú er í gangi, þá er unnið að fjölda annarra kjarnasamrunaverkefna víða um heim. Á síðasta ári kynnti einkafyrirtækið Tokamak Energy í Bretlandi að það hafi náð í fyrsta sinn að hita plasma í 15 milljón gráður á Celsíus.

Þá er í gangi samvinnuverkefni á MIT og Commonwealth Fusion Systems um hönnun á kjarnasamrunaofni sem styðst við það sem verið er að gera í ITER. Markmiðið er að ná að framleiða meiri orku en lögð er í að framleiða hana.

Kanadísk yfirvöld tilkynntu á síðasta ári um fjárfestingu upp á 37,5 milljónir dollara í fyrirtæki sem heitir General Fusion sem stofnað var 2002. Það einbeitir sér að nálgun kjarnasamruna sem kallaður er „magnetized target fusion“ sem mætti kannski útleggja sem segulstýrðan kjarnasamruna.

Í nóvember 2018 slógu Kínverjar [China Institute of Plasma Physics] nýtt met í kjarnasamrunatilraunum sínum í ofni sem nefndur hefur verið „Experimental Advanced Superconducting Tokamak eða EAST“ og er hluti af ITER verkefninu. Þar náðu þeir að framkalla 100 milljón gráðu hita á Celsíus sem er sex sinnum meiri hiti en í kjarna sólarinnar. Verkefnið er fjármagnað af Kína, Evrópusambandinu, Indlandi, Japan, Rússlandi, Suður-Kóreu og Bandaríkjunum.

### *Fjölþjóðleg samvinna um rússneska hugmynd*

Tokamak (Токамáк) kjarnasamrunaofninn er byggður á þeirri hugmynd að hægt sé að að viðhalda þeim ofurhita sem næst með kjarnasamruna fljótandi í plasma í segulsviði, án þess að hann snerti útveggi ofnsins sem myndu annars bráðna á augabragði. Þessari tækni var lýst á sjötta áratug síðustu aldar af sovésku eðlisfræðingunum Igor Tamm og Andrei Sakharov sem nýttu sér skrif Oleg Levrentiev um þessi mál.

Fyrsti Tokamak ofninn var gangsettur 1965 og frekari tilraunir 1968 þóttu sanna að aðferðafræðin gæti gengið upp og væri betri en önnur tækni sem reynd hafði verið varðandi kjarnasamruna. Buðu Sovétmenn breskri sendinefnda í heimsókn til að sannreyna niðurstöðurnar árið 1969.

Á áttunda áratugnum voru tilraunir gerðar með slíka ofna víða um heim með það að markmiði að ná út úr ofnunum meiri orku en notuð var til að framleiða hana. Eftir fund Ronalds Reagan og Mikaels Gorbachev í Sviss í nóvember 1985 var alþjóðlega verkefnið International Thermonuclear Experimental Reactor (ITER) sett í gang með þátttöku Sovétríkjanna, Bandaríkjanna og allra helstu iðnríkja heims.

### *Hægt miðar þrátt fyrir háværar upphrópanir*

Fyrir óþolinmóða jarðarbúa virðist miða ansi hægt að finna lausn á orkuvanda heimsins. Enn um hríð munu helstu iðnaðarveldi því þurfa að stærstum hluta að reiða sig á brennslu kola og olíu og á gasi auk raforkuframleiðslu með kjarnorku. Framleiðsla með endurnýjanlegum og vistvænum orkugjöfum hefur einfaldlega ekki dugað til að anna eftirspurnaraukningunni samkvæmt tölum Alþjóðaorkustofnunarinnar.

Vegna áherslu stjórnmálamanna á að draga úr losun koltvísýrings með minnkun á brennslu jarðefnaeldsneytis, hafa ýmsir fjármálamenn stokkið á vagninn og sjá þar ný tækifæri. Warren Buffett er einn þeirra, en samkvæmt frétt The Economist veðjar hann 30 milljörðum dollara á það sem kallað er hrein, eða „græn“ orka. Þekkt er að Elon Musk er með hugmyndir um að fylla þjóðvegi Ameríku af rafmagnsbílum.

The Economist segir hins vegar að þrátt fyrir að dæminu sé þannig stillt upp með fjálglegum hætti um vistvæna orkuframleiðslu, ásamt einhliða málflutningi sem lýsi skelfingunni sem fram undan sé, þá sé það staðreynd að eftirspurn eftir olíu fari vaxandi. Orkuframleiðsla eykst, bæði í Ameríku og á heimsvísu. Þess vegna sé verið að skipuleggja gríðarlegar fjárfestingar til að fullnægja þeirri eftirspurn og það sé langt í frá allt vistvænt.

### *Aukin olíu- og gasvinnsla á að mæta vaxandi raforkueftirspurn*

Blaðið bendir á að á árinu 2018 hafi 20 kolanámum í Norður-Ameríku verið lokað, en á sama tíma vinnur olíurisinn ExxonMobil að því að stórauka sína olíuframleiðslu. Stefnir fyrirtækið að því að dæla upp 25% meiri olíu og gasi árið 2025 en gert var 2017. Væntanlega er þar hugmyndin að olía og gas komi í stað kola til raforkuframleiðslu. Menn horfa þar á veruleikann og fyrirliggjandi staðreyndir um orkuþörf.

Þrátt fyrir upphrópanir, ótakmarkaða óskhyggju og væntingar um græna orku sem bjargi heiminum, virðist enn ekki vera unnt að mæta allri orkueftirspurninni á vistvænan hátt. Það verður vart gert í bráð á annan hátt en með jarðefnaeldsneyti. Þetta er því miður sá kaldi veruleiki sem við blasir. Þann vanda munu Íslendingar, sem líka horfa fram á sívaxandi eftirpurn eftir orku, ekki leysa með evrópskum pakkalausnum.

## Rigningar og flóð herja á kornbændur í miðvesturríkjum Bandaríkjanna:

# Skelfileg staða vegna látlausra rigninga og búist er við uppskerubresti

## – Miklar verðhækkanir vegna lítils framboðs á korni gætu haft keðjuverkandi áhrif á kjötframleiðendur og etanólframleiðslu

**Bændur í helstu kornræktarhéruðunum í miðvesturríkjum Bandaríkjanna, eða í Kornbeltinu sem svo er nefnt og stundum kallað brauðkarfa þjóðarinnar, óttast nú að lítið verði um uppskeru í sumar vegna látlausra rigninga og flóða í vor. Var aprílmánuður og 12 mánuðir þar á undan að sögn þeir blautustu í gjörvöllum Bandaríkjunum síðan mælingar hófust.**

Nær öruggt er talið að markaðsverð á korni muni rjúka upp vegna þess að líkur eru á lélegri uppskeru í miðvesturríkjunum. Hafði verð þegar hækkað verulega í maí. Talið er að það muni hafa keðjuverkandi áhrif á greinar eins og svínakjötsframleiðslu, kjúklingaframleiðslu og jafnvel nautgripaframleiðslu sem og framleiðslu á etanóli í eldsneyti. Þá hjálpar ekki til viðskiptastríðið sem Donald Trump Bandaríkjaforseti á í við Kína.





Skjámyndir úr frétt sjónvarpstöðvarinnar CBS um flóðin og rigningarnar í miðvesturríkjum Bandaríkjanna.

### *Allt á floti alls staðar*

Tilkynningar hafa borist frá borgum í miðvesturríkjunum allt frá St. Louis til Sault Ste Marie í Michigan um úrkomu sem á sér engar hliðstæður. Búist er við að í maí líkt og í apríl hafi verið sett enn eitt úrkomumetið, að því er segir í frétt The Washington Post.

Nýlegar mælingar sýna að meirihlutinn af ræktarlandi í Illinois er gegnsósa af vatni og er vatnið meira en þar hefur nokkru sinni sést, að mati hagfræðingsins Scott Irwin hjá Illinois háskóla. Hefur staðan verið þannig að bændur geta hvorki sáð né plantað í leðjuna sem þar er.

Ekki er nóg að rigningin hætti, því jarðvegurinn þarf að þorna verulega til að mögulegt sé að sá í hann fræjum. Samkvæmt nýjustu spám frá National Atmospheric og Oceanic Administration, er útlitið ekki glæsilegt fyrir bændur, en aðal sáningartímabilið er nú að mestu liðið á öllu svæðinu.

### *Í byrjun júní var ekki búið að sá í rúmlega 40% akranna*

Í venjulegu árferði væru allir bændur búnir að sá fyrir nokkru. Í lok maí er venjulega búið að sá í um 84% akra í miðvesturríkjunum en núna var einungis búið að sá í um 46%. Í fyrri viku hafði bændum þó tekist að sá í um 67% af sínu kornræktarlandi. Staðan var þó æði misjöfn. Í Illinois var einungis búið að sá í 45% akranna og í Indiana var búið að sá í 31%, en þar var búið að sá í 18% í lok maí. Í sumum ríkjum var talan jafnvel enn lægri. Þá er ljóst að sá þarf að nýju í verulegan hluta þeirra akra sem farið hafa undir vatn.

### *Fáránleg staða*

Nefnt er dæmi af bóndanum Sherman Newill í Hustonville. Þar voru akrar hans á kafi í vatni fyrir viku. Sagði hann þetta helst líkjast síendurtekinni martröð. Um leið og bændur reyni að veita vatninu af ökrum sínum eftir bestu getu til að undirbúa jarðveginn fyrir sáningu, þá komi rigning og allt er unnið fyrir gýg.

Hann segir að sú tilhugsun að þurfa að sá í miðvesturríkjunum þegar komið sé fram í júní sé hreint fáránleg. Það sé ekki einu sinni þekkt að vísindamenn taki gróðursýnishorn svo seint til að áætla væntanlega uppskeru. Hann var búinn að sá í 240 af um 480 hekturum og taldi sig góðan miðað við marga aðra. Hann segir þó ljóst að það þurfi að sá á ný í að minnsta kosti um 100 hektara.

Newill segir að ef óttinn breiðist út við að uppskera verði léleg, þá muni það sprengja upp verð á kornmarkaði. Um miðjan maí hafi þetta ástand þegar leitt til þess að verð á mörkuðum hafði hækkað um 20% frá því sem lægst var. Hann segir að bændur muni þó reyna að sá þó seint verði og líkur á að uppskera á hvern hektara verði lélegri. Tíminn er þó að renna mönnum úr greipum, því ekki er talið vænlegt að sá eftir fyrstu viku júní. Fyrir suma bændur er þegar orðið of seint að sá í akrana þetta árið.

Newill, sem einnig stundar kornviðskipti, segir að bændur hafi gert allt sem í þeirra valdi stendur til að bregðast við stöðunni en veðrið hafi bara alltaf vinninginn. „Það skiptir engu þótt staðan á mörkuðum sé hagstæð ef þú kemst ekki einu sinni út á akurinn.“




### *Fræin drukkna*

Haft er eftir jarðvegsfræðingnum Andrew Kniss hjá háskólanum í Wyoming, að engin dæmi séu um að ekki sé búið að sá í eins stórt hlutfall akra og á þessu vori. Vegna rigninga og flóða sé einnig líklegt að það þurfi að endursá í stóran hluta akranna ef einhver von eigi að vera um uppskeru. Fræin hreinlega drukkni.

### *Vart mun takast að sá korni í 4 milljónir hektara*

Hagfræðingurinn Scott Irwin hjá Illinois háskóla segist sannfærður um að kornuppskeran í miðvesturríkjunum verði mun minni en í meðalári. Hann telur líklegt að ekki takist að sá í um 4 milljónir hektara [10.000.000 ekra], eða að í það verði að einhverju leyti sáð sojabaunum. Þótt bændur reyni að veðja á sojabaunaræktun, þá muni bændur verða í vandræðum með að selja þá uppskeru. Helsti kaupandi sojabauna er Kína, en Donald Trump hefur einmitt átt í tollastríði við Kínverja svo líkur á sölu þangað eru litlar.

### *Líklegt að fjöldi bænda gefist upp og hætti*

Scott Irwin segir að flestir efnahagssérfræðingar spái að kornbændum takist einungis að ná um 55% af tekjum sínum þetta árið. Hann telur víst að margir bændur muni gefast upp og hætta rekstri. Sumir hafi engar tryggingar gegn slíkum áföllum og telur hann að það eigi við um 15% bænda og fjölskyldna þeirra. Það séu flest bændur með tiltölulega lítinn rekstur.

Annar angi af þessu ástandi er framleiðsla á etanóli sem eldsneyti úr korni. Léleg uppskera mun hafa veruleg áhrif á þá grein. */HKr.*



Svona var staðan hjá mörgum kornbændum í Miðvesturríkjunum fyrir um viku síðan.





2019 ÁRGERÐIN AF TONGLI VINSÆLU RAFMAGNSHJÓLUNUM ER KOMIN.
HAFIÐ SAMBAND Í SÍMA 415 1690 EÐA SKOÐIÐ ÚRVALIÐ Á WWW.EHJOL.IS.
VERIÐ VELKOMIN Í SÝNINGARSAL OKKAR AÐ AUSTURMÖRK 4 Í HVERAGERÐI.



**T408-3**
1000W 60V
með hljómflutningstækjum.
370.000 kr.



**T408**
1000W 60V
með hljómflutningstækjum.
350.000 kr.



**T418-S**
1000W 60V
með hljómflutningstækjum.
440.000 kr.

ehjól | Austurmörk 4 | 810 Hveragerði | sími:415 1690 | ehjol@ehjol.is | www.ehjol.is

UTAN ÚR HEIMI

### Búist við að slátra þurfi um þriðjungi svínastofnsins í Kína vegna afrískrar svínaflensu:

# Niðurskurður svína í Kína samsvarar ársframleiðslu svínakjöts í Evrópu

**Kínverjar glíma nú við mikla útbreiðslu á afrískri svínapest [African swine flu - ASF). Samkvæmt úttekt sérfræðinga hollenska bankans Robobank þá er gert ráð fyrir að Kínverjar þurfi að farga um 150–200 milljónum svína til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu sjúkdómsins. Þetta er óneitanlega stór biti en til samanburðar var slátrað um 700 milljónum svína til manneldis í Kína á árinu 2018.**

Fjallað var um málið á Business Insider þann 15. maí síðastliðinn. Þar kemur fram að einkenni veikinnar í svínum sé mikill og blóðugur niðurgangur, þunglyndi og fósturmissir. Er sjúkdómurinn sagður ólæknandi og dánartíðnin 100%, en sjúkdómurinn er þó ekki talinn skaðlegur mönnum.

***Smit svínapestar rakin til fóðrunar dýra á matarleifum***

Kínverska landbúnaðarráðuneytið hefur rakið fyrstu smittilfellin til þess að svín hafi verið fóðruð á matarúrgangi frá eldhúsum og veitingastöðum. Slíkt hefur mikið verið tíðkað, einkum meðal fátækari bænda þar sem það er ódýrari leið en að kaupa sérstakt svínafóður. Slík iðja er áður talin hafa leitt til sjúkdómsfaraldra í dýrum víða um heim, þar á meðal gin- og klaufaveikifaraldursins sem kom upp í Bretlandi 2001.

Mikil útbreiðsla sjúkdómsins í Kína er mjög alvarleg, ekki síst í ljósi þess að Kínverjar eru stærstu framleiðendur og neytendur svínakjöts í heiminum.

***Niðurskurður samsvarar allri svínakjötsframleiðslu Evrópu***

Gert er ráð fyrir að Kínverjar þurfi að farga um þriðjungi af sínum svínastofni, eða 150–200 milljónum dýra í viðleitni við að hemja útbreiðslu svínapestarinnar. Það þýðir að svínakjötsframleiðsla Kínverja muni dragast saman á þessu ári um 25–35% á þessu ári. Áætlaður samdráttur Kínverja í svínakjötsframleiðslu á þessu ári samsvarar ársframleiðslu á svínakjöti í Evrópu.





**Áætlað er að drepa þurfi um 150–200 milljónir svína í Kína til að hefta útbreiðslu svínapestarinnar í landinu.** Myndir / Asia News

Samkvæmt frétt The New York Times var þegar búið að farga um milljón svínum vegna sjúkdómsins í byrjun apríl.

***Mikill niðurskurður talinn hækka heimsmarkaðsverð á svínakjöti***

Vegna aukinnar eftirspurnar samfara miklum niðurskurði í Kína er það talið leiða til mikilla verðhækkana á svínakjöti á heimsmarkaði. Kínverjar hafa reynt að bregðast við komandi vanda með því að safna birgðum af frosnu svínakjöti.



**Frá svínakjötsmarkaði í Kína. Fréttir af sjúkdómnum hafa leitt til vantrausts meðal kaupmanna og almennings í Kína á að kjötið sem á boðstólum er sé öruggt til neyslu. Einnig er óttast að sýkt kjöt hafi verið sett í vinnslu á ýmiss konar kjötréttum.**

Eru bandarískir svínabændur nú farnir að veðja á að Kínverjar muni leita til þeirra eftir svínakjöti. Um slíkt ríkir reyndar mikil óvissa vegna yfirstandandi tollastríðs Bandaríkjanna við Kína.

Þá hafa fréttir af sjúkdómnum líka leitt til vantrausts meðal kaupmanna og almennings í Kína um að kjötið sem á boðstólum er sé kannski ekki öruggt til neyslu. Einnig er óttast að sýkt kjöt hafi verið sett í vinnslu á ýmiss konar kjötréttum.

Hafa yfirvöld í Kína hótað að refsa þeim bændum sem tilkynna ekki um sýkingar í sínum svínum. Þrátt fyrir það hafa borist fréttir af því að dauðum svínum hafi verið varpað í ár og skurði og gefið í skyn að þau dýr hafi komið frá bændum sem ekki hafi tilkynnt um svínapest í sínum dýrum.

***Svínapestin orðin útbreidd um allt Kína og víða í Asíu***

Svínapestin hefur breiðst til allra héraða í Kína frá því landbúnaðarráðuneytið í Beijing staðfesti fyrst í ágúst 2018 að faraldur væri kominn upp í Liaoning i norðausturhluta landsins við landamæri Norður-Kóreu. Miðað við hraða útbreiðslu pestarinnar síðan er talið víst að hún hafi þegar verið orðin mjög útbreidd löngu áður en tilkynnt var um faraldurinn af yfirvöldum. Samkvæmt gögnum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, hefur sjúkdómurinn nú breiðst út um allt Kína og einnig til Hainan eyju og til fleiri Asíulanda eins og Víetnam, Kambódíu og Mongólíu. /HKr.






**Víða er yfirvofandi uppskerubrestur og í framhaldi af honum fæðuskortur og hungur.**

## Indland:

# Gríðarlegir þurrkar

**Miklir þurrkar á Indlandi hafa leitt til þess að fólk hefur flúið hundruð þorpa. Hitinn hefur víða farið yfir 50° á Celsíus og ekki er talið að það muni rigna á næstu vikum.**

Hitabylgjan sem legið hefur eins og mara yfir hluta Indlands undanfarnar vikur hefur leitt til mikilla þurrka og vatnsskorts. Allt að 90% íbúa í smáþorpum hafa flúið heimili sín í leit að vatni og dæmi eru um að veikir og aldraðir hafi veri skildir eftir.

Yfirvöld segja að þurrkarnir séu verri en þurrkarnir árið 1972 sem leiddu til þess að yfir 25 milljón manns lentu á vergangi og þúsundir létust. Víða er yfirvofandi uppskerubrestur og í framhaldi af honum fæðuskortur og hungur.

Ástæða hitabylgjunnar er veðurfyrirbærið El Nino sem er heiti yfir breytingar á staðvindum í Kyrrahafinu sem valda óvenju háum sjávarhita við miðbaug. Við El Nino ár, þá minnkar úrkoman í Indónesíu, Ástralíu og Indlandi, á sama tíma og úrkoma eykst í Suður-Ameríku og hluta Bandaríkjanna. /VH


ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM
IS HURÐIR
www.ishurdir.is
564-0013 | 865-1237


ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS
NÝ VEFVERSLUN!
Búnaður fyrir jeppann og ferðalagið.
www.arctictrucks.is
Enginn sendingarkostnaður ef verslað er fyrir 5.000 krónur eða meira!
Kíktu á vöruúrvalið!
AT 3
ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS
Arctic Trucks
Kletthálsi 3
110 Reykjavík
sími 540 4900
info@arctictrucks.is
www.arctictrucks.is


BALEXMETAL
YLEININGAR
ERU LÉTTAR STÁL-KLÆDDAR SAMLOKU-EININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐS- EÐA STEINULLARKJARNA.
Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.
Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.
BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.
Hafðu samband: bondi@byko.is
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN


SaMASZ
heimsmethafi í slætti
SaMASZ
Búvís
Akureyri · Sími 465 1332
www.buvis.is

LÍF & STARF



Jón Bernódusson (t.v. ) ásamt Ólafi Eggertssyni, bónda á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum, en á bænum hefur verið ræktuð repja til olíuframleiðslu frá 2008 með góðum árangri. Myndir / MHH

# Hægt væri að knýja allan íslenska skipaflotann með repjuolíu

**„Það væri auðveldlega hægt að knýja íslenska skipaflotann með vistvænni íslenskri orku, repjuolíu, sem bændur gætu ræktað í stórum stíl," segir Jón Bernódusson, verkfræðingur hjá Samgöngustofu.**

„Við erum með allar kjöraðstæður fyrir slíkt verkefni. Það þarf bara að spýta í lófana og fara að taka á hlutunum, því útblástur skipa og flugvéla er mjög stór hluti þess $CO_2$ sem nú er reynt að minnka vegna ört vaxandi hlýnunar jarðar," segir Jón.

Hann hefur haldið fjölmarga fyrirlestra fyrir erlenda námshópa um kosti repjunnar, auk þess að gera rannsóknir á plöntunni.

„Við ræktun á repju tekur hektarinn með ljóstillífun í sig 6 tonn af $CO_2$. Við það verður til afurð sem er súrefni $O_2$. Við brunann á olíunni sem til verður á einum hektara munu 3 tonn af $CO_2$ fara aftur út í andrúmsloftið sem er aðeins helmingur þess magns $CO_2$ sem binst og eyðist við ræktunina.

Ef við erum að tala um repju fyrir allan íslenskan fiskiskipaflotann værum við með ræktuninni að nýta tæp 500.000 tonn af $CO_2$ úr andrúmsloftinu, þ.e. 250.000 tonn umfram það sem verður til við bruna olíunnar. Það munar um minna," segir Jón.





Olían úr repjunni þykir góð á rútur og ætti því líka að virka vel á íslensku skipin. Íslenska repjuolían frá Þorvaldseyri hefur slegið í gegn en hún er fullunnin á bænum. Hratið sem verður til við ræktunina er hægt að nýta sem fóður og stönglana sem lífrænan áburð.



Jón hefur haldið fyrirlestra um kosti repjuræktunar fyrir um tvö þúsund nemendur víða að úr heiminum síðustu ár. Það hefur einnig verið sóst eftir kynningum hans og fyrirlestrum víða erlendis og þá sérstaklega í Þýskalandi. Í fyrirlestrunum er Jón fyrst og fremst að miðla hugmyndum um sjálfbæra og innlenda ræktun orkujurta til að knýja samgöngutæki.

### *Ræktun á 150 hekturum í dag*

Í dag er repja ræktuð á 150 hekturum hjá bændum víðs vegar um landið.„Til að knýja íslenska fiskiskipaflotann þarf 160.000 hektara sem er 40 x 40 km landsvæði. Það tekur 2 tíma að keyra í kringum það á 80 km hraða. Við myndum rækta upp sandana með lúpínu og í framhaldinu kæmi repjan, þetta er ekki flókið," bætir Jón við. */MHH*

Gámurinn
er þarfaþing



Til leigu eða sölu:
- Þurrgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaropnun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur



Hafðu samband 568 0100

www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar

Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði



Framkvæmdir við Ölfusárbrú í sumar eru veðurháðar og getur því framkvæmdatími dregist eitthvað. Gert er ráð fyrir að gönguleið verði opin allan verktímann, þó með einhverjum truflunum. Mynd / MHH.

# Ölfusárbrú verður sandblásin í sumar

**Vegagerðin vinnur nú að undirbúningi viðhaldsframkvæmda á Ölfusárbrú við Selfoss en um verður að ræða sandblástur og málun stálgrindar undir brúnni. Gert er ráð fyrir að sandblása og mála alla grindina í aðalbrúnni sem er undir brúnni.**

Verkið var boðið út en tilboð voru öll of há og því var öllum hafnað. Lægstbjóðanda var gefinn kostur á að lækka tilboð sitt, sem hann gerði og er nú innan samningsheimildamarka. Vegagerðin gerir kröfu um að sett verði net á brúna báðum megin sem eigi að taka við öllum óhreinindum og málningu. Til að koma vörnunum við þarf að gera brúna einbreiða í stuttan tíma þegar verið er að setja niður net þar sem ekki er gönguleið, reiknað er með að sú vinna verði gerð á kvöldin þegar umferð er sem minnst. Verktaka er ekki heimilt að vinna nema til kl. 20 á kvöldin við sandblástur og málningu vegna nálægðar við íbúðabyggð og hótel. Verktími er áætlaður frá júní fram til 25. ágúst í sumar. */MHH*

## Árnessýsla:

# Breyting á nokkrum póstnúmerum

**Íslandspóstur hefur ákveðið að breyta póstnúmerum en 801 Selfoss er langstærsta dreifbýlispóstnúmer landsins og eru þar nú 5 sveitarfélög sem tilheyra 801 Selfoss en það eru Árborg, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúperjahreppur Grímsnes- og Grafningshreppur og Bláskógabyggð.**

| Var | Verður | Póstáritun | Sveitafélag/svæði |
|---|---|---|---|
| 801 | 801 | Selfoss | Árborg (óbreytt pnr) |
| 801 | **803** | Selfoss | Flóahreppur |
| 801 | **804** | Selfoss | Skeiða og Gnúpverjahreppur |
| 801 | **805** | Selfoss | Grímsnes og Grafningshreppur |
| 801 | **806** | Selfoss | Bláskógabyggð |

Búið er að kalla eftir að 801 verði skipt upp í fleiri póstnúmer í þó nokkurn tíma.

„Flokkunarlega séð hefur það valdið vandræðum þar sem margir bæir bera sama bæjarnafn. Dæmi eru um að alnafnar búi á bæ með sama bæjarnafni og er þá hending hver fær rétta bréfið, því að engin leið er að tryggja að bréf sé dreift til rétts aðila. Þetta hefur einnig valdið vandræðum og misskilningi hjá lögreglu og sjúkraflutningamönnun sem er afar slæmt. Kosturinn við breytinguna er að í raun fær hvert sveitarfélag sitt eigið númer. Áritunin verður þó áfram Selfoss,“ segir Hannes Guðmundsson hjá póstnúmeranefnd Íslandspósts. */MHH*







Á FRAMANDI SLÓÐUM

# Madagaskar – Áttunda heimsálfan



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

**Í Indlandshafi út af austurströnd Afríku er fjórða stærsta eyja í heimi og kallast hún Madagaskar. Ríkið Madagaskar nær yfir eyjuna og fjölda minni nærliggjandi eyja. Sérstaða eyjunnar er það mikil að með réttu mætti kalla hana áttundu heimsálfuna. Sannkölluð ævintýraeyja sem gaman er að heimsækja.**

Madagaskar og nærliggjandi eyja voru í eina tíð hluti af Indlandsskaga en klofnaði frá honum þegar meginlandið Gonvana brotnaði upp fyrir milljónum ára. Eyjan er um 400 kílómetra út af Mósambík á austurströnd Afríku og er um 600 ferkílómetrar að stærð, 1.600 kílómetra löng og 575 kílómetra breið, og stærri en Frakkland.



Götumynd frá Antananarívó, höfuðborg Madagaskar. Myndir / VH



Líkur sækir líkan heim.

### *Einstakt lífríki*

Vegna einangrunar eyjunnar þróaðist þar einstakt og um leið sérstakt dýra- og plöntulíf sem hvergi er að finna annars staðar í heiminum. Á eyjunni er að finna 5% allra plöntu- og dýrategunda í heiminum og líffræðileg fjölbreytni þar hvað mest í veröldinni.

Talið er að Madagaskar hafi að mestu verið skógi vaxin þegar fyrstu menn fundu eyna, en síðan hefur smám saman gengið á þann gróður. Nú er svo komið að aðeins 15% lands eru vaxnir skógi og þar sem skóginum hefur verið eytt hefur umhverfið og lífríkið orðið mun einhæfara.

Vegna þessa er náttúra eyjunnar viðkvæm og flóra hennar er til dæmis undir smásjá og í gjörgæslu grasagarðsins í Kew. Fjöldi dýra, eins og risalemúrar, fílafuglar og Madagaskarflóðhestar, hefur dáið út eftir að menn settust að á eyjunni.

Landbúnaður og túrismi eru helstu atvinnuvegir Madagaskar og talsvert er ræktað af vanillu og negul sem eru helstu útflutningsvörur eyjunnar.

### *Afdrep fyrir sjóræningja*

Minjar benda til að menn hafi fyrst komið til eyjarinnar um 2000 fyrir Krist en að föst búseta þar hefjist ekki fyrr en 1500 árum seinna. Í dag eru þjóðflokkar í landinu fjölmargir og halda flestir enn í sínar siðvenjur og menningararf. Merínar er sá fjölmennasti.

Skömmu eftir að menn settust að á Madagaskar var eyjan mikilvæg höfn við Indlandshaf og Arabar settu á fót verslun á vesturströnd hennar. Á átjándu og byrjun nítjándu aldar var Madagaskar þekkt sem höfn sjóræningja og þrælakaupmanna.

Marco Polo er sagður vera fyrsti Evrópumaðurinn sem minnist á Madagaskar í riti. Fyrsti Evrópumaðurinn sem vitað er að hafi stigið fæti á Madagaskar var portúgalskur strandaglópur á 17. öld. Það var svo ekki fyrr en 1777 að Evrópumaður komst alla leið upp á hálendi eyjunnar og sneri heim aftur með sögur af sérkennilegum þjóðflokki, Merínum, sem hann komst í kynni við.

Talið er að Merínar séu afkomendur malanískra og indónesískra innflytjenda sem settust að í hálendinu um miðbik eyjunnar. Madagaskar var þar til seint á 18. öld skipt í yfirráðasvæði margra ættbálka. Snemma á 19. öld náði konungsríki Merína að leggja alla eyjuna undir sig og stofna konungsríkið Madagaskar.



Þær voru ekki háar í loftinu, gengilbeinurnar á þessum bar.





Kerlingin sem seldi mér stinningargrösin.







Indris-lemúrar eru stærstir af þeim 100 tegundum sem tilheyra 15 ættkvíslum lemúra á Madagaskar.

Frakkar hernámu hluta Madagaskar á 17. öld en það var ekki fyrr en seint á 19. öld að eyjan var fullkönnuð og Frakkar ná fullum yfirráðum. Madagaskar varð frönsk nýlenda árið 1897 en aftur sjálfstætt ríki 1960.

Innfæddir segja að nýlenduherrarnir hafi gengið illa um gæði eyjunnar og lítið gert annað en að láta greipar sópa um landið og segja þeir að enn í dag séu áhrif Frakka mikil á Madagaskar. Talsvert róstur var á eyjunni fyrir um áratug enda misskipting gæða þar mikil og landið flokkað með minnst þróuðu og fátækustu löndum heims, þrátt fyrir að búa yfir talsvert miklum gæðum frá náttúrunnar hendi.

Höfuðborg og jafnframt stærsta borg landsins heitir Antananarívó en er í daglegu máli kölluð Tana. Borgin er staðsett á hálendinu nærri miðju eyjarinnar og var stofnuð snemma á sautjándu öld sem vígi Andrianjaka, konungs Merína.

Þegar Frakkar tóku völd í eyjunni ákváðu þeir að setja nýlendustjórnina niður í borginni og borgin var áfram höfuðborg eftir að Madagaskar fékk sjálfstæði. Árið 2017 voru íbúar borgarinnar tæplega 4 milljónir en ríflega 25,5 milljónir Malagasa búa í landinu.

### *Múra múra*

Þrátt fyrir misjöfn kjör eru íbúar Madagaskar brosmilt fólk og ekki er mikið um alvarlega glæpi í landinu þótt það komi fyrir að túristar séu rændir.

Flestir íbúar tala Malagasí og frönsku og margir ensku. Malagasí er nánast skáldlegt tungumál og fallegt og til dæmis er algengt að sólin sé nefnd dagsauga og býfluga hunangsmóðir. Einkennisorð þjóðarinnar mun þó vera múra múra, eða slappaðu af.

### *VOIMMA-garðurinn og Indrislemúrar*

Fyrir náttúruunnendur er Madagaskar sannkölluð ævintýraeyja og þar er feikilega margt að skoða. Í 130 kílómetra fjarlægð austur af höfuðborginni er VOIMMA-garðurinn sem er rekinn af heimamönnum. Í garðinum er lögð áhersla á að viðhalda innlendum gróðri og innlendu dýralífi.

Hópurinn sem ég ferðaðist með um miðbik Madagaskar í apríl síðastliðnum fór í eins konar næturgöngu um garðinn með leiðsögn og skoðuðum við næturlífið. Þar sáum við meðal annars Indris-lemúra, sem eru með langt skott og gráhvítan og svartan feld. Indris-lemúrarnir eru stærstir af þeim 100 tegundum sem tilheyra 15 ættkvíslum lemúra á eyjunni. Lemúrar eru sértegund prímata sem þróuðust á Madagaskar og eins konar einkennisdýr eyjunnar. Þeir eru flokkaðir sem hálfapar. Hringhalar, eins og lemúrar eru stundum kallaðir, eru ólíkir að lit á feldinn og fremur smávaxnir og ekki nema 45 grömm til 10 kíló að þyngd. Þeir eru hópdýr sem að mestu lifa á laufi, ávöxtum og blómum og halda sig aðallega í trjákrónum og geta verið allt að þrjátíu saman í hóp. Til að auka klifurgetu lemúra í trjánum er stóratá þeirra tvöfalt lengri en aðrar tær. Orðið lemúr þýðir draugur og er það skiljanlegt eftir að hafa séð stóru augun á þeim uppi í trjánum endurspeglast í ljósinu frá vasaljósunum.

Í myrkrinu, með hjálp ljóss, mátti einnig sjá margs konar eðlur, snáka, froska og ef vel var að gáð gekkó, sem kenndur er við Satan en líkist einna helst sölnuðu laufblaði.

### *Fosa er lemúrum skeinuhætt*

Á Madagaskar er að finna kjötæturándýr sem kallast fosa og líkist stórum ketti en er skyldari mongús eða þefköttum en kattardýrum. Dýrið er á ferðinni á degi sem nóttu og eru lemúrar og önnur minni spendýr ofarlega á matseðli þess. Fosa er lipurt við að klifra í trjám og eina villta rándýrið, að manninum undanskildum, sem er ógn við stóra lemúra á eyjunni.

### *Hrísgrjón og forfeðradýrkun*

Í ferðinni var meðal annars gengið um frjósöm ræktunarlönd þar sem mátti sjá hrísgrjónarakra, maís, baunaplöntur, melónur og avokadótré. Zebú, indverskum nautgripum með hnúð á bakinu, er beitt á akrana til að halda niðri illgresi og að bæta áburði í jarðveginn.

Heimamenn nýta hvaða hentugt svæði sem er til að



Nýskorinn hrísgrjóna-akur.



Hrísgrjón þurrkuð á grafhýsi.

þurrka hrísgrjónin og þar á meðal grafhýsi forfeðranna. Í framhaldi af umræðu um hrísgrjónin og grafhýsin sagði stórgóður leiðsögumaðurinn okkar, Avotra Rabearisoa, að margir íbúar landsins aðhylltust blöndu af kristni og afrískri andatrú. Andar forfeðranna eru í hávegum hafðir enda eru þeir alls staðar nálægir, yfir og allt um kring og öllum fyrir bestu að styggja þá ekki.

Á landsbyggðinni er víða enn til siðs að stunda forfeðradýrkun sem felst í því að grafa upp eða opna grafhýsi forfeðranna og bjóða þeim til veislu ásamt vinum og vandamönnum fjölskyldunnar. Leifar hinna látnu eru bornir í skrúðgöngu, klæddar í ný föt og síðan lagðar í gröf sína á ný að hátíðinni lokinni. Miklu skiptir fyrir heiður fjölskyldunnar að gera vel við alla gesti í veislunni og helst þarf að slátra að minnsta kosti einum zebú-nautgrip.

Svarti dauði sprettur alltaf annað slagið upp á eyjunni og er talið að það kunni að tengjast þeim sið að grafa hina látnu upp.

Auk anda forfeðranna búa náttúruandar í dýrum, trjám, steinum og vötnum. Andar náttúrunnar eru eins konar hliðarguðir sem hægt er að leita og biðja til.

Zebú-nautgripir skipa ríkan sess í menningu landsbyggðarfólks og sá fjöldi zebú sem karlmenn eiga segir til um ríkidæmi þeirra. Ungir menn á landsbyggðinni sem biðja sér konu þurfa að leggja fjölskyldu til að minnsta kosti einn zebú sem greiðslu fyrir konuna. Sé biðillinn og fjölskylda hans of fátæk til að leggja til nautgrip en brúðkaupið að öðru leyti talið gott, er í mörgum tilfellum gert samkomulag í þorpinu þar sem biðlinum er gert kleift að stela gömlum zebú og nota hann sem greiðslu. Gripnum er síðan slátrað fyrir brúðkaupsveisluna og öllum þorpsbúum boðið til að gera sér glaðan dag.

Í höfuðborginni er þessu ekki ólíkt farið því að sögn staðarleiðsögumannsins skiptir þar mestu fyrir unga menn að eiga mótorhjól vilji þeir vekja athygli ungra kvenna.

### *Yfir miðhálendið til Morondova*

Til að komast til borgarinnar Morondova á vesturströnd Madagaskar og skoða baobab-risana við Baobab-breiðstræti var ekið yfir miðhálendi eyjunnar. Aksturinn tók heilan dag með stoppum og gaman var að horfa á grösugt landslagið, þorpin og mannlífið sem leið hjá.

### *Tólf þúsund tegundir plantna*

Flóra Madagaskar er alveg sér á báti og ólík flóru allra annarra landa í heimi og reyndar svo ólík að þar finnast um 12.000 tegundir plantna og um 83% þeirra eiga sér náttúruleg heimkynni á eyjunni og finnast ekki villtar annars staðar.

Á Madagaskar finnast yfir 900 tegundir brönugrasa og um 200 tegundir pálma sem er ríflega hundrað tegundum meira en eru upprunalegar á meginlandi Afríku.

Ferðamannapálminn er einstakur vegna blævængslaga blaðbyggingar en nafnið er tilkomið vegna þess að ferðamenn svöluðu þorsta sínum á vatni sem safnaðist fyrir í pollum í blaðöxlum plöntunnar. Þrátt fyrir heitið er ferðamannapálmi ekki pálmi samkvæmt skilgreiningu grasafræðinnar. Plantan er tvíkímblöðungur en ekki einkímblöðungur eins og pálmar og náskyld og blómstrar sams konar blómi og planta sem margir þekkja sem blóm paradísarfuglsins. Innann plöntu ættkvíslarinnar Ravenala er einungis ein tegund, eða ferðamannapálmi, sem er upprunnin á Madagaskar. Ferðamannapálmi er lógó Air Madagascar.



Fallegt fólk á leið til kirkju.



Múra múra er einkennisorð þjóðarinnar og merkir slappaðu af.



Zebú er stöðutákn á landsbyggðinni.



Madagaskar-fararnir. Vilmundur Hansen, Guðrún Sigurðardóttir, Halldór Björnsson, Ásmundur Gíslason, Helgi Benediktsson, Kristín Fenger, Skarphéðinn Þórisson og Ragnhildur Indriðadóttir. Mynd / Úr einkasafni GS



Fyrirsæta við þjóðveginn.



Morgunn við Baoba-breiðstræti.

### *Baobab-furðuplantan*

Af öllum þessum fjölda ólíkra plantna eru baobab-þykkblöðungar líklega þeir furðulegustu og þekktustu. Sex af átta eða níu tegundum baobab eru upprunnar á Madagaskar. Stærð og útlit baobab er ólíkt eftir tegundum og sum þeirra ógnarstór. Hæð þeirra er frá 5 og upp í 40 metrar og breidd stofnsins getur náð allt af 47 metrum að ummáli. Baobab vex yfirleitt stakt og setja plönturnar sterkan svip á umhverfið þar sem þær gnæfa yfir eins og risar.

Baobab-breiðstræti dregur nafn sitt af því að moldarþjóðvegur liggur í gegnum svæði með um 25 stórvaxin baobab á báðar hliðar.

Þar sem baobab skilja ekki eftir sig árhringi er erfitt að segja til um aldur plantnanna en annars konar aldursgreiningar benda til að baobab geti náð allt að 2.500 ára aldri. Yfirleitt eru elstu baobabplöntur í dag taldar vera milli 1.400 og 1.800 ára gamlar og þar með elstu dulfrævingar sem vitað er um.

### *Líf og fjör í Morondova*

Daginn sem við vorum í Morondova var mikið líf og fjör í borginni enda einhvers konar hátíð. Búið var að setja upp fjölda lítilla veitingaborða sem bæði seldu mat og drykki. Mikið bar á borðum þar sem hægt var að spila og snúa lukkuhjólum fyrir verðlaun. Búið var að koma upp tívolí þar sem börn á öllum aldri fóru í hringekjur og önnur leiktæki og hávaðinn var nánast ærandi en allir skemmtu sér vel og brostu út að eyrum.

Frá því ég var barn að skoða landakort var Madagaskar staðurinn sem mig langaði til að heimsækja. Eyja sem var eitthvað svo langt í burtu og dularfull. Núna hefur draumurinn ræst og vitið þið hvað, mig langar til að skoða meira. Madagaskar er æði.

## Matthildur Ásmundardóttir er bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar:

# Sótti ekki um stöðu bæjarstjóra en varð samt bæjarstjóri

**Sveitarfélagið Hornafjörður varð til árið 1998 þegar öll sveitarfélög í Austur-Skaftafellssýslu sameinuðust. Hornafjörður er fjörður en í hann rennur Hornafjarðarfljót og skilur það að sveitirnar Mýrar og Nes. Austan fjarðarins er bæjarfélagið Höfn í Hornafirði.**

Margir af þekktustu ferðamannastöðum landsins eru í sveitarfélaginu, eins og Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, Skaftafell, Lónsöræfi og Ingólfshöfði svo einhverjir staðir séu nefndir. Bæjarstjóri sveitarfélagsins er Matthildur Ásmundardóttir, skelegg og hress kona, sem við fáum að kynnast aðeins nánar í þessu viðtali, auk þess sem við fáum fróðlegar upplýsingar um starfsemi sveitarfélagsins.



Yfirlitsmynd af Sveitarfélaginu Hornafirði með fallegu landslagi. Náttúra svæðisins og náttúruleg fjölbreytni lífríkis er einstök á svæðinu. Hluti stærsta þjóðgarðs landsins er innan landsvæðis Hornafjarðar með stærsta jökul Evrópu innan síns svæðis. Einnig eru strandlengjur, sandar, ár og vötn stór þáttur í umhverfi Hornafjarðar. Myndina tók Mats Wibe Lund og hafi fólk áhuga á að eignast slíka mynd eða myndir úr öðrum landshlutum þá er hægt að fara inn á mats.is (eða https://mats.photoshelter.com/index) og senda tölvupóst á mats@mats.is.

### *Fædd og uppalin á Hornafirði*

„Ég er fædd og uppalin á Hornafirði, fæddist á Skjólgarði og ólst upp í Nesjunum. Foreldrar mínir eru Ásmundur Gíslason og Guðrún Sveinsdóttir en hún lést árið 1987. Grunnskólaganga mín fór fram í Nesjaskóla og ég útskrifaðist sem stúdent í Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu.

Ég fór eitt ár sem skiptinemi til Lissabon í Portúgal en það var frábær skóli. Svo flutti ég til Reykjavíkur í janúar 1998 og hóf háskólanám þá um haustið í sjúkraþjálfun. Útskrifaðist sem sjúkraþjálfari árið 2002. Ég starfaði eitt ár á Reykjalundi og í Sjúkraþjálfaranum í Hafnarfirði.

Við hjónin ákváðum að flytja til Hornafjarðar haustið 2003 en þá vantaði sjúkraþjálfara til starfa. Ég starfaði sem sjúkraþjálfari á Hjúkrunarheimilinu Skjólgarði og einnig sjálfstætt starfandi til ársins 2012.

Samhliða starfinu var ég í mastersnámi í heilbrigðisvísindum við HÍ og útskrifaðist þaðan árið 2011. Ég tók við starfi framkvæmdastjóra á Heilbrigðisstofnuninni Hornafirði haustið 2012. Því starfi gegndi ég þar til síðasta haust þegar ég tók við starfi bæjarstjóra," segir Matthildur þegar garnirnar eru raktar úr henni um sjálfa sig, fjölskylduna og störf hennar í gegnum árin.

Matthildur er gift Hjálmari J. Sigurðssyni. Hann er Reykvíkingur og starfar sem sjúkraþjálfari. Þau eiga þrjú börn, 7, 13 og 16 ára. Þau eru öll í Grunnskóla Hornafjarðar, elsti sonurinn er að klára þar 10. bekk og stefnir á að fara í framhaldsskólann á Höfn næsta haust.

### *Sótti ekki um bæjarstjórastöðuna*

Þegar Matthildur var spurð hvað hefði komið til að hún sóttist eftir að verða bæjarstjóri kom skondið svar.

„Já, staða bæjarstjóra var auglýst síðasta sumar fljótlega eftir kosningar. Ég velti lengi fyrir mér að sækja um en ákvað að gera það ekki. Auglýsingin skilaði hins vegar ekki ráðningu og var leitað til mín og mér boðin staðan. Mér fannst það mjög traustvekjandi að til mín væri leitað og mikil upphefð. Ég átti þar af leiðandi ekki erfitt með að taka ákvörðunina á þeim tíma enda vel kunnug stjórnsýslunni og því starfsfólki sem þar starfar. Einnig tel ég það mikinn kost að þekkja samfélagið og fólkið sem þar býr," segir Matthildur og hlær að atburðarásinni.



Bæjarstjórinn sem ætlaði aldrei að verða bæjarstjóri, Matthildur Ásmundardóttir hjá Sveitarfélaginu Hornafirði.
Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

### *Fjölskylduvænt og gott sveitarfélag*

Matthildur segir að Sveitarfélagið Hornafjörður sé fjölskylduvænt og gott samfélag. Atvinnan byggir á sjávarútvegi, ferðamennsku og landbúnaði. Í sveitarfélaginu er öflugt íþróttastarf á vegum Ungmennafélagsins Sindra, glæsilegur golfvöllur og nálægð við náttúru og jökla mikil.

„Ég vil meina að Hornafjörður sé eitt fallegasta sveitarfélag landsins með útsýni sem fáir geta státað af. Góð heilbrigðisþjónusta stendur íbúum til boða og hér er gott hjúkrunarheimili. Hér er gott að alast upp og eins er gott að eldast," segir bæjarstjórinn.

### *Íbúunum fjölgar smátt og smátt*

Íbúum sveitarfélagsins er að fjölga en íbúafjöldinn í dag er 2.400 íbúar en fjölgun milli áranna 2017–2018 var 3,8%, sem er umfram það sem reiknað var með í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Næga atvinnu er að fá en ekki hefur alltaf tekist að fylla allar stöður hjá stofnunum sveitarfélagsins. Helstu atvinnutækifærin liggja í ferðaþjónustu og sjávarútvegi og er fjölgun íbúa að mestu tengd uppgangi í ferðaþjónustunni.

### *Öflugur landbúnaður og sjávarútvegur*

Þegar Matthildur er spurð um stöðu landbúnaðar í Sveitarfélaginu Hornafirði segir hún að landbúnaður sé öflug atvinnugrein.

„Hér er eitt stærsta fjós á landinu í Flatey á Mýrum ásamt stóru búi á Seljavöllum. Sauðfjárbúskapur er nokkuð öflugur og einnig er hér svínabú. Nokkur óvissa ríkir varðandi slátrun á búfénaði en Norðlenska hefur ákveðið að hætta allri slátrun á Höfn frá og með næsta sumri. Kartöflurækt er mjög öflug á Seljavöllum og í Akurnesi ásamt eggjaframleiðslu í Grænahrauni. Hrossarækt er nokkuð algeng, þó aðallega sem áhugamál, en mikil uppbygging hefur átt sér stað í félagsaðstöðu hestamanna við Stekkhól á undanförnum árum." Matthildur segir að sjávarútvegur sé líka mjög mikilvægur og öflugur í sveitarfélaginu.

„Sjávarútvegurinn er ein af grunnstoðum samfélagsins. Án hans hefði sveitarfélagið ekki byggst upp af þeim krafti sem raun ber vitni. Sjávarútvegurinn er gríðarlega mikilvægur samfélaginu á allan hátt og heldur uppi öflugu atvinnustigi."

### *Byggt og byggt*

Þegar bæjarstjórinn er spurður út í stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu kemur fram að það hafi verið



Í dag eru 2.400 íbúar í sveitarfélaginu, langflestir á Höfn. Þar er fjölbreytt þjónusta enda þjónar Höfn stóru dreifbýlissvæði. Töluvert er um nýbyggingar á svæðinu og fólki fjölgar smátt og smátt. Ljósmynd/Sveitarfélagið Hornafjörður.
Mynd / Sveitarfélagið Hornafjörður

skortur á húsnæði undanfarin ár og þá sérstaklega leiguhúsnæði.

„Mikil uppbygging á sér nú stað en fjölmörg hús eru nú í byggingu. Um 20–30 einbýlis- eða raðhús eru nú í byggingu bæði á Höfn og einnig í Öræfum. Nýlega byggði sveitarfélagið fimm íbúða fjölbýli samkvæmt almenna íbúðakerfinu, Skinney-Þinganes byggði á sama tíma sex íbúða fjölbýlishús og seldi allar íbúðirnar til starfsmanna. Sveitarfélagið byggði einnig nýlega þriggja íbúða raðhús í Öræfum fyrir starfsfólk Grunnskólans í Hofgarði. Í kjölfarið eru komnar af stað fleiri húsbyggingar í Öræfum. Það má því segja að mikil hreyfing sé komin á húsnæðismarkaðinn enda er mikil þörf á endurnýjun,“ segir Matthildur.

### *Skólarnir blómstra*

Sveitarfélagið leggur mikinn metnað í starf skólanna enda blómstra þeir.

„Það er vel staðið að skólamálum í sveitarfélaginu. Flest börn komast inn á leikskóla fljótlega upp úr eins árs aldrinum þótt það sé ekki algilt. Síðastliðið haust var tekinn í notkun nýr leikskóli sem þjónar öllu þéttbýlinu en áður var kennt í tveimur húsum. Húsnæðið er hið glæsilegasta og garðurinn alveg frábær. Grunnskóli Hornafjarðar er öflugur og einnig er rekinn grunnskóli í Öræfum, lítill sveitaskóli þar sem einnig er leikskóladeild. Grunnskólinn í Öræfum er í senn skólahúsnæði og félagsmiðstöð sveitunga og er gríðarlega mikilvægur fyrir sveitina,“ segir Matthildur og bætir við:

„Það má ekki gleyma Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu, sem er rótgróinn skóli sem hefur verið að þróast í takt við atvinnulífið. Þar er í boði hefðbundið bóknám ásamt því að nú er þar kennt sérstakt fjallanám með það að markmiði að efla fagmennsku í starfsemi afþreyingarfyrirtækja sem starfa í kringum Vatnajökulsþjóðgarð.“

### *Ferðamenn og vaxtarverkir*

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur ekki farið varhluta af ferðamannastraumnum til landsins síðustu ár enda stór hluti ferðamanna, sem heimsækja þekktar náttúruperlur í sveitarfélaginu.

„Aukningin hefur verið ansi hröð undanfarin ár og henni fylgja vaxtarverkir. Nú hefur hægst verulega á fjölgun ferðamanna en tölur sýna að ekki er merkjanleg fækkun. Aukning heimsókna í Skaftafell og á Jökulsárlón




Á þessu Íslandskorti má sjá hvar landamerkjamörk sveitarfélagsins liggja. Hornafjörður er eitt af landmestu sveitarfélögum landsins þar sem íbúar búa dreift á um 200 km landsvæði sem nær frá Hvalnesskriðum í austri að Skeiðarársandi í vestri. Íbúar óttast Öræfajökul og þær afleiðingar sem verða þar þegar jökullinn fer að gjósa með tilheyrandi náttúruhamförum.

var rúmlega 8% á árinu 2018 á meðan fjölgun ferðamanna var 5,5% á landsvísu. Við njótum klárlega góðs af blessuðum ferðamönnunum,“ segir Matthildur.

### *Vegirnir og einbreiðu brýrnar*

Auknum fjölda ferðamanna fylgir að sjálfsögðu aukin umferð en nú er umferð um vegi Suðurlands mjög mikil og hefur aukist hratt. Umferðin hefur aukist yfir allt árið, ekki eingöngu yfir sumartímann. Matthildur hefur áhyggjur af ástandi vega.

„Þessu fylgir að sjálfsögðu aukin hætta enda vegakerfið ekki hannað fyrir slíka umferð. Tíðni umferðarslysa í sýslunni hefur aukist og útköll viðbragðsaðila sömuleiðis allt frá árinu 2012. Í sýslunni eru líklega flestu einbreiðu brýr landsins hlutfallslega og nokkrar af hættulegustu brúm landsins. Eins vantar töluvert upp á breidd vega en þungaflutningur flutningabíla er mikill á Suðurlandi sem getur valdið ferðamönnum erfiðleikum. Einnig hefur vetrarfærðin reynst ferðamönnum erfið enda er þörf á úrbótum í hálkuvörnum og snjómokstri.“

### *Öræfajökull og Grímsvötn*

Íbúar sveitarfélagsins búa við náttúruvá því Öræfajökull er farinn að láta á sér kræla. Einnig eru eldgos tíð í Grímsvötnum. Matthildur segir að þetta valdi að sjálfsögðu ákveðnum áhyggjum fólks.

„Unnið er öflugt starf í almannavörnum og er reynt að standa vel að upplýsingagjöf og vinna rýmingaráætlanir. Það eru allt aðgerðir sem auka öryggi íbúa. Þó er einn stór óvissuþáttur sem breytir aðstæðum töluvert og það er ferðamaðurinn,“ segir hún.

### *Unglingalandsmót í sumar*

Hornfirðingar kunna að skemmta sér og njóta menningar því menningarlífið í sveitarfélaginu er mjög öflugt.

*– Menningin hjá ykkur, hvernig myndir þú lýsa henni, er mikið að gerast á því sviði og alltaf fjör hjá íbúum Hornafjarðar, eða?*

„Já, hér starfa a.m.k. fjórir kórar, fjölmörg félagasamtök og líknarfélög. Sveitarfélagið rekur öfluga menningarmiðstöð sem meðal annars rekur listasafnið Svavarssafn þar sem eru settar upp fjölbreyttar listsýningar ásamt því að verk Svavars Guðnasonar eru ávallt til sýnis. Hér eru haldnir menningarviðburðir allt árið, Humarhátíðin síðustu helgina í júní, Vírdos tónlistarhátíð í lok ágúst, blúshátíð í mars, svo eitthvað sé nefnt. Það eru haldin þorrablót hverja helgi í öllu sveitarfélaginu á þorranum og góuhóf í Öræfum sem eru vel sóttar skemmtanir. Í sumar verður haldið unglingalandsmót um verslunarmannahelgina sem ég hvet fjölskyldufólk um allt land til að mæta á,“ segir Matthildur.

### *Græða marga klukkutíma í viku*

„Það sem dró mig til Hornafjarðar aftur fyrir 16 árum síðan var það hversu auðvelt það er að stofna til fjölskyldu, nálægð við náttúru og útivist og einnig það hversu vinalegt samfélagið er. Ef fólk flyst úr Reykjavík græðir það marga klukkutíma í viku sem það sparar í akstur til og frá vinnu o.fl. Ég á þrjú börn sem stunda íþróttir af kappi og njóta góðs af öflugu menntakerfi, yngsti sonur minn 7 ára kemur heim alla daga vikunnar kl. 16 og er þá búinn á öllum íþróttaæfingum en hann æfir þrjár íþróttagreinar. Þetta er algjör lúxus mundi ég segja,“ segir Matthildur aðspurð um hvað sé best við Hornafjörð og af hverju fólk ætti að flytja þangað.

### *Gaman að ganga á fjöll*

„Ég hef mikinn áhuga á alls kyns hreyfingu og útivist. Ég reyni að hlaupa reglulega til að halda mér í formi og hef gaman af því að ganga á fjöll. Það er líklega það sem nærir mig best og er lífsnauðsynlegt samhliða krefjandi vinnu. Einnig höfum við fjölskyldan gaman af skíðum þótt sú iðkun geti reynst erfið á Hornafirði.

Sumarið leggst vel í mig. Við höfum ákveðið að eyða sumarfríinu innanlands, fara í útilegur og heimsækja landið okkar. Að sjálfsögðu verðum við heima á Höfn um verslunarmannahelgina á unglingalandsmóti en ég er sjálf formaður landsmótsnefndarinnar og maðurinn minn sér um keppni í körfubolta. Það verður því nóg að gera.“

/MHH




Bændablaðið
Auglýsingar 56-30-300

**Handhafar Embluverðlaunanna 2019**

### Matvælaiðnaðarmaður Norðurlanda – Ainoa Winery:

# Einhver bestu villtu berin vaxa í Finnlandi

**Vínframleiðandinn Ainoa Winery heiðrar anda norrænna matarhefða með notkun á staðbundnu hráefni til að skapa eitthvað alveg sérstakt.**

Lykillinn að frábæru víni er notkun á frábærum berjum og Finnland býr yfir einhverjum bestu berjum í heimi – einkum þeim sem vaxa villt.

Ef þau eru meðhöndluð rétt má nota þau til að framleiða víntegundir sem eru í heimsklassa og þarf að para með góðum mat.

***Vín fyrir norræna eldhúsið***

Ainoa Winery nýtir sér tómarúmið sem verið hefur í hinu „norræna eldhúsi“ – varðandi víntegundir sem sérstaklega er hugsað með slíkum matreiðslustíl – og framleiðir vín sem hæfa honum fullkomlega. Það gefur svo aftur þeim sem vinna við að para saman mat drykkjarföng alveg nýjan valkost við að setja saman máltíðir sem undirstrika bæði einfaldleika og dýpt sem bragðið úr norðri býður upp á. /smh



**Finnsku vínframleiðendurnir í Alnoa Winery fengu Embluverðlaunin fyrir matvælaiðn.**



**Lotta Elina frá Finnlandi hreppti verðlaun fyrir það að stuðla að minni matarsóun hjá börnum.**

### Matur fyrir börn og ungmenni – Hävikki-battle - Food waste-battle, Motiva Oy:

# Nemendum kennt að nýta matarafganga

**Baráttan við matarsóun er algengt viðfangsefni í finnskum skólum, þar sem níundu bekkingar grunnskólanna læra hvernig eigi að nýta matarafganga – auk þess að fræðast um vandamálið og hvernig meta eigi mat að verðleikum.**

Haustið 2018 tóku 100 skólar um allt Finnland þátt í þessari baráttu og náði til meira en 6.600 skólabarna. Verkefnið náði hámarki með Instagram-keppni, þar sem nemendur gátu birt myndir af því hvernig þeir nýttu matarafgangana til matreiðslu undir merkinu #hävikkibattle2018. /smh




**Danirnir voru kátir með Embluverðlaunin sín, en þeir héldu heim með tvenn slík í farteskinu.** Myndir / Odd Stefán

### Norrænu Embluverðlaunahafarnir:

# Danir, Finnar og Færeyingar sigursælir

**Embluverðlaunin, norrænu matarverðlaunin, voru veitt laugardaginn 1. júní í Hörpu. Tvenn verðlaun hlutu Danir, Finnar og Færeyingar, Svíar ein verðlaun en Íslendingar, Norðmenn og Álandseyingar fóru tómhentir heim í ár.**

Veitt voru verðlaun í sjö flokkum og er hér á opnunni rökstuðningur dómnefnda fyrir tilnefningu þeirra.

- Hráefnisframleiðandi Norðurlanda 2019:
  » Færeyjar
  **Grøna Oyggin**
- Matvælafrumkvöðull Norðurlanda 2019:
  » Svíþjóð
  **Bondens Skafferi**
- Matvælaiðnaðarmaður Norðurlanda 2019:
  » Finnland
  **Ainoa Winery**
- Matarblaðamaður/Miðlun um mat 2019:
  » Danmörk
  **Claus Meyer**
- Matur fyrir marga 2019:
  » Danmörk
  **Anne-Birgitte Agger**
- Mataráfangastaður Norðurlanda 2019:
  » Færeyjar
  **Gimburlombini – Nólsoy**
- Matur fyrir börn og ungmenni 2019:
  » Finnland
  **Hävikki-battle - Food waste-battle, Motiva Oy**

/smh

### Hráefnisframleiðandi Norðurlanda – Grøna Oyggin:

# Frumkvöðlar í Færeyjum í ræktun grænmetis

**Færeysku garðyrkjubýlin Miðstovugarðurinn og Uttastovugarðurin liggja nálægt hvort öðru í þorpinu Sandur á eyjunni Sandoy. Þau framleiða saman undir merkjum Grøna Oyggin (Græna eyjan) og hafa unnið brautryðjendastarf með því að þróa aðferðir við að rækta grænmeti við þau erfiðu skilyrði sem ríkja jafnan í Færeyjum.**

Það hefur skipt sköpum fyrir færeyska matargerðarlist – og framþróun hennar – að geta gengið að hágæða innlendri grænmetisframleiðslu hjá Grænu eyjunni vísri.

Býlin hafa af mikilli einurð breitt út boðskapinn um mikilvægi staðbundinna hráefna til matargerðar, til dæmis með því að standa fyrir kartöfluhátíð í eyjunni Sandoy, sem árlega dregur að sér fjölda ferðamanna.

Nýjasta birtingarmynd hugsjóna þeirra er stofnun áhugahóps á eyjunni þeirra sem heitir Veltan. Hann hefur það að markmiði að stuðla að frekari almennri grænmetisræktun, bæði til eigin nota fyrir fólk en einnig til sölu og dreifingar. Þannig virkar Veltan bæði sem sölumiðstöð en er einnig grunnur nýs lýðháskóla sem snýst um grænmetisframleiðslu. /smh



**Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, afhenti færeysku bændunum á Sandey, Grænu eyjunni. verðlaun í flokknum „Hráefnisframleiðandi Norðurlandanna 2019“.**

### Matvælafrumkvöðull Norðurlanda – Bondens Skafferi:

# Veitingamenn sækja í Matarbúr bóndans

**Sænska fyrirtækið Bondens Skafferi (Matarbúr bóndans) virkar eins og tengill bænda og frumframleiðenda við matreiðslumenn og verslanir – og auðveldar samskipti og flutninga þar á milli.**

Þeirra frumkvöðlastarf helgast af því að taka við pöntunum á vörum og afgreiða þær beint til kaupenda.

***Sænska eldhúsið alveg sérstakt***

Staðbundnar afurðir eru sérstakar að því leyti að það er vitað hvar þær eru framleiddar og hverjir standa á bak við þær.

Matreiðslumenn og veitingastaðir mynda tengsl við uppruna afurðanna, um leið og það skapast hefðir fyrir að nýta svæðisbundnar matarafurðir.

Matarbúr bóndans styrkir þessi tengsl og stuðlar um leið að því að gera „sænska eldhúsið“ að einhverju alveg sérstöku. /smh




**Svíarnir í Bondens skafferi voru sáttir með frumkvöðlaverðlaunin.**

**Handhafar Embluverðlaunanna 2019**

Matarblaðamaður/Miðlun um mat – Claus Meyer:

# Átti þátt í mótun hins „nýnorræna stíls“

**Claus Meyer er einn kunnasti matreiðslumaður Danmerkur og ötull talsmaður fyrir danskar matarhefðir í þrjá áratugi. Hann er einn af hugmyndasmiðum stefnuyfirlýsingarinnar fyrir hið „nýnorræna eldhús“, sem höfðaði til margra af fremstu matreiðslumönnum Norðurlanda.**

Stefnuyfirlýsingin fólst meðal annars í því að helga sig notkun á staðbundnu hráefni og afurðum í matreiðslunni – þar sem hugmyndafræðin grundvallaðist á sjálfbærni, varðveislu á líffræðilegum fjölbreytileika. Stefnt var að því að búa til alveg nýja nálgun á matreiðslu sem myndi lýsa upp heim matargerðarlistarinnar með ábyrgri matreiðslu sem leiddi af sér ljúffengan mat með ákveðin sérkenni – og yrði meðal markverðustu matargerðarstíla í heiminum.

Claus Meyer stofnaði hinn kunna veitingastað Noma í Kaupmannahöfn ásamt matreiðslumeistaranum René Redzepi. /smh



Anne-Birgitte Agger frá Danmörku.

Matur fyrir marga – Anne-Birgitte Agger:

# Lífrænt vottaður matur í skólamötuneytum

**Anne-Birgitte Agger hefur verið hreyfiaflið í Danmörku í því að bæta gæði þess matar sem borinn er á borð í stofnunum og skólamötuneytum á vegum stjórnvalda.**

Hún hefur frá 1990 hvatt til þess og komið því til leiðar að stærri hluti þess matar sem er þar í boði er árstíðabundinn, lífrænt vottaður og ferskur.

*Lífrænt vottað í 90 tilvika*

Hún hefur náð þeim árangri að slík mötuneyti nota nú í 90 prósent tilvika lífrænt vottað hráefni. /smh

Mataráfangastaður Norðurlanda – Gimburlombini – Nólsoy:

# Matarupplifanir með heimafólki

**Helsta aðdráttarafl færeyska kaffihússins og ferðaþjónustunnar „Gimburlombini“ (Gimbrarnar) á eyjunni Nólsoy er skemmtilegt og skrýtið afgreiðslufólkið, sem er duglegt að skipuleggja viðburði fyrir ferðamenn þar sem heimafólki er blandað inn í stemninguna.**

Maturinn sem er í boði á kaffihúsinu er eingöngu gerður úr fáanlegu árstíðabundnu staðbundnu hráefni – og villtu kryddi frá eynni.

*Gamli og nýi tíminn*

Hið látlausa daglega líf íbúa eyjunnar er sett í algerlega nýtt og nútímalegt samhengi, þegar ferðamönnum er til að mynda boðið með í brenninetlu-tínslu sem endar með því að grilluð er brenninetlupitsa fyrir ferðafólkið.

Sjóræningjaferðir fyrir börnin og þjóðsagnagöngur eru líka eftirsóttar af ferðamönnum. /smh




Barbara og Tjódhild frá Færeyjum hlutu Embluverðlaun fyrir Gimburlombini á Nólsoy í Færeyjum. Besti mataráfangastaður Norðurlanda 2019.




Alls voru ríflega 300 manns viðstaddir verðlaunaveitinguna í Hörpu. Embluverðlaunin voru haldin í samvinnu við Norrænu kokkahreyfinguna sem hélt ársþing sitt á sama tíma í Reykjavík.


# Eigum á lager MultiOne 6.3 SD liðléttinga

Um er að ræða frábærar **fjölnotavélar með 1200 kg lyftigetu** og möguleika á ýmsum aukahlutum.

**Á MultiOne 6.3 SD** situr stjórnandi í aftari hluta þessara lipru og sveigjanlegu véla.

Vélarnar afhendast með **skóflu, 184 kg aukaballest að aftan og taðgreip.**

Hafðu samband við **Ívar Atla** í síma **590 5116** eða sendu línu á **iab@klettur.is** og kynntu þér þína möguleika.



KLETTUR

**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10** / 104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

UTAN ÚR HEIMI



Ólívutré heilagrar Helenu óx einu sinni villt á eyjunni Santi Helenu í sunnanverðu Atlantshafi en var sett á lista yfir útdauðar plöntutegundir árið 2003.

Gróður jarðar:

# Mikill fjöldi plantna hefur dáið út

**Samkvæmt gögnum grasafræðinga við Kew grasagarðinn í London hafa 571 plöntutegund dáið út síðustu tvær og hálfa öldina. Fjöldi skráðra plöntutegunda sem hafa dáið út á tímabilinu er tvöfalt meiri en tegundir fugla, spen- og froskdýra samanlagt.**

Grasafræðingarnir segja að uppgefinn fjöldi byggi á skráðum tegundum sem hafi dáið út en sé ekki ágiskun. Því er líklegt að fjöldi þeirra sé mun meiri þar sem ekki sé til skrá yfir allar plöntutegundir í heiminum, hvað þá þær sem hafa dáið út á síðustu 250 árum.

Könnunin er sú fyrsta sem tekur saman lista yfir þann fjölda plantna sem eru útdauðar. Í listanum er greint frá því hvar viðkomandi planta óx og hvenær hún er skráð sem útdauð. Einnig kemur fram að flestar plöntur hafa dáið út á eyjum í hitabeltinu og þar sem skógareyðing er mikil.

Grasafræðingar við grasagarðinn í Kew hafa á undanförnum áratugum unnið við að safna erfðaefni úr plöntum sem taldar eru vera í útrýmingarhættu. Auk þess sem í garðinum er að finna fjölda eintaka af plöntum sem ekki lengur finnast villtar í náttúrunni. /VH






Ræktun gúmmítrjáa í stórum stíl hefur leitt til þess að frumskógar með öllum sínum fjölbreytileika hafa verið ruddir. Einhæf ræktun [monocultur] veldur skaða í lífkerfi náttúrunnar og stóreykur hættu á skógareldum. Nú vilja Kínverjar snúa af þessari leið og sýnt hefur verið fram á að það geti ekki síður verið efnahagslega arðbært, auk þess að hafa vistvæn áhrif á náttúru og menn. Mynd / Taksaz Lastic Shahriyar

# Kínverjar vilja snúa frá einhæfri ræktun í vistvænan landbúnað

**Verið er að marka nýja stefnu í Kína sem byggir á þeirri hugmynd að bændur geti rækt undir formerkjum fjölbreyttrar landnýtingar í stað einhæfrar magnræktunar. Þarna er í raun um að ræða mótun landbúnaðarstefnu á vistvænum forsendum.**

Hugmyndin er sú að vel stjórnuð og fjölbreytt nýting landbúnaðarlands geti auk ræktunar nytjajurta veitt viðnám gegn flóðum, virkað til vatnshreinsunar og skapað stöðugleika í loftslagi.

Í nýlegri málsrannsókn vísindamanna í Stanford, McGill háskólanum og Kínversku vísindaakademíunni [Chinese Academy of Sciences] á landbúnaði undir þessum formerkjum kemur fram að niðurstaðan lofi góðu. Bændur sem tóku tillit til umhverfisþátta, tvöfölduðu tekjur sínar og þurftu ekki að treysta á afkomu úr hverri einstakri uppskeru. Að auki nutu þeir ávinnings af umbótum á sínu landi. Hópurinn sagði að nálgunin gæti hjálpað bændum um allan heim við að vernda bæði umhverfið og lífsviðurværi þeirra.

„Einhæfnisræktun [monocultur] í landbúnaði jókst verulega á tuttugustu öld og fram til dagsins í dag og hefur gefið vel af sér,“ sagði Gretchen Daily, stofnandi og deildarforseti Stanford Natural Capital Project.

„Hefðbundin hugsun hefur sagt að einhæfnisræktun og eldi væri eina leiðin ef takast ætti að brauðfæða heiminn. Í dag hafa menn verið að hugsa þetta upp á nýtt samfara því að milljarðar manna þjást á hverju ári vegna flóða, vatnsmengunar, loftslagsáhættu og annarra alvarlegra áhættuþátta.“

### *Til bóta fyrir eyjamenningu og dreifbýlið*

Í vinnu sinni með stjórnvöldum skoðuðu vísindamennirnir hvernig fyrirhuguð nálgun þeirra, sem kallast „Ecological Development Strategy“, gæti virkað í eyjasamfélagi á Hainan eyju og í dreifbýli. Einnig á suðrænum regnskógasvæðum þar sem aukin ræktun gúmmíplantna hefur verið á kostnað náttúrulegra skóga. Hvaða ávinningur gæti verið af fjölbreyttri ræktun varðandi verndun jarðvegs og til að draga úr flóðahættu? Þrátt fyrir að hagkerfið hafi vaxið vegna einhæfrar ræktunar hefur hún valdið jarðvegsrofi og mengunar á grunnvatni vegna mikillar áburðarnotkunar. Einnig hefur skógurinn horfið og ferðaþjónustan um leið. Tíðni flóða hefur líka aukist vegna þess að tré



Gúmmíplantekra.



Hér hefur frumskógi verið eytt fyrir ræktun gúmmítrjáa. Myndin er reyndar ekki frá Kína, heldur Taílandi.

binda ekki lengur jarðveginn.

Vísindamenn skoðuðu landnýtingu og breytingar á jarðvegsþekjunni á Hainan eyju yfir 19 ára tímabil stöðugrar ræktunar á gúmmíplöntum. Með því að para þessar upplýsingar með könnunargögnum frá heimilum, studdust vísindamennirnir við hugbúnað sem byggir á fjármögnun á forsendum almennings. Var það gert til að reyna að öðlast skilning á hvernig breytingar á landnýtingu skiluðu sér í náttúrulegum skógum með hliðsjón af efnahagslegri velmegun íbúanna. Samhliða nærri tveggja áratuga gögnum um landnýtingu hjálpaði hugbúnaðurinn vísindamönnunum að skilja hvað hefði getað gerst ef landið hefði aldrei verið nýtt undir gúmmíplönturækt eða ef ræktuninni hefði verið stýrt á annan hátt.

Sérstaklega horfðu vísindamenn á eitt lykilatriði í landsstjórnun. Það er tækni sem kallast „intercropping“ sem felur í sér að rækta aðrar dýrmætar plöntur meðfram meginræktuninni. Niðurstaðan var að gúmmíbændur, sem gerðu þetta, héldu sama framleiðslustigi og þeir annars hefðu náð með einræktun. Að auki uppskáru þeir mun betri jarðveg, minni flóðahættu og betri varðveislu næringarefna í jarðvegi.

Sennilega var mest áberandi að bændur sem unnu samkvæmt þessari nálgun vísindamannanna, tvöfölduðu tekjur sínar vegna tekna af hliðarræktun við gúmmítrjáaræktunina. Með því að auka fjölbreytni landsins tryggðu bændur sig einnig gegn hættu á að uppskera á einni tegund misfærist eða lækkaði í verði á markaði, sem eru helstu áhættuþættirnir við einhæfa ræktun.

### *Úr einhæfnisræktun í vistvæna landnýtingu*

Miðstöð kínverskrar þróunarstefnu Kína [Chinese Ecological Development Strategy] leggur áherslu á markvissar fjárfestingar í náttúrunni. Viðurkenningu á að á stöðum eins og Hainan, geti stefnumótun og stjórnun ákvarðana stutt bæði hagkerfið og umhverfið. Það sé mikilvægt til að ná þeim víðtæku markmiðum sem Kína er að leita að.

Rannsóknirnar sýna hvernig svæðin geta nýtt sér náttúruauðlindir til að styðja hagvöxt án þess að fórna heilsu manna, velferð og náttúrugæðum.

Áskoranirnar sem Hainan gúmmíplöntunarbændur standa frammi fyrir við að treysta á einhæfa ræktun er að magnast á heimsvísu. Þar er einhliða ræktun á nytjajurtum eins og soja og olíupálma sem og framleiðsla á nautakjöti á sömu forsendum er nú undirstaða meirihluta heimsframleiðslu á matvælum. Hnattræn óvissa um loftslagsmál, vatnsmengun og útdauði tegunda eru afleiðing af því.

Höfundar rannsóknarinnar leggja áherslu á að vísindin og framleiðsluhefðir vinni saman til þess að stuðla að breytingum frá einræktarkerfum um heim allan. Þar þurfi einfaldlega að sýna bændum fram á að efnahagslegir hvatar skapist líka af slíkum breytingum.

„Með þessu er hægt að ná mikilli framlegð og uppskeru sem tryggja lífsviðurværi bænda samhliða því að ná mikilvægri virkni náttúrulegs vistkerfis,“ sagði Gretchen Daily.

/HKr.

## Heimreiðar í Hörgársveit:

# Lítið viðhald síðan fyrir hrun

**Viðhaldi heimreiða í Hörgársveit er mjög ábótavant og hefur varla verið sinnt að neinu gagni svo árum skiptir þrátt fyrir umleitanir sveitarstjóra. Enn á ný hefur sveitarfélagið vakið athygli á málinu en Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri segir viðbrögð Vegagerðar dræm.**





**Grýtt yfirborð heimreiðar vegna lítils viðhalds.** Myndir / Snorri Finnlaugsson

Snorri segir að nú sé svo komið að margar heimreiðar í sveitarfélaginu þurfi umtalsvert viðhald til að geta talist í eðlilegu ástandi. Vissulega sé ástandið misjafnt á milli bæja en þar sem það er hvað verst ógni þær öryggi þeirra sem eigi um þar erindi.

***Sumir bændur laga sjálfir***

„Það hefur lítið verið gert í þessum málaflokki síðan fyrir hrun, við fáum þau svör frá Vegagerðinni, sem sér um málið, að þetta sé mjög neðarlega á forgangslistanum. Sumir bændur hafa gefist upp á biðinni og farið sjálfir í að laga sínar heimreiðar, um það eru nokkur dæmi en aðrir bíða átekta og vænta þess að Vegagerðin muni á endanum fá fjármagn til að sinna skyldu sinni,“ segir Snorri.

Sveitarstjórn Hörgársveitar hefur gagnrýnt Vegagerðina og fjárveitingarvaldið þegar kemur að viðhaldi heimreiða í sveitarfélaginu kröftuglega og krefst þess að úr verði bætt nú í sumar. „Þau viðbrögð sem við fáum þegar við berum málið upp eru fyrst og fremst tal um takmarkað fé til Vegagerðarinnar og að það takmarkaða fé þurfi að fara nauðsynlegri verkefni. Ég satt að segja veit ekki hvort brugðist verði við þessu ákalli okkar um úrbætur, en við vonum það besta,“ segir Snorri. /MÞÞ


Fáðu heyrnartæki til prufu



Um árabil hefur Heyrnartækni veitt þjónustu víðs vegar um landið. Við bjóðum upp á mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum. Kannaðu hvenær Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður næst í nágrenni við þig.

Akureyri | Akranes | Egilsstaðir | Húsavík | Reykjanesbær | Selfoss | Vestmannaeyjar

Bókaðu tíma í heyrnarmælingu í síma 568 6880

Heyrnartækni

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | Sími 568 6880 | www.heyrnartaekni.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 27. júní

45,6% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið

Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2018. Aldur 12-80 ára.

Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

20,4% á höfuðborgarsvæðinu
45,6% á landsbyggðinni
29,5% landsmanna lesa Bændablaðið

Bændablaðið Hvar auglýsir þú?

Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

Nýr vörubæklingur 2019




Fáið sent frítt eintak með því að hafa samband í síma: 577 1000, í gegnum facebook eða með tölvupósti á info@khvinnufot.is

Vörubæklingurinn er 80 bls. í A5 broti.

KH VINNUFÖT

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Lely Center Ísland

SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR



**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

lamb inn
Öngulsstaðir

Sumartilboð

Gisting fyrir tvo í tvær nætur
með tvírétta kvöldverði bæði kvöldin.
Kr. 39.000 .-

Komið og njótið sumarsælunnar í Eyjafirði.
Veitingahúsið okkar opið öll kvöld 18.30 til 21.30.

Lærið okkar og kóteletturnar margfrægu og margt fleira.

lambinn.is – 463 1500

FURÐUVÉLAR & FARARTÆKI



Bagger 288 er stærsta landfarartæki sem smíðað hefur verið. Hún gengur fyrir rafmagni og fær orku í gegnum þokkalega öfluga framlengingarsnúru, því spottinn er 30 þúsund volt.

Námugrafan Bagger 288 er eitthvað aðeins meira en liðléttingur:

# Vegur tæp 13 þúsund tonn og skóflar upp 240.000 tonnum á dag

**Stærsta farartæki á landi er án efa námugrafan Bagger 288, sem smíðuð var af þýska fyrirtækinu Krupp sem síðar fékk nafnið Thyssen & Krupp og varð svo að Thyssenkrupp AG árið 1999. Var tækið smíðað fyrir námufyrirtækið Rheinbraun til að moka ofan af kolalagi í Tagebau Hambach kolanámunni í Þýskalandi.**

Bagger 288 er 96 metrar á hæð, 215 metrar að lengd og vegur 12.840 tonn. Smíði á gröfunni lauk 1978 og sló vélin þá fyrra met í stærð landfarartækis sem var Big Muskie dragskóflan, eða Bucyrus-Erie dragline, sem var í eigu Central Ohio Coal Company og vó 12.200 tonn.

Sem dæmi um önnur stór farartæki á beltum má nefna Crawler-Transporter eldflaugavagn NASA. Sá beltavagn var notaður til að flytja geimferjur NASA og Apollo Satúrn V eldflaugar á skotpall í Huston í Texas í Bandaríkjunum og vó „aðeins" 2.721 tonn.

Það tók fimm ár að hanna og framleiða alla hluti í Bagger 288 farartækið og síðan tók önnur fimm ár að setja það saman. Til að stjórna tækinu þarf að lágmarki fimm manns.

### Skóflar upp 240 þúsund tonnum á dag

Grafan getur mokað 240.000 tonn eða 240.000 rúmmetra af jarðvegi á dag samkvæmt heimildum Wikipedia og Forbes. Það samsvarar því að grafan skóflaði upp svæði sem er á stærð við fótboltavöll og 30 metrar að dýpt. Til að flytja öll þessi ósköp af efni þarf 2.400 lestarvagna eða 10.000 námutrukka.

### Með átján 6,6 rúmmetra skóflur

Bagger 288 er með gröfuhjól sem er 21,6 metrar í þvermál og er með samtals 18 skóflum sem hver um sig tekur 6,6 rúmmetra af efni. Í einum snúningi skóflar hún því upp 118,8 rúmmetrum. Til að snúa skófluhjólinu þarf fjóra 840 kílówatta (kW) rafmótora sem taka til sín 3.360 kW af rafmagni.

Rafmagnskaplarnir sem tengja gröfuna við orkukerfið flytja 30.000 volta spennu. Allir mótorarnir í Bagger 288 eru 16.560 kW.



Bagger 288 er með gröfuhjól sem er 21,6 metrar í þvermál og er með samtals 18 skóflum sem hver um sig tekur 6,6 rúmmetra af efni.



Á svona græju er ekki annað hægt en að vinna allan sólarhringinn.

### Á tólf 3,8 metra breiðum beltaeiningum

Grunneiningin er 46 metra breið og hvílir á þrem fjórföldum Caterpillar beltaeiningum og er hvert belti 3,8 metrar að breidd. Síðan er hliðareining sem ber uppi heljarmikil færibönd sem flytja efnið sem mokað er upp til losunar á námutrukka. Þrátt fyrir þungann skilur hún vart eftir sig dýpri spor í jarðveginn en mannsfótur.

Lágmarks snúningsradíus er 100 metrar og getur hún mest klifið 5,5% brekku.



Undir meginvélinni eru tólf Caterpillar-belti sem hvert um sig er 3,8 metrar að breidd.

### Silast áfram hægt en örugglega á 0,1–0,6 km hraða

Bagger 288 er svo sem enginn kappakstursbíll, en líður áfram um 2 til 10 metra á mínútu, eða á 0,1 til 0,6 km hraða.

Í febrúar 2001 hafði Bagger 288 lokið við að moka jarðvegi ofan af Tagebau Hambach kolanámunni og var því orðin verkefnalaus. Var hún þá flutt til Tagebau Garzweiler sem er um 22 km frá Hambach námunni. Þurfti Bagger grafan að ferðast yfir Autobahn 61 og yfir Erft ána, járnbrautarlínur og yfir nokkrar akbrautir. Aksturinn á tækinu þessa 22 kílómetra tók þrjár vikur og kostaði sem nam um 1,2 milljörðum króna. Samhent lið sjötíu manna stóð að því verkefni.

Nokkrar aðrar námuvélar af svipaðri gerð og stærð hafa verið smíðaðar. Þar má nefna Bagger 281 sem smíðuð var 1958, Bagger 285 sem smíðuð var 1975, Bagger 287 frá 1976 og Bagger 293 sem smíðuð var 1995. */HKr.*



Bagger 288 á 22 km á leið yfir Autobahn 61 á ferðalagi á milli vinnusvæða. Ferðin tók þrjár vikur og kostaði sem nam um 1,2 milljörðum króna.

UTAN ÚR HEIMI



Hér má sjá útungunarvélarnar hjá fyrirtæki Nils Steinsland. Um 90 prósent af útungunareggjum sem koma til Íslands eru frá Noregi, en ef ekki tekst að fá afhent þaðan er einnig sent frá Danmörku og Finnlandi. Mynd / Kine Hansen Wiik.

Hænsnarækt:

# Kannibalismi er mjög sjaldgæft fyrirbæri

**Nils Steinsland á og rekur útungunarstöðina Steinsland & Co í Bryne í Rogalandi í Noregi og hefur verið eini afhendingar- og söluaðili á Lohmann LSL Classic-hænum í Noregi og til Íslands frá árinu 1994. Hann segir kannibalisma afar sjaldgæfan hjá varphænum en þó hafi komið upp nokkur tilfelli í Rogalandi og nú síðast í Harðangursfirði. Með réttum ráðstöfunum sé yfirleitt hægt að snúa við hegðun dýranna.**

Lohmann-kynið kaupir Nils frá Þýskalandi en árlega klekjast út um tvær og hálf milljónir hænsna hjá Steinsland & Co, eða um 70 prósent af öllum hænum í Noregi.

„Við höfum verið eini afhendingar- og söluaðili á Lohmann-hænum í Noregi og á Íslandi í 25 ár. Frá 1995 höfum við afhent útungunaregg til foreldradýranna til Íslands. Eftir minni bestu kunnáttu hafa allar hænur á Íslandi verið Lohmann-hænur frá þessum tíma. Samkvæmt Geir Gunnari Geirssyni upplifa hænsnabændur á Íslandi ekki vandamál varðandi kannibalisma, hvorki nú né áður fyrr en á Íslandi hefur Lohmann-kynið verið notað í fjölda ára og gengið að öllu leyti vel," útskýrir Nils Steinsland.

### Fjaðraplokk algengara afbrigði

Nils segir kannibalisma vera mjög sjaldgæft fyrirbæri í dag og þegar það gerist sé það samspil nokkurra ólíkra þátta sem komi ferlinu af stað og viðhaldi því.

„Hreinn kannibalismi á sér mjög sjaldan stað. Eins og stóð í grein í síðasta Bændablaði þá hafa síðustu misseri komið upp nokkur tilfelli í Rogalandi. Í þeim tilfellum komust fagaðilar að því að skortur var á salti í fóðri, við greiningu var það 0,10 en hefði átt að vera 0,16 sem er mjög mikilvægt í þessu samhengi. Þar náðum við að gera ráðstafanir eftir nokkra daga þannig að ástandið varð aðeins betra. Áður en þessi tilfelli komu upp eru mörg ár síðan við höfum séð hreinan kannibalisma," segir Nils og bætir við:

„Mildara afbrigði af kannibalisma er fjaðraplokk og það kemur fyrir í öllum löndum óháð erfðafræðilegu upphafi en á sér þá stað hjá litlum hluta flokksins. Þegar svo alvarlegur kannibalismi kemur upp að aflífa þurfi allan flokkinn þá er það vanalega samspil nokkurra þátta sem kemur því af stað. Það getur



Nils Steinsland á og rekur útungunarstöðina Steinsland & Co í Bryne í Rogalandi í Noregi og hefur alið upp Lohmann-hænur fyrir Noregs- og Íslandsmarkað frá árinu 1994. Mynd / Kristin Løge

verið stærð á flokknum, fóður, ljós, hreinlæti, erfðir og fleira."

### Tilfelli með hökkun í fætur

Hannele Hestetun, ráðgjafi hjá samvinnufélagi bænda, Nortura, segir árásargjarnan kannibalisma sem ekki tekst að róa niður eða stöðva vera mjög óalgengt fyrirbæri. Um 360 eggjaframleiðendur selja afurðir sínar til Nortura sem framleiða um 47 þúsund tonn af eggjum á ári.

„Um 20 prósent af eggjum sem við fáum afhent koma frá búrhænum en restin frá lausagönguhænum eða úr lífrænni ræktun. Kannibalismi er afar sjaldgæfur en getur þó átt sér stað bæði hjá lausagönguhænum og þeim sem eru í búrum. Síðastliðið ár hafa verið nokkur tilfelli af því að hænurnar hakka í fætur á hver annarri en hökkun sem á sér stað í afturenda dýranna er sjaldgæfari en alvarlegri. Við vitum um nokkra bændur sem hafa átt í vandræðum með þetta en vanalega lagast ástandið í kringum þann tíma sem hænurnar ná kynþroskaaldri en þó er það ekki algilt. Þessi hegðun á sér stað vegna taugaveiklunar eða að það er of mikið stress í hópnum sem getur komið til af meðal annars of mikilli lýsingu eða að röng lýsing er viðhöfð eins og flöktandi ljós, galli er í fóðri eins og of lítið saltinnihald og eða aðstæður við útungun og fyrstu ævivikur dýranna," segir Hannele Hestetun. */ehg*

Bændablaðið
Kemur næst út
27. júní

ÍAV 1954 2019 65

## TÆKJAMENN - VERKAMENN

*ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins sem hefur starfað samfleytt frá 1954. Við sýnum fagmennsku í verki og byggjum á áratuga reynslu á öllum sviðum í byggingariðnaði og mannvirkjagerð.*

*Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla einstaklinga sem sýna frumkvæði í verki og hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum.*

*Hjá okkur starfa 300 manns með mikla færni og við leggjum áherslu á góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.*

*ÍAV hefur ISO 9001 gæðavottun frá 2009 og OSHAS 18001 öryggisvottun frá 2014 og er eina verktakafyrirtækið á Íslandi sem hefur báðar vottanirnar.*

**Kröflulína III – Slóðagerð, jarðvinna og undirstöður línu frá Jökulsá á Fjöllum að Jökulsá á Dal.**

ÍAV óskar eftir að ráða tækjamenn og sérhæfða verkamenn við Kröflulínu í sumar framá haust. Um úthaldsvinnu er að ræða og hafa starfsmenn aðsetur í vinnubúðum á staðnum.

Tækjamenn: Beltagröfur og 4ja öxla vörubílar
- Skilyrði að hafa réttindi
- Kostur að þeir hafi reynslu af samskonar verkefnum

Sérhæfðir verkamenn í jarðvinnu:
- kostur er að þeir hafi reynslu af samskonar verkefnum

Nánari upplýsingar veitir Einar Hrafn í síma 660-6269.

Umsóknir óskast lagðar inn í gegnum heimasíðu ÍAV, www.iav.is

***Við breytum vilja í verk***

ÍAV hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200 | www.iav.is



LANDVIT
RÁÐGJÖF OG MAT

## Ertu í framkvæmdum?

- Mat, ráðgjöf og sala -
- Þróunarvinna á jörðum, lóðum og fasteignum-
- Kostnaðar- og arðsemisgreining verkefna -
- Lögfræðiaðstoð, verk- og samningagerð -

Nánari upplýsingar í síma 824-5066 eða á netfangi viggo@landvit.is









BRIGGS & STRATTON

## Mótorar og varahlutir á lager
## Hröð og góð þjónusta

## Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is







HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Áætluð heimsframleiðsla á sellerí árið 2016 er tæp 16 milljón tonn. Mynd / Odd Stefán

# Sellerí tengist dauða og dulhyggju




Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is


**Sellerí er ævagömul lækningajurt sem lengi vel var ræktuð sem slík en ekki til átu. Í dag eru rót, blaðstilkarnir og blöð mikið notuð til matargerðar enda búið að rækta mestu remmuna úr plöntunni. Vinsælt er að borða blaðstilkana til að halda við mjóslegnu vaxtarlagi auk þess sem sellerí er nauðsynlegur hluti af góðu Bloody Mary hanastéli.**

Áætluð heimsframleiðsla á sellerí árið 2016 er tæp 16 milljón tonn. Stærsti framleiðandi selleris í heiminum er Bandaríki Norður-Ameríku með um 15 milljón tonn á ári. Spánn er í öðru sæti með tæpa 100 þúsund tonna framleiðslu, Mexíkó er þriðji stærsti framleiðandinn en Kína og Ísrael í fjórða og fimmta sæti.

Spánn var stærsti útflytjandi sellerís í heiminum árið 2016 með um 31% markaðshlutdeild, Bandaríki Norður-Ameríku voru næststærsti útflytjandinn, með 26,6% hlutdeild og þar er mest ræktað í Flórída og Kaliforníu. Mexíkó, Kína og Ísrael eru þriðju til fimmtu stærstu útflytjendurnir og voru með 12,2, 8,8 og 3,2% markaðshlutdeild árið 2016. Útflutningur á sellerí frá Indlandi hefur aukist mikið undanfarin ár.

Þegar kemur að innflutningi er Kanada stórtækast og flytur inn 21,2% af því sellerí sem flutt var á milli landa árið 2016. Bretar flytja inn næstmest, 19,4%, Bandaríki Norður-Ameríku í því þriðja, 12,1% og Hong Kong í fjórða sæti með 7,6%.

Sellerí er ekki framleitt hér á landi en eitthvað er um að það sé ræktað til heimilisnota. Ekki fundust heldur upplýsingar um innflutning á sellerí á heimasíðu Hagstofunnar.

### *Ættkvíslin Apium og tegundin graveolens*

Innan ættkvíslarinnar Apium teljast tuttugu tegundir blómstrandi sveipjurta. Tegundir innan ættkvíslarinnar finnast villtar í votlendi og flæðimýrum í Evrópu, Asíu, Afríku, Suður-Ameríku og Ástralíu. Þær eru tví- eða fjölærar og ná allt að eins metra hæð, með samsett blöð og mörg lítil hvít blóm sem mynda sveip. Flesta tegundir innan ættkvíslarinnar eru ætar.

Tegundin Apinum bermejioi er ein af sjaldgæfustu plöntum í heimi og í alvarlegri hættu á að deyja út í náttúrunni. Í dag er vitað um 100 slíkar villtar á Miðjarðarhafseyjunni Menorca sem liggur út af Spáni austanverðum.

Sú tegund sem algengust er í ræktun og við þekkjum best er A. graveolens, eða grænmetið sellerí.

Sellerí vex upp af forðarót. Blaðstilkarnir riflaga, 3 til 5 sentímetrar í þvermál og ná allt að metra að hæð og með áberandi stöngultrefjum. Blöðin dökkgræn, egglaga eða ílöng, 3 til 6 sentímetrar að lengd og 2 til 4 að breidd, sagtennt og samsett á stilk á enda blaðstönglanna. Blómin lítil, 2 til 3 millimetrar í þvermál, hvít eða grænhvít mörg saman í sveip. Fræin hnöttótt 1,5 til 2 millimetrar í um- og þvermál. Brúnleit með hvítum jöðrum og myndast í fræbelg í blómbotninum eftir blómgun. Ilmsterk og bitur á bragðið. Yfirleitt tvíær.

Sellerí er skipt í þrjár undirtegundir, stilksellerí, A. graveolens var. dulcu, hnúðsellerí, A. graveolens var. rapaceum og blaðsellerí, A.graveolens var. secalinum. Auk þess sem fjöldi afbrigða og yrkja er til af hverri tegund fyrir sig og til er sellerí með rauðleita stilka.



Selleríræktun í Michigan-ríki, Bandaríkjum Norður-Ameríku, 1915.



Þversnið af blaðstöngli.



Sellerí vex upp af forðarót sem er nýtt og kallast hnúð- eða rótarsellerí.

### *Saga og útbreiðsla*

Nytjar á villtu sellerí eru þekktar frá grárri forneskju en ekki er vitað fyrir víst hvar í heiminum sellerí var fyrst tekið til ræktunar. Talið er að Indverjar til forna hafi ræktað það og að Arabar hafi lært að rækta sellerí af Grikkjum.

Leifar af sellerblöðum hafa fundist í gröf Tutankhamum faraóa í Egyptalandi sem lést 1323 fyrir Krists burð. Fræ og fræbelgir sellerís hafa einnig fundist við fornleifarannsóknir á musteri grísku gyðjunnar Heru í Heirion á eyjunni Samos í Eyjahafi og taldir vera frá sjöttu öld fyrir Krist. Þar sem sellerí vex villt á báðum þessum stöðum er ekki hægt að segja fyrir víst hvort plantan hafi verið hluti af helgihaldi Egypta og Grikkja eða hvort plöntuleifarnar hafi lent á þessum stöðum fyrir tilviljun.

Villt sellerí og fyrstu yrkin í ræktun voru mun rammari á bragðið en þær plöntur sem ræktaðar eru í dag. Karlamagnús konungur frakkneskra lagði til ræktun á sellerí isem lækningajurt í hallar- og klausturgörðum á valdatíma sínum á sjöundu öld.

Sellerí var ræktað á láglendi á Ítalíu á 14. og 15. öld og breiddist

ræktun þess út þaðan norður eftir Evrópu og til Frakklands og þaðan yfir Ermarsund til Bretlandseyja. Ritaðar heimildir eru til um ræktun á sellerii í Frakklandi frá 1623.

Á Englandi er selleris fyrst getið í riti John Evelyn, Acetaria. A Discourse of Sallets, árið 1699. Evelyn kallar plöntuna sellery eða „apium Italicum" og mælir með henni til átu. Hann segir hana vera nýnæmi á Englandi en að hennar hafi lengi verið neytt á Ítalíu. Evelyn segir sellerí vera bragðsterkt og sóma sér vel með öðru salati á veisluborðum hefðarfólks og aðalsmanna.

Sellerí var komið á borð sænska aðalsins um miðja 18. öld og líklegt að neysla þess hafi smitast þaðan um Norðurlönd.

Lítið fer fyrir sellerii á borðum fyrstu vesturfaranna frá Evrópu til Norður-Ameríku. Plantan var sögð römm og sjaldan í boði í frælistum. Bjartsýnir ræktendur gáfust þó ekki upp í leit sinni af hinu fullkomlega stökka og bragðdaufara sellerii. Skömmu eftir miðja 18. öld fór að bera meira á sellerii sem grænmeti í Norður-Ameríku og oftar en ekki voru stönglarnir bornir fram einir og sér og borðaðir hráir með ögn af salti. Vinsældir selleris í álfunni jukust hratt eftir það og snemma á 19. öld er það sagt vera þriðji mest seldi rétturinn á veitingahúsum í New York. Verð á sellerii á matseðli veitingahúsa var misjafnt eftir yrkju og svipað og hærra en á kavíar. Einungir kaffi og te seldust betur.

### Nafnaspeki

Latneska ættkvíslarheitið Apium vísar til sveipsins sem blóm plöntunar mynda. Tegundarheitið graveolens þýðir að plantan hafi sterka lykt.

Heitið sellerí mun upprunnið í latínu, selinon, og mun vera lánsorð úr gamalli grísku σέλινον. Á ítölsku kallast plantan sedano eða seleri en á frönsku céleri, céleri feuille, céleri à couper, céleri-branche, céleri à côtes, céleri-rave en á ensku celery, leaf celery, stalk celery, celeriac eða turnip-rooted celery eftir því hvort er um að ræða stilk- rótar- eða blaðsellerí. Þjóðverjar segja sellerie, Spánverjar og Portúgalar apio eða salsão, Arabar karafs, Rússar Сельдерей, Japanir serorjini, Kínverjar chin og Indverjar karnauli, radhuni eða ajmod.

Á sænsku kallast plantan selleri og festist heitið í sessi í Vestur-Evrópu þegar Svíinn Carl Linnaeus lýsti henni í tímamótaverki sínu, Species Plantarum árið 1753.

### Goðsögur og þjóðtrú

Samkvæmt grískum goðsögum óx sellerí upp af blóði Kadmilosar sem var ættfaðir Kabeira sem voru minni háttar guðir sem bjuggu neðanjarðar. Dýrkun þeirra var bundin við grískar launhelgar og kennd við eyjarnar Samóþrake, Lemney og Þebes.

Vegna dökks litar blaðanna og sterks ilms plöntunnar tengdu Grikkir hana við dauðann. Blöðin voru notuð til að bægja frá illum öndum frá líkum og til að draga úr nálykt.

Samkvæmt Rómverjanum Pliny þeim eldri voru sigurvegarar grísku Isthmia- og Nemean-leikanna, sem haldnir voru árið fyrir og eftir Ólympíuleikana, voru í fyrstu krýndir með kransi ofnum úr sellerii en síðar úr furu.

Í Ilíonskviðu Hómers segir frá því að hestar Myrmidonmanna, sem voru undir stjórn Akkilesar sem Akkilesarhællinn er kenndur við, hafi bitið villt sellerí við Tróju. Sagt er að eftir að móðir Akkilesar dýfði honum sem kornabarni í fljótið Styx hafi hann átt að verða ósæranlegur nema á hælnum sem móðirin hélt um við niðurdýfinguna.

Í Ódysseifskviðu er sagt að fjólur og villt sellerí vaxi við munna hellis dísarinnar Kalipsó á eyjunni Ogygia. Samkvæmt Hómer tafði dísin Ódysseif í sjö ár frá för sinni. Að lokum skipaði sjálf Aþena Kalipsó að aflétta töfrum sínum og leifa Ódysseifi að halda áfram ferð sinni.

Til eru sögur og þjóðtrú sem tengir sellerí við ógæfu og óheppni.


Sellerí sem uppskorið er með höndum krefst mikils mannafla.


Grísk mynt frá því 515 til 470 fyrir Krist sem var skeytt með sellerí-blöðum.


Stórvirkar vinnuvélar eru notaðar af stórræktendum við upptöku á sellerii.


Bloody Mary með sellerístilk.


Sellerífræ eru gott krydd og nauðsynleg viðbót í kryddhilluna.


Blöðin eru mikið notuð til matar-gerðar í Asíu.


Rifið hnúðsellerí.

### Ræktun

Sellerí er ræktað af fræi og erlendis er það víða ræktað sem vetrargrænmeti. Til að ná þroska þarf sellerí 12 til 16 vikna vaxtartíma. Hér á landi má rækta það í köldu gróðurhúsi, vermireit eða á sólríkum og skjólgóðum stað í garðinum hafi það verið forræktað í nokkrar vikur. Best er að sá sellerii á nýju og vaxandi tungli og gott er að gefa plöntum svolítið af bór.

Bæði stilk- og hnúðsellerí kjósa vel framræstan, moldarmikinn, eilítið basískan og næringarríkan jarðveg. Æskilegt bil á milli plantna er 30 til 40 sentímetrar.

Ljóst stilksellerí, eins og algengt er í verslunum hér á landi, stundum kallað Golden eða gyllt sellerí, er ræktað undir skyggingu til að draga úr myndun grænukorna og að það verði dökkgrænt að lit. Skyggingin veldur því að stilkarnir verða sætir á bragðið og ekki rammir.

Í Bandaríkjum Norður-Ameríku er aðallega ræktað stilksellerí sem kallast Pascla sellerí, sem er með fullþroskuð grænukorn og dökkgrænt að lit.

Sellerírót er vinsælli í ræktun í Evrópu en vestan Atlantsála. Rótin geymdist vel neðanjarðar sem rótargrænmeti án þess að skemmast þegar herir fóru fram og til baka yfir akra bænda eftir því hvort þeir voru í sókn eða á undanhaldi.

Í Asíu er blaðsellerí, sem einnig kallast kínverskt sellerí, mikið notað til matargerðar.

Sellerí geymist vel í frosti.

### Nytjar

Margir telja að sellerí hafi fyrst verið tekið til ræktunar vegna blaðanna. Ekki er ólíklegt að svo hafi verið því í upphafi var fremur litið á plöntuna sem lækningajurt en til átu.

Rómverski læknirinn og höfundur De Medicina, Aulus Cornelius Celsus, sem uppi var í kringum fæðingu Krists mælti með að gleypa sellerífræ til að draga úr verkjum. Auk þess að vera borðað hrátt eru blöð selleris þurrkuð og fræin notuð sem krydd.

Fræ selleris hafa verið notuð til lækninga í Evrópu og Mið-Austurlöndum í þúsundir ára og eru sögð góð við ýmiss konar gigt. Selleríolía sem unnin er úr fræjunum er aftur á móti fremur ný á markaði og var hún þróuð af stórum matvælafyrirtækjum í Bandaríkjunum og Evrópu.

Sellerísalt er yfirleitt búið til með því að blanda saman muldum sellerífræjum og salti en einnig er til selleríselt sem er blandað af þurrkuðu muldu hnúð- eða blaðsellerii. Sellerísalt er nauðsynlegt bragðefni í Bloody Mary og undirstaðan í Old Bay kryddi.

### Sellerí sem megrunarmatur

Auknar vinsældir selleris síðustu ár má meðal annars rekja til þess að plantan er sögð vera góð megrunarfæða og stundum sagt að fólk brenni fleiri kaloríum við að borða en fæst við neyslu hennar. Þetta er að vísu ekki satt, þrátt fyrir að sellerí sé 95,4% vatn og ekki nema 16 kaloríur í 100 grömum af sellerii. Auk þess sem í því er að finna eitthvað af vítamínum og steinefnum.

Sellerí getur valdið alvarlegum ofnæmisviðbrögðum hjá fólki sem er gjarnt á að vera með ofnæmi.

### Sellerí á Íslandi

Í skýrslu um nokkrar tilraunir til jurtaræktunar á Íslandi, sem Schierbeck, landlæknir og formaður Hins íslenzka garðyrkjufjelags, birti í Tímariti Hins íslenzka bókmenntafélags árið 1886, segir að sellerí vaxi prýðilega vel.

„Blöðin vaxa vel og eru mjög mikið kryddmeti og ilmandi góð í súpu eða sjeu þau borðuð sem salöt. Það vaxa engir róthnútar á henni hjer á landi."

Nýhafnardeild Thomsens kaupmanns auglýsir í Dagblaðinu 1906 að nýkomið sé til landsins hvítkál, sellerí, rødbeders, appelsínur og vínber og sama ár auglýsir Jes Zimsen einnig sellerí til sölu.

Í Tímanum var á sínum tíma dálkur sem hét Í spegli tímans og voru þar birtar alls kyns smáfréttir um menn og málefni. Um miðjan nóvember 1971 segir þar svo um hollustu selleris: „Alma Nissen, 75 ára gömul dönsk dama, hefur skýrt frá því, að ekki sé til betri lækning við liðagikt en að drekka kartöflusoð, og lækningamátturinn aukist að mun, sé blandað saman við það vatni, sem sellerí hefur verið soðið í. Frúin rekur hressingarhæli fyrir liðagiktarsjúklinga í Södertalje í Svíþjóð og sjálf hefur hún reynt lækningamátt þessa vatns. Hún drakk það stanzlaust í 40 daga og borðaði ekkert annað, og við það læknaðist hún algjörlega af liðagiktinni."

LESENDABÁS

# Unga fólkið og andlitin 300 á heilsíðu Morgunblaðsins

**Fyrir nokkru birtust 300 andlit ungra Íslendinga á heilsíðu Morgunblaðsins. Það var ánægjuleg sjón. Við erum öll ungir sem gamlir vinir Evrópu og styðjum flest EES-samninginn, því að hann hefur verið landinu til gagns. Við viljum þó fara gætilega, eiga og stjórna sjálf dýrmætum auðlindum okkar, varast erlenda ásælni og ekki beygja okkur fyrir þrýstingi embættismanna ESB.**

Þeir vilja ná auðlindum okkar undir sameiginlega stjórn Evrópubandalagsins. Slík stjórn getur orðið skilningslítil á sérstöðu Íslands. Samþykkt orkupakka þrjú er hluti af ásælni Evrópubandalagsins. Æskufólk, standið sjálfra ykkar vegna og vegna barna ykkar til varnar auðlindum okkar og verjið af kappi sjálfstæði landsins og fullveldi, sem forfeður okkar og mæður börðust fyrir. Látið ekki valdamenn, auðmenn og gróðahyggjumenn blekkja ykkur á óheillabraut til fylgis við orkupakkann.

### *Leggstu undir feld, Steingrímur*

Ég skora á þig, forseti Alþingis, Steingrímur Sigfússon, að leggjast undir feld og hugsa gagnleg og viturleg ráð til að afstýra vaxandi óeiningu, ólgu og reiði í landinu okkar vegna ástandsins á Alþingi. Þar ríkir MÁLÞÓF og ÞAGNARÞÓF um orkumálin okkar.

Ef við samþykkjum orkupakkann glötum við stjórn okkar eigin orkumála. Hún verður tekin úr höndum Íslendinga og fengin sameiginlegri orkunefnd Evrópubandalagsins. Óvissa er um, hvort samþykkt orkupakka þrjú muni brjóta gegn stjórnarskránni. Framkoma margra alþingismanna, óheilindi og hringl í þessu máli og afstaða í fleiri málum hefur verið til



Sigurður Sigurðarson.

skammar og sært réttlætistilfinningu landsmanna.

### *Erindi Steingríms á Alþingi og álit Bjarna Benediktssonar*

Ég hef í höndum erindi þín, Steingrímur, á Alþingi fyrir nokkrum árum þar sem þú varar við horfum í meðferð orkunnar okkar og ásælni Evrópubandalagsins, en það hefur Bjarni Benediktsson einnig gert. Við treystum ykkur í þessu máli þá og síðar.

Við höfum trúað á þig, Steingrímur, og vörn þína fyrir sjálfstæði og fullveldi landsins. Nú viljum við heyra ávarp þitt til þjóðarinnar. Ég vil vita hvort þú hefur skipt um skoðun. Vilt þú nú samþykkja afsal stjórnar landsins á orkumálunum og vilt þú samþykkja orkupakka þrjú og það sem á eftir fer, númer 4 og 5, og hvers vegna ef svo er? Hefur þú blekkt okkur og svikið?

Annar Þingeyingur, Þorgeir Ljósvetningagoði, lagðist undir feld á Alþingi fyrir 1000 árum rúmum til að hugsa málin, þegar vandi og ósætti steðjaði að þjóðinni. Þegar



Bjarni Benediktsson.

Ég hef í höndum erindi þín, Steingrímur, á Alþingi fyrir nokkrum árum þar sem þú varar við horfum í meðferð orkunnar okkar og ásælni Evrópubandalagsins, en það hefur Bjarni Benediktsson einnig gert. Við treystum ykkur.

hann kom undan feldinum studdu orð hans og ávarp til þjóðarinnar að friði og hann hefur notið virðingar síðan. Hinu sama gætir þú áorkað. Núverandi ráð gagnast ekki.

Fyrst og fremst verðum við að hugsa um auðlindir okkar, sem eru í hættu fyrir sölumönnum og niðurrifsöflum innlendum sem erlendum. Við treystum þér, Steingrímur, til að ávarpa þjóð þína í anda Ljósvetningagoðans og gera þitt til að stuðla að friði. Þín er ábyrgðin mikil vegna þess frumkvæðis sem þú hefur við stjórn umræðna á Alþingi.



Steingrímur J. Sigfússon.

Við höfum trúað á þig, Steingrímur, og vörn þína fyrir sjálfstæði og fullveldi landsins. Nú viljum við heyra ávarp þitt til þjóðarinnar. Ég vil vita hvort þú hefur skipt um skoðun. Vilt þú nú samþykkja afsal stjórnar landsins á orkumálunum og vilt þú samþykkja orkupakka þrjú og það sem á eftir fer, númer 4 og 5, og hvers vegna ef svo er? Hefur þú blekkt okkur og svikið?

### *Áskorun til ríkisstjórnarinnar*

Ég skora á alla ríkisstjórnina, sem hefur úrslitavald um meðferð mála á þingi, að gera það sama, leggjast undir feld og hugsa ráð til að stuðla að samstöðu og friði með þjóðinni og afstýra óeiningu og klofningi og reiði meðal almennings.

Við störf mín á Keldum í 40 ár hef ég kynnst vel fólki á ýmsum aldri um allt land. Þetta er skynsamt og velviljað fólk eins og alþingismenn eru, en hvorki heimskingjar, ellibelgir né popúlistar, eins og þið sumir fylgjendur orkupakkans viljið vera láta.

### *Ósvífnar og ódrengilegar aðdróttanir*

Við störf mín á Keldum í 40 ár hef ég kynnst vel fólki á ýmsum aldri um allt land. Þetta er skynsamt og velviljað fólk eins og alþingismenn eru, en hvorki heimskingjar, ellibelgir né popúlistar, eins og þið sumir fylgjendur orkupakkans viljið vera láta. Þið, sem þannig talið, megið skammast ykkar fyrir ósvífnina og ódrengilegar aðdróttanir í garð þjóðhollra manna. Fjölmargir vantreysta alþingismönnum og sjá í gegnum blekkingar sem viðhafðar eru.

Alls staðar þar sem þetta mál kemur til umræðu ríkir undrun og hneykslun á ofbeldi því sem alþingismenn ætla að beita gegn þjóðinni og finna sárt til þess að þjóðaratkvæðagreiðsla kemur ekki til greina.



Katrín Jakobsdóttir.

Kæra Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. Menn trúðu á þig. Þín er ábyrgðin mikil vegna þess, sem þú og þitt fólk hefur lofað þjóðinni. Hafið þið svikið okkur? Hvað veldur því, ef svo er? Ég skora á þig að ávarpa þjóð þína og stuðla að friði í stað þess að blása að glóðum ósættis og reiði.

Hættið, alþingismenn, við þessi óheillavænlegu áform, sem munu leiða til þess að Íslendingar tapa stjórn á sínum eigin orkumálum. Verði orkupakki 3 samþykktur er fyrsta skref stigið í þessa átt. Slík samþykkt mun níða niður traustið á Alþingi og stuðla að klofningi í stjórnmálaflokkum. Við viljum ekki slíka óheillaþróun. Ég trúi að það verði tekið vel eftir því hvaða alþingismenn samþykkja orkupakkann, ef til atkvæðagreiðslu kemur. Slíkt samþykki gæti og ætti að verða þeim dýrkeypt.

### *Stöndum vörð um virðingu Alþingis*

Besta ráðið til að standa vörð um virðingu Alþingis er að fresta umræðum um orkuna fram á haust og herða svo upp hugann, rétta úr bakinu og krefjast þess að undanþága fáist fyrir Ísland vegna þess að málið á ekki við hér.

Kæra Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. Menn trúðu á þig. Þín er ábyrgðin mikil vegna þess sem þú og þitt fólk hefur lofað þjóðinni. Hafið þið svikið okkur? Hvað veldur því, ef svo er? Ég skora á þig að ávarpa þjóð þína og stuðla að friði í stað þess að blása að glóðum ósættis og reiði.

Ég hef ekki samstöðu með Miðflokknum ef einhverjum skyldi detta það í hug, en ég finn að svokallað „málþóf“ þeirra á Alþingi um orkupakka þrjú og ÞAGNARÞÓF annarra hefur kallað fram fyrirgefningu á ógætilegum ummælum sem féllu á Klausturbarnum. Þeir hafa hlotið virðingu fyrir að standa fast á sannfæringu sinni og gefast ekki upp fyrir ónotum og rakaleysi orkupakkamanna. Menn finna að undirrótin er umhyggja fyrir fullveldi og sjálfstæði landsins.

***Sigurður Sigurðarson***
*dýralæknir*



# Friðun vega er vanhugsuð framkvæmd

**Í nokkrum fjölmiðlum undanfarið hefur verið sagt frá þeirri hugmynd sveitarfélagsins Bláskógabyggðar að friða Kóngsveginn sem liggur meðal annars yfir Mosfellsheiðina frá Miðdal nánast beina línu að Heiðarbæ við Þingvallavatn. Á háheiðinni um miðja vegu á milli Miðdals og Heiðabæja hefur þessi vegur mjög lítið verið notaður undanfarin 20 ár, en nú seinni ár hefur umferð torfærureiðhjóla aukist töluvert um þennan veg.**

Nánast engin bílaumferð er um veginn vegna þess að síðustu tuttugu ár hefur grjót verið að koma svo mikið upp úr veginum að bílar þurfa að vera mikið breyttir til þess að komast allan veginn.

### *Ágætlega fær vegurinn þar sem enn er verið að nota veginn*

Vegurinn er ágætlega fær að hluta bílum sé farið inn á veginn frá Þingvallavatni í um fimm kílómetra eða þar til komið er að brúnum sem upphaflega voru á veginum vegna þess að bændur í Grafningi nota veginn eitthvað og aka hann á dráttarvélum og bílum. Fyrir vikið er vegurinn nokkuð heillegur og fallegt handbragð þeirra sem unnu við þessa miklu vegagerð þar sem að þung ökutækin ýta steinum niður til baka eftir frostlyftingar og handgerð ræsin með grjóthleðslum sjást vel á þessum kafla vegarins. Hins vegar er vegurinn sem er af miðri heiðinni og niður að Miðdal nánast ónýtur og sést hann varla á sumum stöðum, öll handgerð ræsi löngu hrunin og ónýt, grjóthleðslur í vegköntum víða orðnar ónýtar og hrundar eftir frostlyftingar.

### *Sérstakt áhugamál til margra ára*

Frá því að undirritaður var að alast upp í sveit og notaði oft aflagða vegslóða til að komast á milli bæja ýmist á reiðhjóli eða hesti hef ég oft staldrað við og skoðað þessa gömlu handgerðu vegi sem oft voru hrein meistarasmíði.



Hjörtur L. Jónsson.

Upp úr 1980 og til ársins 2010 var ég duglegur að skoða þessa gömlu vegi á mótorhjóli, oftast var ég einn á ferð með sjálfum mér og gaf mér góðan tíma til að skoða uppbyggingu og handbragð hvers vegs fyrir sig. Nú seinni ár hef ég verið frekar latur við að skoða þessa vegi, en fyrir stuttu fór ég þann hluta Kóngsvegsins sem mér hefur alltaf fundist svo flottur. Mér til mikilla vonbrigða virðist vegurinn alltaf vera að líta verr og verr út vegna notkunarleysis.

### *Þessir vegir voru byggðir til að nota þá og því meiri notkun því betri verða þeir*

Ef á að friða þennan veg þarf að tryggja að hann eyðileggist ekki, en eina leiðin til að halda veginum fallegum og sem upprunalegustum er að keyra veginn tiltölulega reglulega. Gott dæmi um þetta er gamall vegur sem lagður var á Vatnsleysuströnd upp úr aldamótunum 1900. Hluta af þeim vegi er enn verið að nota af skógrækt þeirra í Vogum á Vatnsleysuströnd, þar er vegurinn flottur og snyrtilegar grjóthleðslurnar sjást vel í vegkantinum enn rúmum 100 árum seinna, en í hinn endann sem ekki var notaður nema í nokkur ár og var hætt að nota fyrir nálægt 90 árum er það sem einu sinni var upphlaðinn vegur í köntunum með fínni möl á milli, hann er nú næstum ósýnilegur, aðeins mosavaxinn grjóthryggur í beinni línu og varla hægt að ganga þar í vegastæðinu sér til heilsubóta og viðra hundinn í leiðinni.

### *Hætt við að dýrasta ríkisframkvæmd fyrri tíma verði endanlega eyðilögð með friðun*

Miðað við þann mikla fjölda af gömlum vegum og vegslóða sem ég hef fylgst með í gegnum árin þá tel ég það vera mistök að friða þennan sögufræga og margumtalaðasta veg Íslandssögunnar. Nær væri að reyna hinn kostinn, sem er að keyra veginn aðeins meira, sérstaklega þegar blautt er að vori í þeirri von að stórgrýtið sem hefur verið að koma upp úr veginum síðustu tuttugu ár vari niður og tjasla upp á hleðslurnar í handgerðu ræsunum til að leysingavatn fari þar aftur í gegn á vorin en skeri ekki veginn í sundur við hlið grjótræsanna.

Að lokum vil ég sem áhugamaður um gamla vegi og vegslóða biðja Bláskógabyggð að íhuga alla aðra kosti aðra en friðun, sem ég tel vera eyðileggingu og lítilsvirðingu við meistaralega unnið verk.

***Hjörtur L. Jónsson***


Lambamjólkurduft
-Óerfðabreytt innihaldsefni
-Hátt hlutfall mjólkurprótína
-Auðmeltanleg prótín
-Vítamín og steinefnabætt
-Einstaklega bragðgott
-Hentar einnig fyrir kið
-Auðuppleysanlegt
-Seljum einnig eftir vigt




12.500kr
25kg
BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI
Egilsholti 1
310 Borgarnesi
Verslun opin 8-18 virka daga
10-16 laugardaga, sími: 430-5500
Höfum opnað netverslun:
www.kb.is

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000 - Gsm 892 6000
Gott framboð
af áhugaverðum jörðum
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is
María Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali

RÍKISKAUP
Borgartúni 7c, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.is
Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa í síma 530 1400 eða í gegnum netfangið fasteignir@rikiskaup.is

Sveintún, 611 Grímsey



Um er að ræða fimm herbergja 116,3 fm íbúðarhús í Grímsey, fyrst byggt árið 1942 en viðbygging var byggð árið 1971.

Húsið stendur á fallegum stað við aðalgötuna í Grímsey og rétt ofan við Stertuvík. Húsið er á einni hæð og er selt á sér afmarkaðri 1.500 fm leigulóð.

Verð: 5,5 millj.

Bakkakot, Vestur-Skaftafellssýslu



Jörðin Bakkakot 1, ásamt íbúðarhúsi og fleiri byggingum. Stærð hennar er 458 hektarar, þar af er ræktað land skráð 55,4 hektarar.

Um er að ræða bújörð en ekki hefur verið stundaður þar hefðbundinn búskapur um árabil. Jörðin er flatlend og talin henta vel til ræktunar og akuryrkju. Jörðinni fylgja 226,5 ærgildi.

Verð: Tilboð

Staðarfell, Búðardal



Um er að ræða fimm byggingar sem hýst hafa starfsemi SÁÁ frá árinu 1980. Öllum byggingunum hefur verið ágætlega við haldið.

Náttúrufegurð er mikil og staðsetning er á rólegum og fallegum útsýnisstað til suðurs yfir Hvammsfjörð og Skógarströnd. Staðarfell er í um 30 mínútna aksturfjarlægð frá Búðardal.

Verð: Tilboð

Nánari upplýsingar um ofangreindar eignir má finna á fasteignavef MBL

Ótrúlega ódýrar íslenskar hliðgrindur



VIG
Fylgstu með okkur á Facebook
Vélsmiðja Ingvars Guðna, Tanga, 801 Selfoss
Sími: 486-1810, Netfang: vig@vig.is
www.vig.is

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir




MHG VERSLUN
ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN
MHG Verslun ehf I Víkurhvarf 8 I 203 Kópavogi I Sími 544-4656 I www.mhg.is

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM


Sólboði er af ættkvíslinni Osteospermum og tilheyrir körfublómaætt. Myndir / Ingólfur Guðnason

# Sólboði – færir okkur sumarið

**Fá sumarblóm bera með sér eins góðar óskir um hagstætt veðurfar að sumarlagi eins og sólboðinn. Nafn þessarar fallegu plöntu ber með sér sól og sumaryl og því ætti hún að sjálfsögðu að vera skylduplanta í öllum alvöru görðum.**


Blóm sólboðans eru klassísk körfublóm, pípukrónur í miðju og tungukrónur í röð í kring.

Sólboði er af ættkvíslinni Osteospermum og tilheyrir körfublómaætt. Í heimkynnum sínum eru þetta fjölærar plöntur en hér á norðurhjara veraldar ná þær ekki að lifa af veturinn og eru því ræktaðar sem sumarblóm. Til er fjöldi yrkja af sólboða og er hæð þeirra mjög mismunandi, hægt er að fá yrki sem eru einungis 25–30 cm há og allt upp í yrki sem verða ríflega metri á hæð. Yfirleitt eru nú lágvaxnari yrkin vinsælli á Íslandi.

### *Litrík körfublóm*

Blóm sólboðans eru klassísk körfublóm, pípukrónur í miðju og tungukrónur í röð í kring. Pípukrónurnar eru yfirleitt dökkar á litinn, gjarnan með fjólubláum blæ en tungukrónurnar geta verið í ýmsum litum, hvítum, gulum, appelsínugulum, bleikum, fjólubláum og jafnvel vínrauðum. Sum yrki eru með tvílitar tungukrónur og til eru yrki þar sem hver tungukróna er í laginu eins og skeið. Blöð sólboða eru lensulaga og blómstönglarnir grannir en seigir og sveigjanlegir. Eitt blóm er á hverjum blómstöngli. Sólboðinn lokar blómum sínum í rigningu en opnar þau þegar birtir og hlýnar, jafnvel þótt ekki sé full sól.


Blómgunartími sólboða er langur.

### *Hentar bæði í beð og blómaker*

Sólboði hefur verið ræktaður á Íslandi um árabil og kom fljótlega í ljós að þessar blómfögru plöntur eru mun harðgerðari en ætla mætti, miðað við uppruna þeirra á afrískum slóðum. Blómgunartíminn er langur, plönturnar byrja að blómstra í upphafi sumars og standa langt fram á haust, þola jafnvel dálítið næturfrost að haustlagi. Fyrst í stað þorðu garðeigendur ekki annað en að gróðursetja sólboða á skjólbestu staði en raunin er sú að þetta eru mjög vindþolnar og duglegar plöntur sem þarf ekki að dekra sérstaklega við. Þó er rétt að gæta þess að hafa sólboða á sólríkum og sæmilega hlýjum stað, skuggsælir staðir henta honum ekki.

### *Auðveld í umhirðu*

Til að tryggja blómgun sem best allt sumarið er rétt að gróðursetja sólboða í frjóan og rakaheldinn jarðveg. Ef plönturnar lenda í ofþornun að sumarlagi er hætt við því að þær haldi að vetur sé genginn í garð og þær ljúka blómgun hið snarasta. Sérstaklega þarf að gæta að vökvun plantna í pottum og kerum og þarf vökvunin að vera hófleg, þessar plöntur eru heldur ekki hrifnar af því að standa í bleytu. Plöntur í kerum og pottum þarf jafnframt að vökva reglulega með áburði til að þær dafni sem best. Hægt er að nota venjulegan pottablómaáburð á fljótandi formi og blanda hann eftir meðfylgjandi leiðbeiningum. Rétt er að miða við að vökva með áburði um það bil tvisvar sinnum í viku.

Sólboðinn er mjög blómviljugur en hvert blóm stendur bara í ákveðinn tíma. Það er því sjálfsögð umhirða að klippa í burtu þau blóm sem eru fölnuð og þá er blómstilkurinn klipptur með. Þessar plöntur framleiða sjaldnast mikið fræ en með því að fjarlægja dauðu blómin lítur plantan betur út og nýju blómin fá pláss til að láta ljós sitt skína í sólinni.

*Guðríður Helgadóttir, garðyrkjufræðingur hjá LbhÍ*

UTAN ÚR HEIMI


Limur nautgrips sem borðað er í Kína. Myndir / Anja Barte Telin

# Ógeðslegasti matur heims settur á stall

**Í lok síðasta árs var opnað eitt sérkennilegasta safn sem hægt er að fara á í Malmö í Svíþjóð þar sem yfir 80 tegundum af versta eða ógeðslegasta mat sem til er í heiminum er gert hátt undir höfði.**


Sænski surströmming er þekktur fyrir hræðilega lykt og misjafnt bragð og ljóst að allir þola ekki smökkun.

Vegna vinsælda safnsins ákváðu forsvarsmenn þess að opna annað útibú nokkrum vikum síðar í Los Angeles í Bandaríkjunum. Meðal þess sem sjá má og lykta af á safninu er íslenskur kæstur hákarl sem stillt er upp í sýningarrýminu með flösku af íslensku brennivíni.

„Samuel West, kunningi minn, fékk hugmyndina að safninu eftir að hafa komið safni mistaka af stað,



Íslenski hákarlinn á sinn stað á safninu við hliðina á flösku af íslensku brennivíni.


Sérstakt altari er á safninu fyrir ljóta og illa lyktandi osta.


Andreas Ahrens er framkvæmdastjóri ógeðslega matarsafnsins, „Disgusting Food Museum“, í Malmö í Svíþjóð og í Los Angeles í Bandaríkjunum.



Gerjuð hrossamjólk á flösku.




Sterkir og vel kryddaðir kanínuhausar.

þar sem sjá má um 100 vörur sem flokkast sem mistök í vöruhönnun, margar hverjar frá þekktustu fyrirtækjum heims. Við ákváðum að taka höndum saman og gera ógeðslega matnum hærra undir höfði,“ útskýrir Andreas Ahrens, framkvæmdastjóri safnsins.

*Gott skemmtanagildi*

Matur er miklu meira en bara næring, áferð, lykt og bragð haldast í hendur og það voru þessir þættir sem vöktu áhuga þeirra Andreas og Samuels. Þeir höfðu þá hugmynd að þessi skrýtni matur, sem kemur alls staðar að úr heiminum, gæti tengt fólk saman því að með því að deila máltíð geti það jafnvel breytt ókunnugum í vini.

„Gestirnir elska safnið þó að margir þeirra hafi kúgast hérna inni! Mjög margir hafa sagt við okkur að þetta sé besta safn sem þeir hafa komið á og með mesta skemmtanagildið. Við sýnum hér 82 diska frá öllum heimshornum, eins og brenndan naggrís frá Perú, surströmming frá Svíþjóð, íslenska hákarlinn og ítalska Casu marzu sem er sýktur ostur með möðkum í. Á sýningunni er matur frá um 40 löndum þar sem verst lyktandi maturinn að mínu mati er íslenski hákarlinn en bragðið af honum er þó ekki svo slæmt,“ segir Andreas brosandi. */ehg*


Úr þessari leðurblöku frá Guam er búin til leðurblökusúpa og við suðuna kemur mikil lykt af þvagi en bragðið af súpunni ku vera sætt.


Girnilegt músavín.




**Land í Hjaltadal, Skagafirði**

Til sölu er Hagi, 18,7 ha landspilda sem á stendur gott 147,2 $m^2$ íbúðarhús úr timbri byggt árið 2011.
Einnig er sérgeymsla við húsið.
Staðsetning er góð, í mynni Hjaltadals með miklu útsýni.
Vegalengd til Sauðárkróks 25 km.
Hitaveita og ljósleiðari verður lagður um svæðið í haust.
*Verð 45 milljónir kr.*

**Nánari upplýsingar gefur:**
**Ágúst Guðmundsson, löggiltur fasteignasali**
**Sæmundargötu 1, Sauðárkróki**
**S. 453 5900 & 862 5907**
**krokurinn.is**

**Lely Center Ísland**

**RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR**
**FRÁBÆR VERÐ**



John Deere, Zetor, Case IH, McCormick, Steyr, Claas, Ford, Fiat, New Holland, Deutz-Fahr, Massey Ferguson

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600









POTTIPUTKI geispur
og burðaráhöld
ásamt fleiri vörum
fyrir skógarfólk

**VORVERK.IS**
sími 665 7200 vorverk@vorverk.is

**Léttu þér lífið**

PIN CODE ALARM

Sláttu-
**ROBOT**

Husqvarna



MHG VERSLUN

**S: 544-4656**

UTAN ÚR HEIMI

# Nano-svampar til að geyma vetni fyrir bíla

**Orðræðan um orkuskipti í samgöngum fer oft illa saman við veruleikann þegar kemur að orkuframleiðslu og geymslu á raforku. Enn eru menn að glíma við þá staðreynd að verulegur hluti raforku verði áfram framleiddur með jarðefnaeldsneyti.**

Sívaxandi áhugi er fyrir framleiðslu á raforku í vindorkuverum, en það er dýrt og óstöðugleiki vindsins er þar vissulega neikvæður þáttur. Fyrirtækið $H_2GO$, sem stofnað var af Abo-Hamed og spratt upp úr tilraunum í Cambridge-háskóla, stefnir ekki á raforkuframleiðslu inn á orkunet, heldur að umbreyta orkunni í fjölnýtanlega orku í formi vetnis. Þannig er hægt að fullnýta óstöðuga orku vindsins án þess að hafa þurfi áhyggjur af því að svo og svo mikið fari til spillis í ónýttu afli.

Til að geyma orkuna hyggst $H_2GO$ ekki setja hana fljótandi á háþrýsta tanka. Í stað þess ætla menn að nýta nano-tækni til að búa til eins konar svampa til að geyma vetnið undir tiltölulega lágum þrýstingi, eða einum tíunda af því sem þarf í háþrýstum vetnisgeymum. Vetnið yrði svo nýtt á efnarafala til að framleiða þannig raforku í vetnisknúnum rafbílum.

Samkvæmt upplýsingum af vef fyrirtækisins er fullyrt að þessi tækni hafa nokkra yfirburði yfir þær rafhlöður sem notaðar eru í rafbíla í dag. Þar er sagt að hægt sé að geyma tvöfalt meiri orku með þessum hætti en hægt er að gera í lithium-ion rafgeymum. Þá sé endingartími vetnistanka af þessari gerð þrefalt meiri en rafhlaðanna, auk þess sem þeir séu 50% léttari. Ekkert er þó sagt um rúmtakið sem væntanlega er talsvert meira en í háþrýstum geymum. /HKr.



Fólk er hvatt til að fara saman í sturtu til að spara vatn.

## Ástralía:
# Vatn skammtað í Sydney

**Þurrkar undanfarnar vikur hafa gengið svo á vatnsból Sydney í Ástralíu að borgaryfirvöld hafa gripið til þess að skammta vatni. Vatnsbirgðir eru þær minnstu frá 1940, eða 53,5% af því sem er í meðalári.**

Vegna vatnsskorts hafa yfirvöld beðið fólk að draga úr vökvun grasflata, að fylla ekki sundlaugar og fara saman í sturtu til að spara vatn. Hitar hafa verið miklir í Ástralíu undanfarnar vikur og er talið að hitinn eigi eftir að aukast enn meira á næstunni.

Yfirvöld í Sydney segja nauðsynlegt að draga úr vatnsnotkuninni til að koma í veg fyrir vatnsskort seinna á árinu þar sem veðurfræðingar spá minni úrkomu í ár en í meðalári. /VH

Á FAGLEGUM NÓTUM



Í Danmörku á sér nú stað þung umræða um breytingar á ráðgjafarkerfinu, sem þykir hafa staðnað um of og sé ekki nógu sveigjanlegt. Langstærsti hluti landbúnaðarframleiðslunnar í Danmörku fer til útflutnings og því hefur landbúnaðurinn lagað sig að því breytilega landslagi sem útflutningsmarkaðir leiða af sér í frumframleiðslunni. Mynd / HKr.

# Breyttir tímar kalla á breytta þjónustu við landbúnaðinn



Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

Landbúnaður í heiminum hefur tekið miklum breytingum síðastliðna öld og sér í lagi síðustu áratugi. Bændum heimsins hefur fækkað jafnt og þétt en á sama tíma hefur matvælaframleiðslan aukist umtalsvert. Skýringin felst auðvitað í aukinni sérhæfingu og bættri skilvirkni auk þess sem bæði bústofnar og plöntur hafa tekið miklum erfðafræðilegum framförum.

Víða erlendis hefur umgjörð landbúnaðarins í raun tekið minni breytingum en landbúnaðurinn sjálfur og skiptir þar litlu hvort um er að ræða opinbert kerfi eða t.d. nærumhverfi búanna eins og ráðgjöf og dýralæknaþjónusta.

### *Fyrirtækjaráðgjöf vaxið ásmegin*

Í Danmörku á sér nú stað þung umræða um breytingar á ráðgjafarkerfinu, sem þykir hafa staðnað um of og sé ekki nógu sveigjanlegt. Langstærsti hluti landbúnaðarframleiðslunnar í Danmörku fer til útflutnings og því hefur landbúnaðurinn lagað sig að því breytilega landslagi sem útflutningsmarkaðir leiða af sér í frumframleiðslunni.

Fyrirtæki sem þjónusta bændur hafa verið dugleg aðlaga sig að þessum veruleika og mörg þeirra bjóða í dag upp á öfluga ráðgjöf samhliða sölu á vörum og þjónustu. Þessi leið hefur einnig verið að ryðja sér til rúms hér á landi s.s. varðandi fóðurráðgjöf svo dæmi sé tekið. Margir bændur og forsvarsmenn afurðafyrirtækja í Evrópu vilja þó gjarnan sjá ráðgjafarþjónustuna hlutlausa og óháða sölumarkmiðum fyrirtækja og hefur það nú leitt til þess að hin hefðbundna ráðgjafarþjónusta þarf að líta í eigin barm og finna lausn sem hentar nútíma landbúnaði og um leið getur skákað fyrirtækjaráðgjöf.

### *Ísrael leiðandi*

Þegar þessi mál eru skoðuð í grunninn í Evrópu er eiginlega sláandi hvað lítið er um samvinnu eða samþættingu á hefðbundnu ráðgjafarstarfi og dýralæknaþjónustu. Ef þörf bænda sem búa með búfé er skoðuð með hlutlausum hætti er ávinningur bænda af slíkri samþættingu all augljós, en líklega vegna hefða hefur þetta skref ekki verið tekið að neinu marki í Evrópu. Svona samþætting er þó til og skarar þar eitt land fram úr og það er Ísrael, en þar hefur hið svokallaða Hachaklait ráðgjafarkerfi verið í notkun í áratugi fyrir þarlenda mjólkurframleiðslu. Hachaklait er samvinnufélag flestra kúabúa landsins og sér félagið um alla ráðgjöf og þjónustu sem kúabú þurfa á að halda s.s. varðandi jarðrækt, kynbætur, fóðuráætlanir, skyndiútköll vegna veikinda, fyrirbyggjandi dýralæknaþjónustu, sæðingar og allt þar á milli. Öll þessi þjónusta er á einni hendi og er líklega sú hagkvæmasta sem um getur í heiminum og það er einmitt ástæðan fyrir því að fleiri lönd, sér í lagi þau sem þurfa að efla samkeppnishæfni síns landbúnaðar, horfa til Hachaklait lausnarinnar þar sem menntað fagfólk í landbúnaði og dýralækningum vinna saman.

### *Taka Danir upp ísraelsku leiðina?*

Sem stendur starfar sérstakur hópur að því að móta tillögur fyrir danskan landbúnað og á vinnuhópurinn að skila af sér tillögum í haust. Hvaða leið verður farin er óvíst sem stendur en skilaboð formanns dönsku bændasamtakanna, Martin Merrild, eru skýr en hann segir að nauðsynlegt sé að bæta sérhæfinguna og að fólk hafi þrek og þor til að taka erfiðar ákvarðanir en í Landbrugsavisen, sem kom út fyrir síðustu helgi, sagði hann í viðtali að „það væri of mikið af umframfitu í danska ráðgjafarkerfinu“ sem þyrfti að skera frá.

Hver sem niðurstaðan verður er ljóst að margir, sérstaklega danskir kúa- og svínabændur, vilja gjarnan sjá aukið vægi faglegrar ráðgjafar og fyrirbyggjandi starfs dýralækna.

### *Breytt starf dýralækna*

Undanfarin ár hefur dýralæknaþjónustan í Danmörku nefninlega breyst úr því að vera hálfgert „slökkvistarf“ þ.e. fyrst og fremst að sinna útköllum, yfir í að vera starf sem felst í að „koma í veg fyrir eldinn“ þ.e. heilbrigðisráðgjöf sem dregur úr líkum á því að skepnur veikist yfirhöfuð. Þetta hefur eiginlega gerst af sjálfu sér en með auknum heimildum til bænda að meðhöndla sjálfir sjúkar skepnur með lyfjum, hefur starf dýralæknanna breyst mikið og yfir í ráðgjöf, fyrirbyggjandi heimsóknir á bú og kennslu í meðhöndlun sjúkdóma. Þessi leið er bæði mun betri fyrir búfénaðinn og búskapinn, en einnig mun meira gefandi fyrir þá sem við þetta starfa. Með því að tvinna svo saman forvarnarstarf á sviði heilbrigðismála á búum við t.d. fóðurráðgjöf, kynbótaráðgjöf eða annað það sem brýnt er að taka fyrir hverju sinni, er hægt að ná fram afar góðum samlegðaráhrifum við ráðgjöf og þjónustu og með því tryggja að viðkomandi bú fái bestu mögulegu aðstoð sem unnt er hverju sinni.




# Eplauppskeru- og ævintýraferð til Noregs 4. – 8. október 2019

Flogið í beinu flugi til Bergen með Icelandair, gist í 1 nótt í Harðangursfirði, 1 nótt í Voss og 2 nætur í Bergen. Ferðin er stútfull af áhugaverðri dagskrá og hér má sjá brot af því sem þátttakendur munu upplifa:

- Heimsækjum bændur sem selja beint frá býli og fáum þjóðlegar veitingar.
- Skoðum stafkirkjuna í Fantoft í Bergen.
- Náttúruperlur kannaðar og kíkt á kraftmikla fossa.
- Tökum þátt í eplauppskeru íslensku eplabændanna í Harðangursfirði.
- Heimsækjum glæsilega eplavínsverksmiðju í Ulvik.
- Fáum kynnisferð um Oleana-prjónaverksmiðjuna í Bergen, ofl., ofl.
- ***Verð á mann í tvíbýli: 140.300,-***

***Verð á mann í einbýli: 165.900,-***

*(Allt innifalið fyrir utan 2 hádegisverðir og 2 kvöldverðir ásamt drykkjum)*



***Fararstjóri:*** Erla Hjördís Gunnarsdóttir, epla- og eggjabóndi í Harðangursfirði og blaðamaður Bændablaðsins.

Skráning á erlagunn@gmail.com fyrir 20. júlí 2019.

Fyrir frekari upplýsingar og ferðadagskrá er hægt að senda tölvupóst á erlagunn@gmail.com eða í síma 563-0320.



Þegar þessi mál eru skoðuð í grunninn í Evrópu er eiginlega sláandi hvað lítið er um samvinnu eða samþættingu á hefðbundnu ráðgjafarstarfi og dýralæknaþjónustu.



Ef þörf bænda sem búa með búfé er skoðuð með hlutlausum hætti er ávinningur bænda af slíkri samþættingu all augljós, en líklega vegna hefða hefur þetta skref ekki verið tekið að neinu marki í Evrópu. Svona samþætting er þó til og skarar þar eitt land fram úr og það er Ísrael, en þar hefur hið svokallaða Hachaklait ráðgjafarkerfi verið í notkun í áratugi fyrir þarlenda mjólkurframleiðslu.

### *Taka fyrirtækin yfir?*

Ef horft er út fyrir Evrópu og t.d. til Bandaríkjanna eða Asíu er svokölluð fyrirtækjaráðgjöf nánast allsráðandi. Kynbótaráðgjöfin er veitt af þeim aðila sem selur bændum sæði eða fósturvísa og fóðurráðgjöfin veitt af þeim sem selur bændum hráefni eða t.d. tilbúið kjarnfóður. Þá er ráðgjöf varðandi t.d. mjaltir og vinnubrögð við mjaltir á höndum þeirra fyrirtækja sem selja og þjónusta mjaltabúnaðinn og sé horft til málefna varðandi mjólkurgæði og júgurheilbrigði þá eru þau mál oft á höndum afurðastöðva eða jafnvel ráðgjafa á vegum lyfjafyrirtækja! Þessi þróun er alls ekki óeðlileg og afar vel skiljanleg út frá sjónarhóli þeirra sem starfa við sölu. Hins vegar er alls ekki tryggt að bóndinn fái bestu mögulegu þjónustuna með þessum hætti, enda ráðgjöfin ekki hlutlaus. Hverjar ætli séu líkurnar á því að t.d. mjaltafyrirtæki mæli með spenagúmmíi frá öðrum framleiðanda, kynbótafyrirtæki sem mælir með sæði frá öðru fyrirtæki eða fóðursali sem mælir með fóðri eða hráefni frá öðrum? Auðvitað getur þetta gerst, og vonandi sem oftast, ef ráðgjafinn sér að lausnir annarra séu betri. Vandinn er þó sá að afar ólíklegt er að ráðgjafi, sem starfar fyrir fyrirtæki, hafi þá yfirsýn sem þarf að hafa til að geta ráðlagt bóndanum að nota sér aðrar lausnir en einmitt þær sem viðkomandi fyrirtæki selur. Þetta hefur hlutlaus ráðgjafarþjónusta víða um heim margsannað.

### *Framtíðin á Íslandi?*

Aðstæður hér á landi eru töluvert frábrugðnar aðstæðum í mörgum öðrum löndum sökum fjarlægðar á milli búa og smæðar markaðarins. Hér hefur þó sérhæfingin snaraukist á liðnum áratugum og sér í lagi í svína-, alífugla- og loðdýrarækt en einnig í hefðbundinni mjólkurframleiðslu. Þessi staða hefur vissulega haft áhrif á þarfir búanna fyrir sérhæfðari og faglegri ráðgjöf en fyrr og hefur RML mætt því eftir bestu getu. Samhliða hefur einkaráðgjöf aukist jafnt og þétt, bæði af sjálfstæðum ráðgjöfum en einnig frá fyrirtækjum. Þá hafa verið fengnir ráðgjafar erlendis frá í einstaka verkefni.

Hvernig þessi mál munu þróast á Íslandi á komandi árum og áratugum er erfitt að segja fyrir um, en líklegra er en hitt að aukin sérhæfing í landbúnaði hér muni kalla á breyttar áherslur og aukið samstarf bæði innanlands og við önnur lönd. Hvort breytt ástand leiði til myndunar eins konar Hachaklait kerfis skal ósagt látið, en það væri vissulega ákjósanlegt enda er það án nokkurs vafa faglega og þjónustulega besta ráðgjafarkerfi sem greinarhöfundur hefur kynnst í heiminum.













MAST Matvælastofnun ...frá heilbrigði til hollustu

# Skráningar á lyfjanotkun

**Nú þegar sauðburður er liðinn þá er tilvalið að skrá þær lyfjagjafir sem notaðar voru á sauðburði. Margir bændur þekkja ekki skyldur sínar hvað varðar skráningar á lyfjanotkun fyrir búfé sitt en þessum pistli er ætlað að skýra það.**

***Hvað eiga bændur að gera?***

Bændur eru ábyrgir fyrir skráningum upplýsinga um öll dýr hjarða sinna í sérstaka hjarðbók. Ef um er að ræða sauðfé, geitur, nautgripi og hross skal nota rafrænu hjarðbækurnar Fjárvís, Heiðrúnu, Huppu og WorldFeng til þess að skrá þær upplýsingar. Hægt er að fá svokallaðan hjarðbókaraðgang að öllum þessum kerfum, búfjáreigendum að kostnaðarlausu. Einnig er það á ábyrgð bænda að sjúkdómar í búfé þeirra og hvers kyns lyfjanotkun sé ávallt skráð.

***Hvernig eiga bændur að skrá?***

Sauðfjárbændur og nautgripabændur geta skráð eigin lyfjanotkun rafrænt í Fjárvís og Huppu.

Á síðasta ári voru lyfjaskráningarnar einfaldaðar í Fjárvís til að samrýmast þeim skráningum sem sauðfjárbændur þekkja úr gæðastýringu.

***Skrá lyfjagjafir í Fjárvís:***

- Smella á „Skrá lyfjagjafir“ á forsíðunni í dálknum fyrir vorbók eða haustbók og þá opnast skráningarmynd fyrir lyfjagjöfina sjálfa.

***Skrá lyfjagjafir í Huppu:***

- Smella á „Heilsa“ tengilinn í valmynd vinstra megin og síðan „Lyfjaskápur“.
- Velja „Skoða lyfjaskáp“ og þá birtast þau lyf sem eru skráð í lyfjaskápinn.
- Smella á örina lengst til hægri í sömu línu og lyfið sem notað var og velja „Nota“ og þá opnast skráningarmynd fyrir lyfjagjöfina sjálfa.

Bændur þurfa þó ekki að standa einir að allri skráningu á lyfjanotkun í búfé sitt en þeir geta einnig notið aðstoðar sinna dýralækna. Dýralæknum sem meðhöndla nautgripi og hross ber að skrá sjúkdómsgreiningar og lyfjanotkun í gagnagrunninn Búfjárheilsu, auk sauðfjár og geitfjár. Bændur bera hins vegar ábyrgð á því að slíkar skráningar séu til staðar og geta þeir fylgst með skráningum fyrir sitt búfé í rafrænum hjarðbókum með því að skoða yfirlit yfir lyfjagjafir í heilsuhluta hjarðbóka eða með



því að fletta upp heilsukorti fyrir viðkomandi gripi.

Fyrir aðrar búfjártegundir, þar sem lyfjaskráningar í miðlæga gagnagrunna eru ekki til staðar, þurfa bændur að halda skrá yfir lyfjanotkun annaðhvort á pappír eða í tölvuskrám. Dæmi um slíkt heilsukort má sjá á heimasíðu Matvælastofnunar undir „Eyðublöð“ í valmyndinni hægra megin á forsíðunni undir heitinu „Lyfja- og sjúkdómaskráningar – Heilsukort fyrir búfé“.

***Af hverju eru skráningar á lyfjanotkun mikilvægar?***

Mikilvægt er að standa vel að skráningum á lyfjanotkun. Rafrænar skráningar á lyfjanotkun spila lykilhlutverk í matvælaöryggi. Sem dæmi þá eru upplýsingar um gripi í sláturbanni aðgengilegar sláturhúsum og tryggja því að dýraafurðir með lyfjaleifum berist ekki á markað.

Notkun á sýklalyfjum hefur áhrif á sýklalyfjaónæmi þar sem röng notkun og ofnotkun á sýklalyfjum eykur líkur á myndun þess. Söfnun upplýsinga um notkun á sýklalyfjum á landinu er mikilvæg til að halda utan um magn og þróun á notkun sýklalyfja, til að meta áhrif ráðstafana sem gerðar hafa verið, til að kanna tengsl sýklalyfjanotkunar við sýklalyfjaónæmi og til að vera upplýst um ofnotkun sé hún til staðar. Mikilvægt er að hafa þessar upplýsingar til að hafa samanburð á milli ára og meta hvort grípa þurfi til ráðstafana. Slíkar ráðstafanir ættu að miða að því að draga úr notkun sýklalyfja, og þar með úr líkum á myndun sýklalyfjaþols, án þess þó að hafa áhrif á sjálfbæra búfjárrækt með heilbrigðum dýrum. Með þeirri vakningu sem hefur átt sér stað um þá miklu vá sem sýklalyfjaónæmi er þá er lögð meiri áhersla á mikilvægi þess að skráningar á lyfjanotkun séu til staðar hérlendis. Það endurspeglast meðal annars í stefnu ríkisstjórnarinnar til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmis þar sem aðgerðaráætlun gerir ráð fyrir að auka skráningar á lyfjanotkun og betrumbæta gagnagrunna sem halda utan um þær.

***Lög og reglur sem um þessi mál gilda***

- Reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár.
- Reglugerð nr. 103/2010 sem innleiðir Evrópugerð nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.

***Guðrún Lind Rúnarsdóttir***
*fagsviðsstjóri lyfjamála hjá Matvælastofnun*

---

HROSS & HESTAMENNSKA

## Þróun bóluefnis gegn sumarexemi í hrossum:

# Lokaáfanginn að hefjast og óskar félagið eftir hrossum

**Áralangri vinnu við þróun bóluefnis gegn sumarexemi í hrossum er að komast í höfn, en rannsókn á virkni þess bóluefnis sem búið er að þróa mun fara fram við raunaðstæður í Bern í Sviss á næsta ári, en í upphafi árs 2020 verða þeir hestar sem fluttir verða út bólusettir og undirbúnir fyrir rannsóknina.**

Félag hrossabænda hefur komið að þessari vinnu enda málið skylt. Velferð þeirra hrossa sem flutt eru utan stendur okkur mjög nærri en u.þ.b helmingur þeirra hrossa sem flutt eru út fá exem og sum á mjög háum skala. Því er afar ánæjulegt að vinna að leið til afnæmingar á exeminu sé að komast á lokastig og að samanburðarrannsókn hefjist á næsta ári og niðurstaða fáist í lok sumars 2023.

Því er afar ánægjulegt að lyf til forvarnar sé að komast á lokastig og að samanburðarrannsóknir hefjist á næsta ári. Ætlað er að niðurstaða um virkni forvarnarbólusetningar fáist í lok sumars 2023.

Félag hrossabænda hefur lýst því yfir að félagið myndi leiða vinnu við að útvega þau 27 hross sem þarf í tilraunina. Biðlar stjórn félagsins til sinna félagsmanna og almennt til hestaeigenda að hjálpa til og leggja verkefninu til þá hesta. Meiningin er að hestarnir verði framlag til verkefnisins og verður þeirra sem styðja við þennan síðasta áfanga getið sem sérstakra stuðningsmanna verkefnisins.

Þeir hestar sem ætlunin er að flytja út fá hlutverk í reiðskólum en þegar hafa aðilar í Bern gefið kost á sér að koma að rannsókninni með því að fóstra hrossin gegn því að eignast þá í lokin. Þessi samvinna er mikilvæg og í raun lykilþáttur til að verkefnið klárist en alltaf hefur legið fyrir að mikill kostnaður myndi liggja í uppihaldi og umsjón hrossanna í lokarannsókninni sem mun taka þrjú ár. Því óskum við eftir hestum í verkefnið og þurfa hestarnir að uppfylla eftirfarandi atriði:



**Sveinn Steinarsson.**

Vera þægir, tamdir hestar á aldrinum 6–10 vetra sem hægt verður að nota án mikils undirbúnings í reiðskóla. Ekki eru gerðar strangar kröfur til ganglags en geðslag og þægð þarf að vera í lagi. Hestarnir munu verða prófaðir áður en þeir verða valdir í verkefnið til að tryggja að þeir henti í verkefnið. Hestunum verður safnað saman á Keldum í byrjun janúar 2020 og hefst þá þriggja mánaða undirbúningur áður en hestarnir verða fluttir úr landi.

Það eru miklir hagsmunir í húfi að þetta verkefni klárist. Í fyrst lagi gagnvart velferð þeirra hrossa sem flutt eru erlendis og eins eru markaðslegir hagsmunir gagnvart útflutningi á íslenska hestsinum verulegir.

Þeir sem vilja leggja hross í verkefnið eða fá frekari upplýsingar vinsamlega sendi póst á Félag hrossabænda á netfangið fhb@fhb.is eða hafi samband við Svein 892-1661 eða Vigni 896-1838.

*Með von um jákvæð viðbrögð,*
*f.h Félags hrossabænda*

***Sveinn Steinarsson**, formaður*




LESENDABÁS

# Matvælalöggjöf

**Fyrir tíu árum var matvælalöggjöf EES innleidd á Íslandi. Tilgangur matvælalöggjafar EES er að tryggja gæði og öryggi matvæla og stöðu neytenda. Við gerum miklar kröfur til innlendrar matvælaframleiðslu og í þeirri stöðu eiga neytendur rétt á því að sambærilegar kröfur séu gerðar til innfluttra matvæla.**


Halla Signý Kristjánsdóttir.


Þórarinn Ingi Pétursson.

### *Varnir tryggðar*

Framsóknarflokkurinn hefur í vetur tekið sér stöðu og verið óhræddur við að benda á þá ógn sem við stöndum frammi fyrir hvað varðar fjölónæmar bakteríur. Þessar áhyggjur eru ekki gripnar úr lausu lofti. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni er sýklalyfjaónæmi einhver mesta ógn við heilsufar manna í dag.

Undir þetta taka fjölmargir sérfræðingar á sviði sýkla- og veirufræða. Þeir hafa brýnt fyrir okkur að verja þurfi þá sérstöðu sem við búum við á Íslandi. Við afgreiðslu lagabreytinga um innflutning ferskra matvæla náðist góð samvinna í atvinnuveganefnd sem skilaði niðurstöðu sem rímar vel við landbúnaðarkafla stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Þar segir að Ísland eigi að vera leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum en auk þess boðar ríkisstjórnin metnaðarfull áform í loftslagsmálum.

### *Aðgerðaráætlun um heilnæm matvæli*

Afgreiðsla nefndarinnar skilaði þingsályktunartillögu sem felur í sér 17 aðgerðir til að tryggja heilnæm matvæli og vernd búfjárstofna hér á landi. Þar kveður á um bann við dreifingu kjöts sem inniheldur kamfýlobakter og salmonellu og aðgerðir til að koma í veg fyrir dreifingu matvæla sem innihalda sýklalyfjaónæmar bakteríur.

Í aðgerðaráætluninni er mikilvægi þess að setja á fót og virkja áhættumatsnefnd undirstrikað og ætla má að hún taki til starfa á næstu dögum. Þá er mælt fyrir um átak í merkingu matvæla auk þess sem bæta á upplýsingagjöf til ferðamanna.

Framsókn mun ekki liggja á liði sínu í eftirfylgni áætlunarinnar og einstakra aðgerða, enda er það forsenda fyrir aðgangi neytenda að heilnæmum matvælum og að heilbrigði búfjár sé tryggt hér á landi.

*Halla Signý Kristjánsdóttir og Þórarinn Ingi Pétursson þingmenn Framsóknarflokksins*


FYRIR HEYSKAPINN

Eigum til tinda og hnífa í flestar gerðir heyvinnuvéla, einnig slöngur og dekk með eða án felgu.





Sendum um land allt, ókeypis ef keypt er fyrir 30 þúsund eða meira!

VÉLAVAL
560 VARMAHLÍÐ
453 8888 - velaval@velaval.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 27. júní

Lely Center Ísland
DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Rúlluplast

VISQUEEN POLYCROP

5 LAGA RÚLLUPLAST



| | | Staðgreiðsluverð án vsk | Greiðslufrestur*) Tveir gjalddagar Verð án vsk |
|---|---|---|---|
| 75 cm x 1500 m | Hvítt | 9.900,- | 10.300,- |
| 75 cm x 1500 m | Ljósgrænt | 10.200,- | 10.610,- |
| 75 cm x 1500 m | Svart | 10.100,- | 10.500,- |
| 50 cm x 1800 m | Hvítt | 8.300,- | 8.630,- |

Net og bindigarn

| | | Staðgr. án vsk | Greiðslufrestur*) 2 gjalddagar Verð án vsk |
|---|---|---|---|
| Piippo Magic Blue Rúllunet | 1,23 m x 3.090 m | 21.900,- | 22.780,- |
| Piippo Magic Blue Rúllunet | 1,30 m x 3.090 m | 22.400,- | 23.300,- |
| Piippo HYBRID rúllunet | 1,23 m x 4.000 m | 22.500,- | 23.400,- |
| Piippo HYBRID rúllunet | 1,23 m x 4.600 m | 29.500,- | 30.680,- |
| Piippo HYBRID rúllunet | 1,30 m x 4.000 m | 27.800,- | 28.910,- |
| Piippo Stórbaggagarn | 110 m/kg (10,5 kg hnota) | 4.040,- | 4.200,- |
| Piippo Stórbaggagarn | 130 m/kg (9 kg hnota) | 3.380,- | 2.990,- |
| Piippo Stórbaggagarn | 145 m/kg (9 kg hnota) | 3.380,- | 2.990,- |
| Piippo Baggagarn | 400 m/kg (5 kg hnota) | 1.920,- | 2.000,- |
| Piippo Rúllugarn | 1000 m/kg (5 kg hnota) | 1.970,- | 2.050,- |

PIIPPO



*) Gjaldfrestur - 2 gjalddagar: 50% greiðist 15. júlí 2019 og 50% greiðist 16. september 2019
Allt verð er tilgreint án virðisaukaskatts, 24,0%

Sendum frítt með Samskip-Landflutningum um land allt ef pöntun er staðfest fyrir 30. júní 2019 (Lágmark 10 rúllur)

TIL AFGREIÐSLU STRAX

ÞÓR HF

REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500

AKUREYRI: Baldursnes 8 Sími 568-1555

Vefsíða og netverslun: www.thor.is

VÉLABÁSINN

# 1800 kílómetra prufuakstur á BMW GS1250 HP



Helstu mál og upplýsingar

| | |
|---|---|
| Lengd | 2.207 mm |
| Hæð | 1.430 mm |
| Breidd | 952 mm |
| Lengd | 2.207 mm |
| Hámarksþyngd fullhlaðið | 465 kg. |
| Bensíntankur | 20 lítrar |

BMW GS 1250 HP. Myndir / HLJ



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Síðustu vikuna í maí var mér boðið í mótorhjólatúr með fjórum amerískum mönnum á sextugsaldri hringinn í kringum Ísland á vegum innflutningsaðila BMW mótorhjóla á Íslandi. Hjólið sem mér var afhent til ferðarinnar var BMW GS 1250 HP.**

### *Vel útbúið til langferða í íslenskum kulda og vindi*

Í byrjun júní 2016 skrifaði ég hér um BMW GS1200, það hjól var með 125 hestafla vél og fínt að keyra í alla staði, en nú er komið nýtt og enn betra hjól sem er hlaðið af aukabúnaði og þægindum. Nýja hjólið er með tveggja strokka boxervél sem er 1254 cc og á að skila 134 hestöflum og togar 143Nm. á 6250 snúningum.

Munurinn á gömlu vélinni og þeirri nýju er ekki nema 9 hestöfl, en þessi fáu hestöfl virðast vera ótrúlega stór hestöfl og munurinn á gömlu og nýju vélinni mikill.

Þetta hjól er með ABS bremsur, spólvörn, hita í handföngum, stillanlega fjöðrun, hraðastilli (cruse control), brekkuaðstoð (hillholder), fjórar mismunandi stillingar og viðbragð á vél (rain, road, enduro og dynamic) og kúplingslausa skiptingu (quick-shifter). Flest af þessu var í eldra hjólinu, en hraðastillirinn er nýtt fyrir mér (hins vegar búið að vera í mörgum mótorhjólum í um 30 ár, keyrði fyrst hjól með hraðastilli 1988 sem er Honda GoldWing).

### *Var settur á sérstakt sýningarhjól hlaðið aukabúnaði*

BMW GS 1250 er hægt að fá í nokkrum útgáfum, en ódýrast er hjól sem nefnist GS1250, en hjólið sem ég var á nefnist HP og hafði verið sem sýningarhjól í Þýskalandi í vetur. Þetta hjól var hlaðið aukabúnaði sem var sérstaklega sett á hjólið til að það myndaðist betur (búið að „blinga“ í botn). Auka fótpedalar, gírskiptir, fótbremsuhemill, ventlalok, lok framan á mótorinn, handföng, speglar og grófari dekk, svo eitthvað sé nefnt (innflutningsaðilinn vildi meina að alls væri aukabúnaður á hjólinu að verðmæti um 500.000).

### *Aksturinn varð alltaf ánægjulegri eftir því sem leið á*

Fyrsti dagurinn var stuttur og eingöngu malbik, en strax fann ég muninn frá fyrra hjólinu, stærri og betri speglar, stærri fótstig (fótpedalar) og svo var það mótorinn sem var að vinna allt óðruvísi. Togið var meira og snerpan meiri, svo var það að keyra með „cruse control“, það var svolítið mikið nýtt fyrir mér sem með tímanum var eins og gott hjónaband, ástin bara jókst með tímanum og dögunum.

Eftir fyrsta dag vorum við allir sammála um að hjólin væru hreint æðisleg og í spjalli yfir kaffibolla í lok dags kom í ljós að tveir af ferðafélögum mínum höfðu aldrei ekið á malarvegi á mótorhjóli.

Annar sextugur og hinn fimmtugur og sá ég þarna gott tækifæri til að sjá hvað gott hjól gerir fyrir óvanan mann á möl. Sá eldri hafði aldrei keyrt mótorhjól standandi svo að hann var skoðaður sérstaklega. Ég keyrði ýmist til beggja hliða og fyrir aftan hann standandi horfandi yfir axlir hans að fylgjast með í hvaða gír og á hvaða hraða hann væri á. Það tók hann ekki nema á milli 5 og 15 km að fara úr 50 km hraða á malarveginum upp í löglegan hraða, svo gott var hjólið undir honum. Á 40 ára mótorhjólaferli mínum hef ég aldrei séð mann ná réttri tækni við malarakstri og þennan mann.



Smá vatnasull verður að vera í öllum góðum mótorhjólatúrum.



Hefði alveg verið til í aðeins hærri vindhlíf köldustu morgnana.

### *Flest aðeins betra og BMW þolir meiri hliðarvind en önnur hjól*

Í lok ferðarinnar fór ég upp á Kvartmílubraut til að skoða hámarkshraða hjólsins, enginn á brautinni og því hægt að skoða alveg frá enda í enda og hjólið hentist upp í póstnúmerið í Hafnarfirði, en þar hægðist á krafti fjórum kílómetrum hraðar, var komið nóg.

Greinilegt að nýja ventlakerfið er að koma hjólinu vel áfram bæði í hestöflum og togi. Þessir 1800 km sem ég ók voru við misgóðar aðstæður og stóðst hjólið allar þær kröfur sem gott ferðahjól þarf að standast, þó er mín reynsla að BMW mótorhjól eru afar vel hönnuð til aksturs í miklum vindi og síðasta daginn var mikill hliðarvindur og ekki hefði ég viljað hafa verið á öðru hjóli við þessar aðstæður en einmitt á þessu hjóli. Ég hef keyrt BMW hjól síðustu 14 árgerðir, með hverju nýju hjóli er alltaf smá munur sem er betri. BMW 1250 HP er 249kg fullt af bensíni. Verðið á hjólinu er nálægt 4.000.000, en fer algjörlega eftir hve mikið af aukabúnaði er pantað með hjólinu. Persónulega mæli ég eindregið með að kaupa strax við pöntun veltigrindur á hjólið. Nánari upplýsingar veitir Þórarinn Eiður hjá Reykjavík Motor Center, Flatahrauni 31, Hafnarfirði.



Á svona holóttum malarvegi tekur fjöðrunin vel allar holur.



Sá sextugi var fljótur að ná hraðanum á mölinni á lausum og þurrum veginum.



Svolítið nýtt fyrir mér að geta stillt á hraðastillinn, þá var hægri höndin frí og tilvalið að taka myndir.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Er allt ryðgað fast?



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Í síðasta pistli hér var rætt um umgengni við vélar og tæki. Nokkur viðbrögð fékk ég við þeirri grein og fékk ég ábendingar um nokkur atriði sem vert væri að huga að oftar. Viðhald á vélum og tækjum er mjög misjafnt á milli þeirra sem aka og vinna á hinum ýmsu ökutækjum.**

Að vera einhvers staðar langt frá verkstæði með sprungið dekk eða í öðrum vandræðum og geta ekki bjargað sér sjálfur vegna þess að varadekkið er ryðgað fast á sínum stað, loftlaust eða eitthvað annað vegna þess að ekki var hugað að réttu viðhaldi.

### *Í reglulegu viðhaldi ökutækja vilja smáu hlutirnir gleymast*

Þegar við sem förum með ökutækin okkar á verkstæði og látum verkstæðismanninn sjá um dekk og smurþjónustu, er mjög misjafnt hversu mikið verkstæðismaðurinn leggur mikla vinnu í þjónustu sína, en það eru nokkrir hlutir sem vert væri að spyrja hann hvort hann gæti ekki gert í viðbót við hefðbundna vinnu. Það er nefnilega ótrúlega algengt að varadekkið sé ekki í lagi á mörgum bílum sem eru eldri en fimm ára. Í ótrúlega mörgum tilfellum þegar á að setja varadekkið undir bíl er það ryðgað fast og ekki nokkur leið að ná úr bílnum með öðrum ráðum en slípirokk eða járnsög. Einnig að varadekkið sé loftlaust þegar á að nota það.

### *Ekkert óalgengt að varadekkið sé ryðgað fast*

Miðað við saltmagnið sem sett er á veturna á göturnar er ekkert óeðlilegt að bílar ryðgi, sérstaklega á bílum sem eru með dekkið fast undir bíl fyrir aftan afturhjól. Oft eru svona dekk fest með vír og í einhvers konar talíu og þetta þarf að liðka. Einnig eru margir bílar með varadekkið fast í festingu þar sem þarf að losa einn eða tvo bolta aftast á bílnum og þá er hægt að opna festinguna fyrir dekkið sem dettur niður. Þessir boltar vilja ryðga svo mikið að ekki nokkur leið er að skrúfa þá lausa. Því er nauðsynlegt að liðka þetta reglulega. Niðurskrúfað varadekk í farangursgeymslu getur líka verið ryðgað fast og er ágætis ráð að losa það a.m.k. einu sinni á ári og smyrja festinguna.

### *Loftlaust varadekk er ótrúlega algengt*

Ótrúlega margir bílar í umferðinni eru varadekkslausir og margir ökumenn þeirra bíla hafa ekki hugmynd um að ekkert varadekk sé í bílnum. Ég er ekki frá því að nálægt 40.000 bílar í umferðinni séu varadekkslausir, en persónulega finnst mér að það ætti að vera í lögum að bílar séu með varadekk og þeir fengju ekki skoðun nema með varadekk í bílnum. Þegar varadekk er fast aftan til undir bílum koma óhreinindi og vatn við notkun og með tímanum byrjar felgan að ryðga og tærast á þeirri hlið sem upp snýr.

Tæring á áli og þegar járnfelga ryðgar koma ryðbólur eða tæringarbólur á milli dekks og felgu og loftið fer úr varadekkinu. Oft er auðvelt að laga þetta og á flestum hjólbarðaverkstæðum eru menn sem eru vanir og laga lekann sem tekur ekki langan tíma og kostar lítið miðað við vesenið sem gæti orðið þegar á að grípa til varadekksins sem reynist loftlaust.



Það eru um 11.000 Landcruser bílar á götunum og ótrúlega oft þarf að losa varadekkið með slípirokk.

### *Óhreinindi oftast orsakavaldur á vandræði, en auðvelt að fyrirbyggja*

Margir hlutir sem sjaldan eru notaðir vilja standa á sér og eru fastir þegar á að nota þá, þá er oft auðvelt að „redda“. Sem dæmi þá getur verið vont að tengja glussatengi að aftan og framan á dráttarvélum út af óhreinindum eða bensínlokið og vélarhlífin standa á sér.

Á mörgum bensínstöðvum og í varahlutaverslunum er hægt að kaupa úðabrúsa með bremsuhreinsi sem virkar mjög vel til að losa öll óhreinindi í burtu og önnur tegund af úðabrúsum sem nefnist „moly slip combat“ er bæði hreinsi- og smurefni og gott að hafa við höndina þegar skrúfur eru ryðgaðar og fastar. Öll tæki og hlutir þurfa viðhald, því er smurning og þrif alltaf vinna sem borgar sig þegar ending er annars vegar.

IAS
INDUSTRIAL AUTOMOTIVE SERVICES
Höfum tekið við umboði fyrir IAS hreinsiefnin frá ORRA HJALTASYNI ehf

MANNOL TILBOÐ TIL BÆNDA
Mannol Traktor Súperolía 15W-40

| UMBÚÐIR | TILBOÐSVERÐ | FULLT VERÐ |
|---|---|---|
| 5 Lítrar | 2.490,- kr. | 3.495,- kr. |
| 20 Lítrar | 8.990,- kr. | 12.495,- kr. |
| 60 Lítrar | 25.900,- kr. | 33.995,- kr. |

automatic ... gengur vel
Smiðjuvegi 11, 200 Kópavogi | S: 512 3030
pantanir@automatic.is | www.automatic.is

## KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




Bændablaðið
kemur næst út 27. júní
Smáauglýsingar 56-30-300

## LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR



# Hólabær og Gunnsteinsstaðir

Íbúðarhúsið í Hólabæ.

**Rúnar Aðalbjörn Pétursson og Auður Ingimundardóttir keyptu Hólabæ og Gunnsteinsstaði um síðustu áramót af foreldrum Rúnars, Pétri Péturssyni og Þorbjörgu Bjarnadóttur.**

Rúnar er fimmti ættliðurinn sem býr á jörðunum.

**Býli:** Hólabær og Gunnsteinsstaðir.

**Staðsett í sveit:** Langadal í Austur-Húnavatnssýslu.

**Ábúendur:** Auður Ingimundardóttir og Rúnar Aðalbjörn Pétursson.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Við eigum soninn Pétur Inga sem er 1 árs. Á bænum eru hundarnir Skotta og Týra ásamt köttunum Snældu og Sinnep.



Fólkið á bænum.

**Stærð jarðar?** Heildarstærð jarðarinnar er um 2.300 hektarar.

**Gerð bús?** Blandað bú, kýr og kindur.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** 70 nautgripir, þar af 24 mjólkurkýr, og 360 vetrarfóðraðar ær.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Allir vinnudagar byrja og enda í fjósinu. Þess á milli er gefið í fjárhúsum og gengið í önnur verk sem falla til, misjöfn eftir árstímum.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Flest bústörfin eru skemmtileg en þó eru smalamennskur og fjárrag í sérstöku uppáhaldi. Leiðinlegast er þegar vélar og tæki bila eða skepnur veikjast.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Með svipuðu sniði en vonandi með bættri aðstöðu í mjólkurframleiðslunni og auknum afurðum.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Við höfum áhyggjur af minnkandi þátttöku bænda í félagsmálum en erum þakklát því fólki sem er tilbúið að verja tíma sínum í að berjast fyrir hagsmunum bænda.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Við erum bjartsýn fyrir hönd íslensks landbúnaðar.

En til þess að honum vegni vel er nauðsynlegt að bændur þjappi sér saman og vinni að hagsmunum okkar sem ein heild.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Þar er hreinleikinn númer eitt, tvö og þrjú. Við eigum að markaðssetja íslenskar afurðir sem gæðavöru, gæði umfram magn.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, ostur, kæfa og pítusósa.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Lambalæri með sveppasósu og brúnuðum kartöflum.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Við höfum nú ekki verið bændur lengi og því er líklega eftirminnilegast þegar við tókum við búrekstrinum um síðustu áramót.



Útsýnið yfir Blöndu og Langadalinn af pallinum.

## MATARKRÓKURINN

# Kjúklingur, naut og skyr í grillveisluna



Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari

**Til að grillveisla í garðinum geti orðið góð þarf vini eða fjölskyldu – og að sjálfsögðu eitthvað gott á grillið.**

Það þarf ekki að vera neitt sérstakt tilefni – bara löngunin til að fagna vinskap, góðum mat og sumrinu. Vonandi gefast fleiri dagar en bara helgidagar til þess í sumar.

### Kjúklingavængir í grillsósu

*Hráefni*

- 2–3 pakkar kjúklingavængir
- 200 ml grillsósa (BBQ)
- Kjúklingakrydd
- Salt og pipar

*Aðferð*

Klippum kjúklingavængina í tvennt á brjóskinu og tökum fremsta hlutann (þann stutta og mjóa) frá og fleygjum honum. Röðum vængjunum í ofnskúffu, kryddum með kjúklingakryddi eða salti og pipar og hitum við 180 gráður í hálftíma. Bökum þá í ofnskúffunni og hellum vökvanum af bakkanum í vaskinn. Mökum svo grillsósunni yfir vængina og setjum inn í ofninn í um tíu mínútur. Stillum ofninn á grill í lokin og látum grillsósuna karamellast á vængjunum. Líka gott á grillið.

### Japönsk sósa

*Hráefni*

- 100 ml sæt sojasósa
- 50 ml ostrusósa
- Safi og börkur af einni sítrónu
- 10 ml sesamolía



Sósan er notuð til að pensla fisk eða grillkjöt fyrir framreiðslu, til dæmis þunnskorinn lax eða lúðu. Eða allt grillkjötið. Prófið að dýfa kjúklingavængjum í hana.

### Appelsínugrillsósa

- 200 g appelsínumarmelaði
- 50 ml sítrónusafi
- 50 ml bolli sojasósa
- 1 saxað hvítlauksrif

Blöndum öllu saman. Frábært að pensla kjúkling og grillkjöt með leginum.

### Grillað nautafile með kartöflum

*Hráefni*

- 800 g nautafile
- 4 kartöflur (sætar eða venjulegar)
- Grillsósa (BBQ)
- Olía
- Salt og pipar

*Aðferð*

Skrælum og skerum sætu kartöflurnar í þunnar sneiðar og steikjum þær á pönnu eða á útigrilli á báðum hliðum þar til þær eru fulleldaðar. Penslum með matarolíu á meðan grillað er. Kryddum með salti og pipar. Grillum nautakjötið eftir smekk (fyrir millisteikt kjöt; tvær mínútur á hvorri hlið við snarpan hita og láta kjötið hvíla í um 10 mínútur áður en það er borið fram). Penslum kjötið með grillsósunni í lokin.

Framreiðum með kartöflunni.





### Skyrmiso

*Hráefni*

- 3 stk. matarlímsblöð
- 300 ml mjólk
- 100 g sykur
- 170 g skyr
- 250 ml rjómi
- Hunang eða sykur á berin (má sleppa)
- Vanilla (má sleppa)
- Þetta frauð er einstaklega ferskt og fer vel með berjum, eða kaffi
- Skraut
- (Ber)
- 300 ml kaffi
- 100 g svampbotn
- 100 kakóduft

*Aðferð*

Leggjum matarlímið í bleyti í kalt vatn í smá stund. Setjum 100 ml af mjólkinni (og vanillu) og sykurinn í pott og hitum. Tökum pottinn af hitanum, setjum matarlímið út í og hrærum þar til það er bráðnað.

Hrærum saman skyrið og afganginn af mjólkinni, þeytum rjómann og blöndum varlega saman við. Blöndum svo saman við matarlímið og setjum í ílát eftir smekk og framreiðum með kaffibleyttum svampbotnum eða bara ferskum berjum.

Sigtum kakóduft yfir til skrauts.

HANNYRÐAHORNIÐ

# Tólf arma stjörnuteppi

**Heklað úr Scheepjes Whirl, aðeins eina dokku þarf í teppið. Garnið er mjúkt og skemmtilegt að vinna með.**

Teppið kemur einstaklega vel út úr þessu skemmtilega garni sem skiptir sjálft um lit.



**Garn:** Scheepjes Whirl 1 dokka, litur 768, Sherbet Rainbow.

Fæst í Handverkskúnst, Rokku Fjarðarkaupum og Gallerý Snotru Akranesi.

**Heklunál:** 3,5 mm

**Stærð:** 89 cm þvermál

**Skammstafanir:** Sl. – sleppa, LL – loftlykkja, L – lykkja, KL – keðjulykkja, ST, stuðull, LL-bil – loftlykkjubil

Hver umferð byrjar á 2 loftlykkjum og teljast þær alltaf sem fyrsti stuðull umferðarinnar, hverri umferð er svo alltaf lokað með keðjulykkju í aðra loftlykkju af þessum tveimur.

Fitjið upp 4 LL, tengið saman í hring með KL.

1. umf: Heklið 2 LL (telst sem 1 ST), heklið 11 ST inn í hringinn, lokið umf með KL. (12 ST)

2. umf: Heklið 2 LL, 1 ST í sömu L, 2 ST í hverja L út umf, lokið umf. (24 ST)

3. umf: Heklið 2 LL, *sl. 1 L, heklið (1 ST, 2 LL, 1 ST) saman í næstu L*, endurtakið frá * að * 10 sinnnum til viðbótar, heklið 1 ST í fyrstu L umf, 2 LL, lokið umf með KL.

4. umf: Heklið KL yfir í næsta LL-bil, heklið (2 LL, 1 ST, 2 LL, 2 ST) í LL-bilið, heklið (2 ST, 2 LL, 2 ST) í næstu 11 LL-bil, lokið umf.

5. umf: Heklið KL í næstu L, 2 LL, *heklið (2 ST, 2 LL, 2 ST) í næsta LL-bil, 1 ST, sl. 2 L, 1 ST *, endurtakið frá * að * út umf, síðasta endurtekningin endar við sl. 2, lokið umf.

6. umf: Heklið KL í næstu L, 2 LL, 1 ST, *heklið (2 ST, 2 LL, 2 ST) í næsta LL-bil, 2 ST, sl. 2 L, 2 ST*, endurtakið frá * að * út umf, lokið umf. Athugið að héðan í frá endar síðasta endurtekningin í hverri umf við sl. 2.

7. umf: Heklið KL í næstu L, 2 LL, 2 ST, *heklið (1 ST, 2 LL, 1 ST) í næsta LL-bil, 3 ST, sl. 2 L, 3 ST*, endurtakið frá * að * út umf, lokið umf.

8. umf: Heklið KL í næstu L, 2 LL, 2 ST, *heklið (2 ST, 2 LL, 2 ST) í næsta LL-bil, 3 ST, sl. 2 L, 3 ST*, endurtakið frá * að * út umf, lokið umf.

9. umf: Heklið KL í næstu L, 2 LL, 3 ST, *heklið (2 ST, 2 LL, 2 ST) í næsta LL-bil, 4 ST, sl. 2 L, 4 ST*, endurtakið frá * að * út umf, lokið umf.



10. umf: Heklið KL í næstu L, 2 LL, 4 ST, *heklið (1 ST, 2 LL, 1 ST) í næsta LL-bil, 5 ST, sl. 2 L, 5 ST*, endurtakið frá * að * út umf, lokið umf.

11. umf: Heklið KL í næstu L, 2 LL, 4 ST, *heklið (2 ST, 2 LL, 2 ST) í næsta LL-bil, 5 ST, sl. 2 L, 5 ST*, endurtakið frá * að * út umf, lokið umf.

12. umf: Heklið KL í næstu L, 2 LL, 5 ST, *heklið (2 ST, 2 LL, 2 ST) í næsta LL-bil, 6 ST, sl. 2 L, 6 ST*, endurtakið frá * að * út umf, lokið umf.

13. umf: Heklið KL í næstu L, 2 LL, 6 ST, *heklið (1 ST, 2 LL, 1 ST) í næsta LL-bil, 7 ST, sl. 2 L, 7 ST*, endurtakið frá * að * út umf, lokið umf.

Umferðir 11-13 eru endurteknar til þess að stækka teppið, með hverri endurtekningu fjölgar stuðlunum. Heklið áfram þar til æskilegri stærð hefur verið náð, eða þar til garnið er búið. Í teppinu á myndinni eru 43. umferðir. Í lokin má hekla tvær umferðir af fastapinnum til þess að ramma teppið inn, en það er ekki nauðsynlegt.

*Þýdd uppskrift frá Celeste Young.*

*Heklkveðjur*

*Mæðgurnar í Handverkskúnst*

*www.garn.is*









Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 2 | | 9 | 7 | 4 | | 1 |
| 9 | | | 1 | 3 | 6 | | | 8 |
| | | 1 | | | 4 | | 6 | |
| | | 6 | 3 | | 9 | | 2 | |
| 5 | | 7 | | 1 | | 9 | | 3 |
| | 3 | | 4 | | 5 | 1 | | |
| | 9 | | 7 | | | 3 | | |
| 7 | | | 9 | 5 | 1 | | | 4 |
| 6 | | 8 | 2 | 4 | | 5 | | 7 |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 5 | | | | 8 | 6 | |
| 1 | | 2 | | 3 | | | 4 | |
| 3 | 9 | | | 6 | 7 | | | |
| | | 7 | | | 9 | | | 5 |
| | 4 | 1 | 6 | | 3 | 2 | 9 | |
| 8 | | | 2 | | | 1 | | |
| | | | 7 | 8 | | | 2 | 4 |
| | 5 | | | 2 | | 3 | | 1 |
| | 8 | 6 | | | | 9 | | 7 |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 7 | | 2 | 3 | | |
| | | | | | | | | |
| 8 | | 3 | | 1 | | 5 | | 7 |
| | 3 | 8 | | | | 1 | 4 | |
| 4 | 9 | | | | | | 5 | 6 |
| | 6 | 1 | | | | 7 | 2 | |
| 1 | | 9 | | 8 | | 4 | | 2 |
| | | | | | | | | |
| | | 7 | 4 | | 5 | 6 | | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | | | 6 | | | | 7 |
| | 3 | | | | 4 | | | |
| | | | | | 7 | 3 | 9 | |
| | 1 | | | | 9 | 4 | 8 | |
| | | 5 | | | | 7 | | |
| | 7 | 4 | 6 | | | | 3 | |
| | 5 | 6 | 1 | | | | | |
| | | | 8 | | | | 4 | |
| 1 | | | | 9 | | | 6 | 2 |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Stefnir á að verða rithöfundur

**Þórunn býr í sveitasælu á Fljótshólum, á þrjá yngri bræður og stefnir á að verða rithöfundur.**



**Nafn:** Þórunn Sturludóttir Schacht.

**Aldur:** Er 12 ára, verð 13 ára 11. desember.

**Stjörnumerki:** Bogamaður.

**Búseta:** Fljótshólar í Flóahreppi.

**Skóli:** Flóaskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Íþróttir og náttúrufræði.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Úlfur. En ef það er húsdýr þá er það hundur.

**Uppáhaldsmatur:** Kjötsúpan sem amma gerir.

**Uppáhaldshljómsveit:** Ég á enga uppáhaldshljómsveit en pabbi minn spilar oft góð lög eftir Billy Idol eða Johnny Cash.

**Uppáhaldskvikmynd:** Einhver af Marvel myndunum.

**Fyrsta minning þín?** Þegar Stella, gamla tíkin okkar, átti hvolpa í fyrsta skipti og þeir hlupu út um allt á hlaðinu heima.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Ég æfi dans og spila á píanó.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Rithöfundur.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Þegar við lögðum af stað á Sprengisand klukkan hálf sex um kvöldið og tjölduðum klukkan þrjú um nóttina í Kiðagili.

**Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt í sumar?** Fara í fullt af útilegum og fjallaferðum með fjölskyldu og vinum.

**Næst »** Þórunn skorar á Viðar Hrafn Victorsson, Skyggnisholti í Flóahreppi, að svara næst.

LESENDABÁS

# Íslendingar – vaknið, náttúran og orkupakki 3 eru andstæður!

**Ég hef verið jákvæður fyrir því að kanna með aðild að Evrópusambandinu, að því tilskildu að við misstum ekki yfirráð yfir fiskimiðunum né öðrum náttúruauðlindum landsins. Náttúru Íslands eigum við sjálf að njóta, ósnortinnar, og selja ferðamönnum hana eins og gert er í dag.**

Íslendingar framleiða 0,57% þeirrar raforku sem framleidd er í Evrópu. Ef sæstrengur kæmi og við virkjuðum t.d. 200% meira en við höfum nú þegar gert færum við upp í 1,5% hlutfall. Þá myndi fjöldi fossa hverfa og landið yrði stórskemmt til frambúðar. Þrátt fyrir þetta gætum við ekki bjargað heiminum. Að gefa stjórnmálamönnum möguleika á stórfelldum virkjunum í framtíðinni, það vil ég ekki – ég treysti þeim ekki! Nýja stjórnarskráin þarf að koma strax, því hún stendur vörð um hagsmuni almennings og náttúru landsins!

Í dag hefur mannkynið minna en 10 ár til að snúa af þeirri sóunarbraut sem það er á í dag varðandi hlýnun jarðar og súrnun sjávar. Við þurfum virkilega að hægja á, áður en það er orðið um seinan – það er ekki annað tækifæri!

Þegar ég var í Danmörku fyrir 50 árum voru umhverfismál mjög á döfinni, svo ég hugsaði þegar ég kom aftur til Íslands að bíllinn sem ég keypti þá yrði minn síðasti bíll. Í Danmörku var mikið rætt um að ekki væri framtíð í því að allir eignuðust eigin ísskáp og eigin bifreið því mengunin sem af þessu stafaði væri svo mikil að heimurinn þyldi það ekki.

Þegar ég kom heim til Íslands gleymdi ég þessu öllu, fór í lífsgæðakapphlaupið eins og aðrir og hef síðan flotið með þeim að feigðarósi!

**Orkupakki 1–2** gekk út á að aðskilja framleiðslu og flutning raforku á Íslandi og koma á samkeppni.

**Sjónarmið starfsmanna Landsvirkjunar voru mismunandi**. Margir sáu tækifæri í honum.

Einn vinnufélagi minn sagði að *„við Íslendingar hefðum möguleika á því að sækja um undanþágu vegna smæðar raforkumarkaðarins hér, þar sem á honum myndaðist aldrei samkeppni, hann væri svo lítill“*. Hann sagði einnig þegar rætt var um sæstreng, *„þó við legðum alla orkuna frá Kárahnjúkavirkjun í púkkið til Evrópu, þá hjálpaði það þeim aðeins til að fresta byggingu kjarnorkuvers um ½ mánuð“*. Auk þess taldi hann sæstreng til Íslands og viðhald hans illframkvæmanlegt. Aðrir töldu að skipta Landsvirkjun og gera tvö fyrirtæki úr einu, myndi auka yfirbyggingu og hækka rekstrarkostnað.

**Starfsmennirnir höfðu allir rétt fyrir sér**

Þeir sem höfðu haldið því fram að í breytingunum væru tækifæri, **fengu stöður hjá nýja fyrirtækinu**. Sá sem hélt því fram að raforkumarkaðurinn væri of lítill til að hér myndaðist samkeppni á raforkumarkaði og að raforkan héðan gæti ekki bjargað Evrópu, hann **fékk starfslok langt um aldur fram**. En hann talaði manna réttast, því raunveruleg samkeppni á orkumarkaði hefur varla orðið enn.

Þótt þeir stjórnmálamenn sem standa með þessum pökkum kalli það „frjálsa samkeppni“,þá hafa aðeins um 300 raforkukaupendur af 145.000 skipt um orkusala! Sá sem talaði um meiri yfirbyggingu og minni arð, var vitni að minna viðhaldi og hækkun flutningskostnaðar eftir breytinguna.

***Markaðsstofa Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytisins, eins og hún hét þá***

Einu sinni gekk ég yfir Fimmvörðuháls með starfsmannafélagi Landsvirkjunar. Þegar við stóðum við varðeldinn um kvöldið hitti ég mann sem vann hjá markaðsstofunni. Hann hóf umræðuna á þennan hátt: *„Skógarfoss, hann þarf virkja, það er ótækt að hann renni svona óbeislaður til sjávar.“*

Ég svaraði *„ég held ekki“*. Þá barst talið að Kárahnjúkavirkjun sem baráttan stóð um, og ég sagði *„það fáið þið aldrei!“* Eftir á sá ég eftir því, mér fannst orð mín virka á hann, eins og þegar naut er egnt. Ég frétti síðar að þessi sami maður hefði notað óhefðbundnar aðferðir í vinnu sinni á markaðsstofu Landsvirkjunar í sambandi við aðaltilboð virkjunarinnar og framgangi þess!



Örn Þorvaldsson.

***Orkupakki 3, langstærsti draumur (LSD) þeirra sem vilja rústa landinu***

Ég, sem er andvígur orkupökkum 3 og 4, var á Austurvelli um daginn með skoðanabræðrum mínum. Þar hitti ég konu sem var gráti næst því að hún taldi að pökkunum fylgdi að tekinn yrði hluti af vatni Dettifoss og fleiri stórfljóta Íslands.

**Þá rifjast upp fyrir mér** að þegar verið var að byggja Kárahnjúkavirkjun og kom í ljós að jarðgöngin frá Hálslóni til Fljótsdalsstöðvar voru mikið víðari en þurfti fyrir virkjunina. Þegar leitað var skýringa, fengust þau svör að þetta væri gert svo flytja mætti meira vatn um jarðgöngin frá Jökulsá á Fjöllum ef til virkjunar hennar kæmi. Einnig voru línurnar, Fljótsdalslína 1 og Fljótsdalslína 2, hafðar 440kV (í stað 220kV sem hefði nægt fyrir álverið á Reyðarfirði) sem geta flutt um 2000 MW hvor um sig. Ég spurðist fyrir um þetta hjá hönnuðum línunnar, og mér var sagt að þetta væri gert til þess að flytja mætti rafmagn fyrir sæstreng (ef til hans kæmi), því leiðin um Þórudal væri eina leiðin til sjávar á þessu svæði frá flutningskerfinu tengivirki Fljótsdalsstöðvar!

Einnig hef ég furðað mig á því, hvers vegna Landsnet kallar eftir nýrri línu milli Kröflu og Fljótsdals, til viðbótar við gömlu línuna sem nú er aðeins 25 % lestuð þegar mest er. Var ekki talað nýlega um djúpboranir við Kröflu til útflutnings?

Ég tel að kubbarnir séu farnir að raðast vel saman í umræðunni og spyr því náttúruverndarfólk og samtök þeirra í landinu:

**Er þetta það sem þið viljið?**

**Örn Þorvaldsson**
*Undirritaður er umhverfisverndarsinni, rafiðnaðarmaður og fyrrverandi starfsmaður Landsvirkjunar og Landsnets.*

# Brenna sorpið eða urða?

**Sorp hefur fylgt manninum frá örófi alda. Í fyrndinni var þetta ekkert vandamál, því náttúran sá um að gera jarðveg úr öllum leifum mannsins á tiltölulega stuttum tíma. Þetta breyttist ekki fyrr en maðurinn fór að finna upp á því að gera muni úr málmum og löngu síðar úr ýmsum gerviefnum.**

Nú er svo komið að drjúgur hluti af úrgangi frá mannkyninu er í formi efna sem brotna ekki svo glatt niður. Gott dæmi er ýmis plastúrgangur þar sem niðurbrot tekur áratugi eða jafnvel árhundruð með tilheyrandi smiti í jarðveg og grunnvatn og endar oft með banvænum hætti í lífverum.

***Ríflega 140 þús. tonn urðuð árlega hér á landi***

Hér á landi hefur úrgangur farið vaxandi síðustu ár. Árið 2016 nam úrgangur sem féll til yfir milljón tonn. Í ársskýrslu Umhverfisstofnunar árið 2017 kemur fram að hver landsmaður skilur eftir sig um 660 kg af heimilisúrgangi á ári. Hluti þess fer til endurvinnslu en það sem eftir stendur er að mestu urðað víðs vegar um landið, m.a. í Álfsnesi, í Fíflholti á Mýrum og við Blönduós, ásamt öðrum úrgangi. Á Álfsnesi voru á árinu 2018 urðuð rúm 140 þús. tonn, í Fíflholti rúm 15 þús. tonn og í landi Sölvabakka við Blönduós tæp 22 þús. tonn. Urðun úrgangs getur valdið grunnvatnsmengun um langa framtíð og eitrað jarðveg auk þess sem mikið landrými fer undir landfyllingar. Nýlega hafa því komið upp hugmyndir um að sigla með sorp til Svíþjóðar til brennslu í svokölluðum hátæknisorpbrennslustöðvum, en hagkvæmni þess er helst fólgin í hærra orkuverði erlendis.



Karl Gauti Hjaltason.

***Brennsla sorps***

Nokkrir úrgangsflokkar eiga enga aðra meðhöndlunarleið en brennslu. Dæmi um slíka flokka er plast, hjólbarðar og litað timbur. Nú eru flestar sorpbrennslustöðvar útbúnar sérstökum tækni- og hreinsibúnaði til að brenna úrgang og hægt er að nýta varmann sem myndast við brennsluna. Árið 2016 voru starfræktar 2.200 slíkar sorpbrennslustöðvar í heiminum. Allmargar þessara sorpbrennslustöðva eru í Evrópu. Á Íslandi er nú ein sorpeyðingarstöð sem hefur leyfi til sorpbrennslu, en það er móttöku-, flokkunar- og eyðingarstöðin Kalka í Reykjanesbæ. Stöðin getur brennt allt að 12.300 tonnum á ári og er útbúin hreinsunarbúnaði sem heldur mengun í lágmarki. Í dag er í Kölku mestöllu sjúkrahússorpi af landinu brennt og töluverðu af spilliefnasorpi. Unnt er að framleiða orku úr sorpinu, en rafmagnsframleiðsla í Kölku hefur legið niðri um árabil.

***Urðun bönnuð***

Evrópusambandið stefnir að því að banna urðun sorps í kringum árið 2030 og tekin hefur verið upp sú stefna í mörgum löndum Evrópu að brenna fremur sorpi en að urða það. Samkvæmt landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013–2024 er stefnt að því að bæta nýtingu úrgangs og draga úr urðun. Þar kemur m.a. fram að urðun er algengasta förgunarleið úrgangs hér á landi en urðunarstöðum hefur þó fækkað töluvert á síðustu árum, m.a. vegna hertra krafna um mengunarvarnir. Í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir árin 2009–2020 kemur m.a. fram að stjórnir sorpsamlaganna hafa ákveðið að hætta urðun lífræns og brennanlegs úrgangs eigi síðar en árið 2020. Stefnt er að því að draga úr myndun úrgangs en meðhöndla lífrænan úrgang með gas- og jarðgerðarstöðvum eins og fært er.

***Kostir hátækni við sorpbrennslu***

Hátæknisorpbrennslustöðvum fylgja fjölmargir kostir. Með því að brenna sorp í hátæknibrennslustöð er sorpinu breytt í nýtanlega orku, raforku og hitaorku. Þá skila nýjustu hátæknisorpbrennslustöðvarnar tiltölulega lítilli loftmengun, langt innan þeirra marka sem leyfileg eru. Minna land fer til spillis og grunnvatn mengast síður. Rannsóknir sýna að kolefnisspor frá brennslu í hápróuðum sorpbrennslustöðvum reynist minna en af sorpi sem hlaðið er upp í landfyllingum.

***Amagerstöðin***

Ný hátæknisorpbrennslustöð á Amager í Kaupmannahöfn tók til starfa 2017. Gert er ráð fyrir að stöðin meðhöndli um 400 þús. tonn af úrgangi árlega sem stafar frá um 600 þús. íbúum og um 46 þús. fyrirtækjum. Úr úrganginum er unnið rafmagn og hiti til um 150 þús. heimila. Árið 2018 voru brennd 443 þús. tonn af sorpi í stöðinni sem gáfu af sér rúmlega eina milljón MWst. af hita og 169 GWst. af rafmagni. Hitinn við brennsluna er yfir 1000°C sem dregur úr mengun. Til marks um hversu mengunarlítil stöðin á Amager er hafa útveggir brennslunnar verið útbúnir sem klifurveggir og af þakinu munu liggja skíðabrekkur.

***Verum ekki sóðar***

Mikilvægt er að Íslendingar stígi skref í þá átt að endurvinna sem mest af því sorpi sem hér fellur til og eyða því sem eftir stendur með þeim hætti sem frekast er fallinn til að vernda náttúru og umhverfi. Þannig verði stuðlað að verndun náttúrunnar fyrir komandi kynslóðir og sýnt í verki að Íslendingar taki ábyrgð á að farga eigin sorpi með eins lítilli mengun fyrir umhverfið og nokkur kostur er.

***Ráðherra láti kanna hagkvæmni brennslustöðvar***

Greinarhöfundur hefur lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar að umhverfisráðherra verði falið að kanna möguleika og hagkvæmni þess að reisa hátæknisorpbrennslustöð hér á landi. Slík stöð gæti meðhöndlað brennanlegt sorp frá landinu öllu. Í könnuninni yrði lagt mat á hvaða aðili (ríki, sveitarfélögin eða aðrir aðilar) stæði að byggingu og rekstri slíkrar stöðvar, hversu stór hún þyrfti að vera og hvar hagkvæmt væri að reisa hana, m.a. með hliðsjón af flutningi sorps milli landshluta. Við þessa könnun kæmi einnig til skoðunar hvort staðsetning á svokölluðum köldum svæðum væri hagkvæm eða þar sem raforkuframleiðsla inn á dreifikerfið gæti skipt miklu á svæðinu. Mikilvægt er í upphafi að kanna samstarfsvilja allra sveitarfélaga til verkefnisins. Jafnframt þarf að kanna hvaða verð væri unnt að bjóða fyrir förgun úrgangs. Þannig yrðu kannaðir kostir og gallar við byggingu og rekstur slíkrar stöðvar, með tilliti til förgunarkosta sem nú eru nýttir og ráðgert er að nýta. Gert er ráð fyrir að ráðherra kynni Alþingi niðurstöður könnunarinnar fyrir 1. desember 2019.

***Karl Gauti Hjaltason***
*Höfundur er þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi*
*kgauti@althingi.is*

**Rafhitarar**
í skip, hús og sumarhús
**Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð**
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar
Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.

**Rafhitun**
Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

# Smáauglýsingar

**Sími:** 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.300 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.700 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



https://www.facebook.com/fjolnotaHusid Hús eða skemma úr samlokueiningum á stálgrind til sölu. Uppl. í síma 863-8810.



Veggfestur stubbahólkur. Kr. 13.000 + vsk. Stubbastandur@gmail.com - s. 842-2535.



Gróðurhús fyrir íslenskar aðstæður úr prófílum. Lengd 3,10 m. Breidd 2,38 m. Verð 135.000 kr. Uppl. í síma 866-9693 -www.facebook.com/GrodurhusSMH



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar: Rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Tiki gröfukerra. 4,8 x 2,3 m. Burðargeta 2.381 kg. Verð kr. 668.000 án vsk. Búvís. Sími 465-1332.



Palmse malarvagn - PT1600. Burðargeta 16 tonn. Rúmmál 9,1 rúmmetri. Verð kr. 2.490.000 án vsk. Búvís ehf. Sími 465 1332 - www.buvis.is




Patura spennar í úrvali. P1 er bæði fyrir 12V og 230V. 5 km drægni. Frábært verð, aðeins kr. 29.900. Mikið úrval af öðrum rafgirðingarvörum. Skoðið Patura bækling á www.brimco.is. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30.



Brettagafflar með glussaopnun. Burður 2.500 kg. Euro festingar. Verð kr. 205.000 með vsk. (kr. 166.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Rúllugreip fyrir tvær rúllur. Glussaopnun. Verð kr. 330.000 m/vsk. (kr. 206.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Framleiðum og eigum á lager krókheysisgrindur með eða án gámalása, sterkar og ódýrar. Framleiðum einnig flatpalla á krókgrindur til vélaflutninga og alls konar flutninga. Vagnasmidjan.is - Eldshöfða 21, Rvk. S. 894-6000.




Hljóðlátar rafstöðvar fyrir ferðavagna. Eigum á lager, japanskar rafstöðvar með Subaru vélum. Hljóðdempun er mjög góð, 56 dbA @ 7 m. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,27 m. Hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 kr. auk vsk. Verð 2-4 stk. 22.900 kr. auk vsk. 5 stk. eða fleiri 19.900 kr. auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk kr. 7.900 án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. kr. 6.900 án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.



Rúllugreip. Verð kr. 179.000 m/vsk. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Rúllugreip/faðmgreip. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. Verð kr. 189.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Lemigo stígvél. Létt, stöðug og slitsterk. Kr. 8.485 með vsk. G. Kvaran í Reykjavík, sími 824-7610. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Kranzle þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.




Orkutækni ehf. Sími: 587-6065 eða 892-0016.



Til sölu er JCB 8020, árgerð 2017, ásamt 4 skóflum, hraðtengi og fleyg. Uppl. fást í síma 892-1157.

**Svampur.is**
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
• Tjaldvagninn • Fellihýsið
• Húsbílinn • Bátinn
• Hjólhýsið • Sumarhúsið
• Heimilið o.m.fl!
Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

**Donaldson.** Filtration Solutions

REKI
REKI EFH ER STOLTUR UMBOÐSAÐILI DONALDSON Á ÍSLANDI. EIGUM MIKIÐ ÚRVAL AF SÍUM Á LAGER.
Reki ehf Höfðabakka 9 110 Reykjavík
Sími: 562 2950 Fax: 562 3760
E-mail: tryggvi@reki.is Vefsíða: www.reki.is


**HITAKÚTAR**
*Amerísk gæða framleiðsla*
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
**RAFVÖRUR**
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

**KRAFTVÉLAR**
**Fella**
**heyvinnuvélar**
Eigum gott úrval af Fella heyvinnuvélum til afgreiðslu strax



FELLA


Frábær gæði og gott verð
Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur
Furuvellir 15 / 600 Akureyri
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

JÖTUNN




**Vicon 1601**
*Fastkjarna samstæður*

**Tilboð óskast!**




**Krone Vario Pack 1500**
*Árgerð: 2002 - Fastkjarna rúlluvél*

**Tilboð óskast!**




**Deutz Fahr MP130**
*Árgerð: 2003*
*Samstæða*

**Tilboð óskast!**



**Massey Ferguson 5470**
*Árgerð: 2007 - 125 hö*
*Notkun: 5.100*

Kr. **4.690.000,-** án vsk.



**Massey Ferguson 6470**
*Árgerð: 2007 - 135 hö*
*Notkun: 6.600 vinnust.*

Kr. **4.890.000,-** án vsk.



**NC haugtankur**
*Árgerð: 2017*
*10.215 lítra - Lítið notaður*

Kr. **1.900.000,-** án vsk.

*Enn meira úrval á www.jotunn.is*

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Lónsbakki - 601 Akureyri
Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is
www.jotunn.is



Bomag BPR 30/38 D-3 jarðvegsþjappa, rafstart. 260 kg. Uppl. fást í síma 892-1157.



Hliðarsláttuvélar (tromlu) fyrir dráttarvélar. Vinnslubreidd: 1,65 m. 6 hnífar. Mjög vandaður búnaður. Framleiðandi: Kowalski, Póllandi, www.agro-kowalski.com.pl. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Toyota Hilux Extra Cab, árg. 2018, hlaðinn aukabúnaði. Ekinn 11.000 km. Fæst á flottu verði. Uppl. í síma 777-5444.



Bátur Madusa 510 til sölu. Það er margt sem fylgir bátnum. Verð 2,7 millj. kr. Uppl. í síma 846-1726.



Vélavagn Palmse PT5850. Stærð 7,0 + 1,48 x 2,46 m. Burðargeta 23 tonn. Verð kr. 2.890.000 án vsk. Búvís. Sími 465-1332.



Göweil brýnsluvélar fyrir rúlluvélahnífana. Verð kr. 272.000 án vsk. Tryggið ykkur eintak fyrir heyskapinn 2019. Nánari uppl. í síma 465-1332.



Til sölu 8 farþega Renault Trafic. Ekinn 114.000 km. Árg. ´17. Tilboðsverð 2.990.000 kr. Uppl. í síma 770-2371.



Sumartilboð Honda CBX 1000, árg. 1982. Hjólið er í afar góðu ástandi, lítur mjög vel út. Akstur rúm 42.000 km. Verð umsemjanlegt, ca. 1.500.000 kr. Uppl. hjolasport@simnet.is eða s. 893-4751.



Til sölu Man 19.464. Góður framdrifsbíll. Árgerð 1999. Akstur 673.850 km. Skipting: Beinskiptur. Eiginþyngd: 7.860 kg. Drif: 4x4. Lengd: 6,340 m. Fjöðrun: Fjaðrir. Uppl. í síma 896-9740, Rúnar Freyr.



Til sölu nokkrar reykslosunarristar, tilvaldar á skemmur eða gripahús. 200x100 cm = 17 stk. 100x50 cm = 2 stk. Selst á góðu verði. Uppl. í síma 863-4489.



Gámur 40 feta High Cube, 12 m langur, 2,35 m á breidd og 2,59 m á hæð. Verð 445.000 kr. Staðsettur í Hafnarfirði. Gsm 898-6796.



Shadow Cruiser 7,2 feta pallhýsi til sölu. Tilboð óskast. Uppl. Í síma 698-1880.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Vandað girðingarefni frá Bretlandi. 5 strengja túnnet kr. 10.200 rl. 6 strengja túnnet kr. 11.900 rl. Iowa gaddavír kr. 6.300 rl. Motto gaddavír kr. 3.800 rl. Þanvír kr. 7.950 rl. Öll ofangreind verð með virðisaukaskatti. H. Hauksson ehf - sími 588-1130.



Flaghefill / snjótönn. Breidd 3 m. Verð kr. 751.000 m.vsk. (kr. 606.000 án vsk). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



ASKE.is - Bjóðum varma steypumót ICF sem eru stærstu mótin sem fáanleg eru 46 cm x 244 cm. Samanstanda af tveimur politeran 2x67 mm. Steypuþykkt 100, 150, 200, 250 og 300 mm og læsast saman svo vinnusparnaður getur orðið allt að 50% miðað við hefðbundin mót. Uppl. í síma 660-1100.



Góður Musso Sport árg. 2004 sjálfskiptur. Góð 31" dekk, nýtt í bremsum, nýir demparar, nýtt púst. Uppl. í síma 867-3144.



Vökvunarbúnaður fyrir stór og lítil ræktunarsvæði í mörgum útfærslum. Dælur: Rafdrifnar, bensín, dísil, traktorsdrifnar, glussadrifnar. Slöngur og úðarar (sprinklerar) í öllum stærðum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Taðklær. Breiddir 120 cm, 150 cm og 180 cm. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Haughrærur galvaníseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1-6 m. í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Kerrur á einum og tveimur öxlum á lager, með og án bremsa, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Til sölu Saab 9000 CDE, fornbíll, árg. ´93. Bíllinn er ökufær. Frekari upplýsingar gefur Einar í síma 899-7375.



Weckman rúlluvagn. Stærð palls 2,55 x 9,0 m. Verð kr. 1.993.000 með vsk. (kr. 1.608.000 kr. án vsk). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Brettagaflar. Burður 2.500 kg. Euro festingar. Verð kr. 135.000 með vsk. (kr. 109.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Taðkvísl. Breidd 1,7 m. Verð kr. 145.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Rúllugreip á þrítengi. Verð kr. 73.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Gunnar Hippe norskar kerrur í úrvali. Búvís, sími 465-1332.



Robus sturtuvagn með hardox palli. Dekk 520/50-17. Verð kr. 2.290.000 án vsk. Með 40 mm auga. Fáanlegur með kúlutengi. Búvís ehf. Sími 465-1332.



**Terex HR 3.2**
7,5 tonn, 2006 árg. 7.900 vst.
3 skófur þar af ein tilt.
*Verð: 3.300.000 +vsk.*



**Yanmar SV18 smágröfur**
1,95 tonn. Til á lager.



**JCB 3CX traktorsgrafa**
Árg. 2016. 2.560 vst.
Þrjár skóflur.
*Tilboð óskast.*



**Liebherr A918 Compact hjólagrafa.**
17,5 tonn. 2015 árg. 5.500 vst.
Engcon EC219 rótortilt
með gripfingur, þrjár skóflur,
Trimble GPS kerfi getur fylgt.
Vel útbúin vél.
*Verð: 16.500.000 + vsk,*
*19.000.000 + vsk með GPS kerfi.*



**JCB 4CX**
2005 árg. Um 5000 vst.
Þrjár skóflur. Ný dekk.
Góð og snyrtileg vél.
*Verð: 5.500.000 +vsk.*
*Umboðssala.*



**Liebherr L538 hjólaskófla**
Árg. 2007. Vökvahraðtengi,
skófla og gafflar.
*Verð: 6.000.000 + vsk.*



**Eichinger** steypusíló og
brettagaflar í miklu úrvali.



**Tsurumi** dælur í miklu úrvali.



**Weber** jarðveggsþjöppur
og hopparar til á lager.

**Uppl. í síma 660-6051**
MERKÚR
www.merkur.is




Úrval áburðardreifara. Verð frá 25.000 – 500.000 kr. Uppl. í síma 895-1610, Einar.



Helluskeifur auglýsa íslenskar skeifur, þessar gömlu góðu, bæði pottaðar og ópottaðar. Sendum frítt um allt land ef teknir eru 10 gangar eða meira. Veljum íslenska framleiðslu á hagstæðu verði. Seljum líka hóffjaðrir. Sími 847-6616 eða run@simnet.is



Sláttuvél fyrir púttflatir verð kr. 250.000 og 4 nýjar álfelgur undir Ford 150 verð kr. 25.000 pr. stk. Uppl. í síma 898-5727.




Orkutækni ehf. Sími: 587-6065 eða 892-0016.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Norskar skádælur. 5" eða 6" dælurör, 4,3 m eða lengra. Dælugeta, frá 8.000 L/mín. Hræristútur sem hægt er að snúa 360° Skurðarblöð á dæluhjóli. Þarf op sem er 70 cm x 70 cm. Hákonarson ehf, hak@hak.is , s. 892-4163.



Mjólkurtankur 8000L árgerð 2008, verð 1.900.000 kr. Tilbúinn til afhendingar. Uppl. í síma 894-5374.



Til sölu Hyundai Terracan árg.´02. Dísel. Hljóð í drifi en drif fylgir. Skipti á gamalli dráttarvél. Á sama stað kerra og varahlutir í gamlar dráttarvélar. Uppl. í síma 893-3962.



Stubbastandar - Stubbahólkar. Bæði frístandandi og veggfestir. Uppl. í netfangið stubbastandur@gmail.com og í síma 842-2535.



Glussastýrður greinakurlari, hagasláttuvélar í miklu úrvali, tætarar, úðunartankar og margt fleira á www.hardskafi.is - sími 896-5486.



Taðgreip. Breiddir: 1,2 - 2,5 m. Mjög vandaður og sterkur búnaður, framleiddur í Póllandi. Allar festingar í boði, festingar og slöngur fylgja. Eigum greipar á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Traktorsdrifnar brunndælur með mikla hrærigetu. Margar stærðir og útfærslur fyrir bændur og verktaka. Dælugeta allt að 27.300 L / mín. Stuttur afgreiðslutími. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Taðklær. Breidd 120 cm - verð kr. 195.000 m.vsk. Breidd 170 cm - verð kr. 245.000 m. vsk. Breidd 220 cm - verð kr. 330.000 m.vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Weckman 7 tonna sturtuvagn. Verð kr. 1.170.000 m/vsk. (kr. 944.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Álbrautir fyrir kerruna. Parið frá 400 kg. í burðargetu og allt að 3.500 kg. Ýmsar lengdir. Parið frá kr. 19.900 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl.13-16.30 - www.brimco.is



Vara- og aukahlutir í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Stálhurð, tvískipt. Hæð 220 cm. Breidd 180 cm. Ónotuð. Verð 110.000 kr. Uppl. í síma 894-0610.



Ruddasláttuvél fyrir traktor, lítið notuð í 1 ár. Verð 140.000 kr. Uppl. í síma 894-0610.



Tilboð óskast. Ford Falcon Rancero, árg. 1967. Vél 303, skipting c.4. Uppl. í síma 867-4777.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Stórbaggagreip. Ásoðnar Euro-festingar og slöngur fylgja. Verð kr. 243.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.


Búvörur

tenospin



RÚLLUPLASTIÐ
SEM
BÆNDUR TREYSTA

**Frír flutningur til bænda ef pantað er fyrir 15. júní 2019**

Verð og frekari upplýsingar á www.buvorur.is

insect shield

**Flugnafælufatnaður**

Fatnaður meðhöndlaður með permetrín. Lyktarlaus og góð ending. Virkar á flugur, maura og mítla.



Insect Shield Buff
**2.995 kr**



Skyrta bláköflótt
Stærðir: S - 3XL
**10.995 kr**

**Sokkar, buxur, skyrtur o.fl.**
Skoðið úrvalið á
www.buvorur.is



Grisport gönguskór
Stærðir: 36-47
**11.990 kr**

Búvörur

Fosshals 1 - 110 Reykjavík
Ormsvelli 4 - 860 Hvolsvelli
S: 575 6070 / buvorur@ss.is
**www.buvorur.is**

AS MOTOR
FYRIR FAGMENN & BÆJARFÉLÖG. ÞÝSK GÆÐI

ILLGRESISBURSTI
AS 30 WeedHex
Bursti 35 cm, 700 m2/klst,
Verð frá 165.000 kr + vsk

ILLGRESISBURSTI
AS 50 WeedHex
Bursti 50 cm, 1000 m2/klst,
Verð 455.000 kr + vsk

SLÁTTUVÉL MEÐ SAXI
AS 510 ProClip 4T A
Breidd 51 cm, 2300 m2/klst,
Verð 295.000 kr + vsk

RUDDASLÁTTUVÉL
AS 63 4T B&S
Breidd 61 cm, 2300 m2/klst,
Verð 379.000 kr + vsk

SLÁTTUTRAKTOR 2WD & 4WD
Verð frá 1.350.000 kr + vsk

AFLVÉLAR
Aflvélar ehf., Vesturhrauni 3, 210 Garðabær, sími: 480-0000
aflvelar.is - sala@aflvelar.is



Weckman sturtuvagnar. 9 tonn. Verð kr. 1.370.000 með vsk. (kr. 1.105.000 án vsk.) 11 tonn. Verð kr. 1.580.000 með vsk. (kr. 1.275.000 án vsk.) 13 tonn. Verð kr 1.790.000 með vsk. (kr. 1.443.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Til sölu. Mitsubishi Pajero árg. 2004, ekinn 311.000 km. Topp viðhald, ný ryðvarinn, smurbók. Skoðaður '20. Uppl. í síma 611-4923.



Til sölu M Bens 814D húsbíll, árgerð 1992. Uppl. í síma 822-3650, Siggi.



Quicksilver Heavy Duty 3,8 m, 25hp mótor og kerra. Í mjög góðu standi. 2x25l tankar og vesti fylgja. Nýtt um 1.100.000 kr. Verð 580.000 kr. Uppl. í síma 898-0850.



Til sölu er búnaður til framleiðslu á steinsteypu. Hentar vel fyrir minni byggðarlög. Steypubíll og ein laus tunna á krókheysi. Uppl. í síma 892-5855.



Kleeman kastbrjótur með nýjum hömrum og Svedala 40-60 forbrjótur. Malarsamstæðan Scania, 8 cyl mótor í rafstöð. Verð 4,5 millj. kr. +vsk. Uppl. í síma 896-2059.



Náttúruperlan Ástjörn! Sumarbúðadvöl fyrir 6-12 ára börn og 13-15 ára unglinga. Verð 6500 kr. á sólarhring. Systk. afsl. Sumarbúðirnar Ástjörn eru í Kelduhverfi, nálægt Ásbyrgi og Hljóðaklettum. Friðsæl tjörn og skógur. Uppl. á astjorn.is eða í s. 462-3980. facebook.com/astjorn



Fjárhúsmottur. Verð kr. 9.350 stk. m/vsk. (kr. 7.540 án vsk). Tilboð = Frír flutningur. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is.



Flutningsbox á þrítengi. Stærð 2 x 1,25 m. Verð kr. 168.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Heitir pottar, uppblásnir 6 manna. Hita upp á 42°C með nuddi. Verð 125.000 kr. Uppl. í s. 866-9693 - www.facebook.com/grodurhusSMH



Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríkulegur útbúnaður. Frá kr. 1.345.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is

## Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. Netfang: jh@johannhelgi.is – s. 820-8096.

Hornstrandabækurnar allar 5 í pakka á kr. 7.500. Hjólabækurnar allar 5 á kr. 7.500. Vestfirskar sagnir allar 4 á kr. 4.500. Vestfirskar konur allar 3 á kr. 2.900. Gullkorn og grín að vestan, 4 bækur á kr. 3.900. Frítt með póstinum. Vestfirska forlagið - jons@snerpa.is – s. 456-8181.

Iðnaðar saumavélar til sölu. Beinsaumssaumavél með yfirflytjara 3 fasa, kragavél með kappmelluspori, töluvél, blindföldunarvél. Allar vélarnar eru frá Pfaff. Stórt sníðaborð og fleira smádót til saumastofurekstrar. Einnig margir litir af tvinna og rennilásar, margir litir og lengdir. Þetta er selt á mjög lágu verði og sumt gefins. Uppl. síma 849-7583.

Ódýrar trjáplöntur til sölu. Heimaræktaðar trjáplöntur til sölu í 2ja lítra pottum. Birki, ilmreynir, silfurreynir, ribs, rósir, kvistir o.fl. Allar plöntur á sama verði, aðeins kr. 750 stk. Frábært tækifæri fyrir sumarbústaðarlandið! Uppl. í síma 857-7363 (er í Reykjavík).

Zetor traktor. Upplýsingar í síma 860-4712.

Til sölu nokkrir Simens þilrafmagnsofnar 400-1500 W. Eru ca 13-15 ára gamlir. Verðið er ca 1/4 af verði á nýjum ofni. Uppl. í s. 896-3302.

Ljósgrá trapissustálklæðning. 0,45 mm 50 plötur. 5.660 mm 52 plötur. 1.350 mm 18 plötur. 1.650-4.050 mm. Alls 444 m2. Verð alls kr. 555.000 með vsk. H. Hauksson ehf, sími 588-1130.

Hvít trapissustálklæðning. 0,5 mm 40 plötur x 3.850 mm 26 plötur 4.200-5.800 mm. Alls 312 m2 Verð alls kr. 452.000 með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Til sölu bilað rafmagnsreiðhjól, 6 gíra, sem hægt er að brjóta saman. Fæst fyrir lítið. Er einnig með nýja tifsög sem hægt er að tengja við ryksugu. Fæst á góðu verði. Uppl. í s. 561-2662 eða 898-5562.

Weckman þak-og veggjastál.
0,5 mm galv. kr. 1.290 m2
0,6 mm galv. kr. 1.590 m2
0,45 mm litað kr. 1.480 m2
0,5 mm litað kr. 1.790 m2
Stallað / litað kr. 2.450 m2. Öll verð með vsk. Afgreiðslufrestur 4-6 vikur H. Hauksson ehf, s. 588-1130.

Fullkomið poolborð frá Riley. Borð með öllu sem til þarf svo sem Riley ljósi, kjuðum, skortöflu og kúlum en þarfnast nýs dúks. Stærð 2,53 x 1,41 m. Verðhugmynd TILBOÐ. Nánari upplýsingar gefur Þorsteinn Geirsson, sími 898-1107.

Til sölu 24 stk. af 40 mm þykkum vegg-yleiningum. Lengd 3,66 m. Breidd 1,10 m. Litur utan RAL1015 kremgult, innan RAL9010 hvítt. Upplýsingar í síma 515-4187.

## Óska eftir

Óska eftir að kaupa blöndung á Sóló-eldavél. Öll tilboð skoðuð. Uppl. í síma 822-0701.

Mjólkurtankur óskast - 1.000-2.000 lítra. Þarf að vera í góðu ástandi. Vinsamlegast sendið mynd og verðhugmyndir á david@royaliceland.is

Óska eftir Mercedes Vario 4x4 sendiferðabíl eða smárútu. Uppl. í síma 785-7822.

## Atvinna

Hópferðafyrirtæki staðsett í Reykjavík óskar eftir rútubílstjórum í sumarstörf. Fjölbreytt verkefni í boði. Möguleiki á fastráðningu fyrir réttan aðila. Upplýsingar gefur Arnar í síma 865-1985 eða á hugheimur@gmail.com

Starfsmaður óskast. Sumarstarf / framtíðarstarf í Suðursveit. Fjölbreytt verkefni í Suðursveit fyrir fjölhæfan einstakling og/eða pör! Gistiheimilin Reynivellir og Gerði ásamt Blue Iceland – Ice Caving and Hiking auglýsa eftir fjölhæfum og laghentum einstaklingi til fjölbreytta verkefna í sumar með möguleika á framtíðarstarfi. Húsnæði er í boði á svæðinu. Upplýsingar veitir Björn Borgþór Þorbergsson í síma 846-0641. Umsóknir sendist á netfangið bjornthor@gerdi.is

## Einkamál

Ég er 53 ára maður sem vill kynnast góðri vinkonu sem býr á Siglufirði til að vera með um verslunarmannahelgina, með fast samband í huga. Uppl. í s. 768-4151 og gullii@internet.is

## Jarðir

Bújörð óskast til kaups á Suður- eða Vesturlandi fyrir fjölskyldu sem hyggst flytja þangað. Einhveryar nothæfar byggingar þurfa að vera til staðar og helst nytjuð tún. Skoðum flest en höfum síður áhuga á framleiðslurétti eða bústofni þar sem þeim rekstri yrði ekki haldið áfram. Vinsaml. sendið svar á netfang: landsbyggd@gmail.com

www.bbl.is


SKJÓLNET
hafa sannað gildi sitt!
Selskógar ehf
Stapaseli, 311 Borgarbyggð
Sími 893 8090, danielth@nett.is


Kato HD1430
Árgerð: 2007
Notkun: 3.320 vst.
Hraðtengi, smurkerfi og skófla

Case WX145
Árgerð: 2007 - Notkun: 3.839 vst.
Rótatilt, smurkerfi og skófla

Bobcat E26
Árgerð: 2016 - Notkun: 260 vst.
2 skóflur og tiltskófla

Volvo FL
Árgerð: 2008 - Notkun: 227.000 km
Kæli kassi, búið að gelda
AdBlue búnað. 1m breið hliðarhurð

Iveco AD260T
Árgerð: 2009 - Notkun: 80.000 km
Krani: PK Palfinger 20002. Drif á öllu, krókheysi og drif læsingar

Volvo FM7
Árgerð: 2001 - Notkun: 515.000 km
Krani: Hiab 220C-5 og hliðarsturtur
Vinnuvélar
Tækjamiðlun Innflutningur Sala
Kistumel 2 • 116 Reykjavík
Sími 480 0444
vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is

can-am | BRP

# TÆKI SEM ÞÚ GETUR TREYST Á



**OUTLANDER**
650 FB 6X6

VERÐ ÁN VSK
**2.250.000**.KR

VERÐ MEÐ VSK
**2.790.000**.KR



**OUTLANDER**
450L 6X6

VERÐ ÁN VSK
**1.605.000**.KR

VERÐ MEÐ VSK
**1.990.000**.KR



**MAVERICK SPORT**
1000R

VERÐ ÁN VSK
**2.895.000**.KR

VERÐ MEÐ VSK
**3.590.000**.KR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ELLINGSEN.IS



**TRAXTER**
HD5 4X4

VERÐ ÁN VSK
**1.930.000**.KR

VERÐ MEÐ VSK
**2.390.000**.KR

# ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

BRP@ELLINGSEN.IS